



HÁSKÓLI ÍSLANDS



## **Viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og tillögur að úrbótum**

Hildur Fjóla Antonsdóttir

EDDA - öndvegissetur  
Unnið í samvinnu við innanríkisráðuneytið

Desember 2014





EDDA – öndvegissetur: Viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan  
réttarvörslukerfisins og tillögur að úrbótum  
Desember 2014

Útgefandi: EDDA – öndvegissetur  
Háskóli Íslands  
Gimli, Sæmundargata 10  
101 Reykjavík  
Sími: 525 – 5993  
Netfang: [eddacenter@hi.is](mailto:eddacenter@hi.is)  
Veffang: [edda.hi.is](http://edda.hi.is)

ISBN 978-9935-9238-0-6



## Útdráttur

Hér verður skýrt frá niðurstöðum rannsóknar um viðhorf og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins, sem unnin var við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið. Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og hvort, og þá hvernig, breytinga sé þörf.

Tekin voru viðtöl við 26 fagaðila: Sex sérfræðinga á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem eiga það sameiginlegt að gefa álit fyrir dómi; sex rannsóknarlögreglumenn; fimm réttargæslumenn og verjendur; fjóra ákærendur og fimm dómara. Viðmælendur voru spurðir um eftirfarandi þætti: reynslu af því að starfa við brotaflokkinn; einkenni nauðgunarmála í samanburði við aðra brotaflokk; gæði og framkvæmd rannsókna, saksóknar, varnar og réttargæslu; sönnunarstöðu; dómaframkvæmd og dómaþróun; löggjöf; þjálfun og sérþekkingu ólíkra faghópa; opinbera umræðu; hvort og hvernig standa megi betur að meðferð málanna. Þar sem þessi rannsókn er jafnframt seinni hluti rannsóknar um einkenni og meðferð nauðgunarmála var tekið mið af niðurstöðum fyrri rannsóknarinnar við gerð spurninganna (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Úrbótatillögur eru eftirfarandi: 1) að auka líkur á að nauðgunarbrot séu kærð með því að tryggja aðkomu réttargæslumanna eins fljótt og hægt er, viðhafa ábyrgar áfengis- og vímuefnaforvarnir og efla traust brotaþola og almennings á réttarvörslukerfinu; 2) að efla menntun og þjálfun lögreglumanna sem rannsaka nauðgunar- og kynferðisbrotamál, tryggja að rannsókn á nýafstöðnum brotum hefjist þegar í stað þótt kæruskýrsla liggi ekki fyrir, standa betur að kynningu og áframhaldandi þróun verkferla innan lögreglunnar og efla stefnumótun og stjórnun innan lögreglunnar eftir þörfum brotaflokksins; 3) að tryggja embætti ríkissaksóknara nægilegt fjármagn til að sinna eftirlitsskyldu sinni og fræðsluhlutverki, efla símenntunartækifæri fyrir ákærendur og stytta málsmeðferðartíma í réttarvörslukerfinu með auknu fjármagni til lögreglu, ríkissaksóknara og dómstóla; 4) að kanna nánar hvað veldur því að „venjulegir menn“ eru meirihluti sakborninga í málum sem tilkynnt eru til lögreglu en hlutfallslega fáir í hópi ákærðra; 5) að auka gæði og samræmi í þjónustu réttargæslumanna við brotaþola og tryggja að bótaréttur brotaþola sé að fullu sóttur; 6) að tryggja að sálfræðivottorð um afleiðingar brots á brotaþola séu vönduð og að brotaþolar á landsbyggðinni hafi aðgang að sálfræðingum með þekkingu á áföllum á borð við nauðgunar- og kynferðisbrot; 7) að auka símenntunartækifæri dómara, tryggja að reynsluheimur kynjanna endurspeglar í fjölskipuðum dómum og kanna möguleika á að tryggja ákveðna sérhæfingu innan dómstóla; 8) að kanna betur hvort breytt löggjöf gæti létt róðurinn við sönnunarfærslu í málunum; 9) að kynna einkamálaleiðina í auknum mæli fyrir brotaþolum og rýmka gjafsóknarreglur fyrir brotaþola sem vilja sækja rétt sinn innan skaðabótaréttar; 10) að bæta opinbera umræðu um málaflokkinn með aukinni þátttöku aðila með þekkingu á réttarvörslukerfinu og brotaflokknum.



Rannsóknin er unnin í kjölfar samráðsfunda um meðferð nauðgunarmála sem fóru fram í innanríkisráðuneytinu (áður dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu) á árunum 2010 og 2011 með þátttöku fræðimanna og fulltrúa stofnana og félagasamtaka sem koma að meðferð kynferðisbrota. Þar kom fram skýr vilji, innan sem utan réttarvörslukerfisins, til að rannsaka frekar einkenni og meðferð nauðgunarmála í réttarvörslukerfinu.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og hvort, og þá hvernig, breytinga sé þörf. Rannsóknin er unnin af Hildi Fjólu Antonsdóttur og er síðari hluti rannsóknarverkefnis. Fyrri hluti þess „Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotþola og málsmeðferð“ var unnin af Hildi Fjólu Antonsdóttur og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, og var skýrsla með niðurstöðum þess hluta rannsóknarinnar birt í október 2013.

Eftirtaldir aðilar aðstoðuðu rannsakanda með uppritun viðtala: Heiða Sigrún Pálsdóttir, Hildur Þóra Sigurðardóttir, Íris Ellenberger, Kristín Svava Tómasdóttir, Marianna Þórðardóttir og Rakel Adolphsdóttir.

Rannsakandi naut aðstoðar eftirtalinna ráðgjafa við undirbúning rannsóknarinnar og eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð og góð ráð: Annadís G. Rúdólfsdóttir doktor í félagssálfræði og rannsakandi hjá EDDU – öndvegissetri við Háskóla Íslands, Brynhildur Flóvenz dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Halla Gunnarsdóttir aðstoðarmaður innanríkisráðherra (2010–2013), dr. Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotufræðingur, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Róbert Spanó prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Rannsakandi kann viðmælendum bestu þakkir fyrir þátttökuna og framlag þeirra til rannsóknarinnar.

Rannsóknin var styrkt af Mannréttindasjóði innanríkisráðuneytisins og Jafnréttissjóði forsætisráðuneytisins.





## Efnisyfirlit

1. INNGANGUR .....	1
1.1. Einkenni og meðferð nauðgunarmála .....	2
1.2. Aðkoma ólíkra faghópa að meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins.....	7
1.3. Aðferð .....	9
2. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA .....	11
2.1. Einkenni nauðgunarbrota í samanburði við aðra brotaflokk .....	11
2.1.1. Breytingar á einkennum nauðgunarmála .....	13
2.2. Rannsóknir nauðgunar- og kynferðisbrotamála .....	15
2.2.1. Kynferðisbrotadeild og rannsóknardeildir .....	23
2.2.2. Menntun og þjálfun rannsóknarlögreglumanna .....	27
2.3. Réttargæsla í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum .....	30
2.3.1. Forvarnaorðræða um áfengisneyslu og nauðganir .....	37
2.4. Embætti ríkissaksóknara: Saksókn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum .....	40
2.5. Vörn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum .....	47
2.5.1. Réttarstaða ólíkra hópa sakborninga .....	50
2.6. Dómstólar: Sönnunarmat í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum .....	53
2.6.1. Persóna og mannleg reynsla dómara .....	60
2.6.2. Símenntun og fræðsla fyrir dómara.....	63
2.7. Viðhorf til löggjafarinnar .....	66
2.8. Einkamálaleiðin.....	73
2.9. Opinber umræða .....	78
3. SAMANTEKT OG ÁLYKTANIR.....	81
3.1. Ágallar og úrbætur.....	82
3.2. Lokaorð .....	89
HEIMILDASKRÁ .....	91

## Viðaukar

- A. Kynningarbréf og yfirlýsing um upplýst samþykki
- B. Viðtalsvísar



# 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rannsóknar um viðhorf fagaðila sem starfa við meðferð nauðgunarmála til málaflokksins, og um það hvort, og þá hvernig, megi að þeirra mati bæta málsmeðferð. Rannsóknin var unnin við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið í kjölfar samráðsfunda um meðferð nauðgunarmála í innanríkisráðuneytinu (áður dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu) á árunum 2010 og 2011. Fjölmarginir aðilar tóku þátt í samráðsfundum ráðuneytisins, þar með taldir fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem koma að meðferð nauðgunarmála ásamt aðilum úr fræðasamfélaginu. Á samráðsfundunum kom fram skýr vilji, innan sem utan réttarvörslukerfisins, til að rannsaka frekar meðferð nauðgunarmála í réttarvörsluferfinu og greina hvort og hvernig megi standa betur að meðferð þeirra.

Fyrri hluti þeirrar rannsóknar var framkvæmdur árið 2012 og niðurstöður þess hluta er að finna í skýrslu Hildar Fjólú Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013) sem ber heitið *Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotþola og málsmeðferð*. Í þeirri rannsókn voru öll nauðgunarmál sem bárust lögreglunni á landsvísu á árunum 2008 og 2009 innihaldsgreind með það fyrir augum að kanna: 1) hvað einkennir þau nauðgunarmál sem berast lögreglu til rannsóknar og 2) hvað einkennir annars vegar þau nauðgunarmál sem lögregla vísar til ríkissaksóknara eða hættir að rannsaka, og hins vegar þau mál sem leiða til ákæru eða eru felld niður hjá ríkissaksóknara. Í þeirri athugun kom meðal annars fram að lögregla hættir rannsókn í mjög stórum hluta nauðgunarmála og að ákæru- og sakfellingarhlutfall í brotaflokknum er afar lágt, en nánar verður fjallað um þær niðurstöður hér á eftir.

Í síðari hluta rannsóknarinnar, sem hér er til umfjöllunar, er byggt á niðurstöðum fyrri hlutans í því skyni að að kanna viðhorf og reynslu fagaðila sem koma að meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins til brotaflokksins, og hvort, og þá hvernig, megi bæta málsmeðferð. Sérstaða þessarar rannsóknar felst í því að hún byggist á viðtölum við aðila úr helstu stofnunum og faghópum sem koma að meðferð málanna innan réttarvörslukerfisins. Um er að ræða kortlagningu á viðhorfum til meðferðar nauðgunarmála í gegnum ólíkar stofnanir réttarvörslukerfisins. Eftir því sem við á er umfjöllun um viðhorf viðmælenda sett í samhengi við niðurstöður fyrri hluta rannsóknarinnar (sem verður hér eftir vísað til sem fyrri hluta rannsóknarinnar, til aðgreiningar frá rannsókninni sem er nú til umfjöllunar).

Rannsóknin tekur til brota á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar sem við á er vísað til kynferðisbrotamála almennt eða til annarra greina almennra hegningarlaga. Vakin er athygli á því að þótt rannsóknin byggist á viðhorfum fagaðila sem starfa við meðferð málanna á ólíkum stigum réttarvörslukerfisins, verður ekki talað um *meint nauðgunarbrot* eða *meinta brotþola* þar sem slíkt orðfæri hefði gert textann afar óþjálán. Er því einungis notast við orðalagið *nauðgunarbrot* og *brotþoli*. Einnig er vakin athygli á að þar sem stúlkur eða konur eru brotþolar í miklum meirihluta mála og drengir eða karlar

eru sakborningar í yfirgnæfandi meirihluta mála, er stundum vísað til brotþola í kvenkyni og sakborninga í karlkyni.<sup>1</sup>

Hér á eftir verður byrjað á að gera grein fyrir helstu niðurstöðum úr fyrri hluta rannsóknarinnar. Ekki verður fjallað um aðrar rannsóknir og úttektir sem tengjast rannsóknarefninu en vísað er til umfjöllunar um efnið í skýrslu um niðurstöður fyrri hluta rannsóknarinnar.<sup>2</sup> Því næst verður fjallað um aðkomu ólíkra stofnana og faghópa sem koma að meðferð nauðgunarmála, og eftir atvikum kynferðisbrotamála, innan réttarvörslukerfisins. Þá verður gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem liggur til grundvallar rannsókninni og hvernig viðmælendur voru valdir til þátttöku. Meginhluti skýrslunnar tekur til niðurstaðna viðtalanna og er þar fyrst fjallað um viðhorf viðmælenda til rannsókna nauðgunarbrotá hjá lögreglu. Þar á eftir verður gerð grein fyrir viðhorfum til réttargæslu og þjónustu réttargæslumanna. Fjallað verður um viðhorf viðmælenda til meðferðar og saksóknar málanna hjá embætti ríkissaksóknara og því næst til starfa verjenda. Gerð verður grein fyrir viðhorfi viðmælenda til sönnunarmats í brotaflokknum og starfa dómara. Því næst verður fjallað um viðhorf viðmælenda til löggjafarinnar. Svo verður gerð stuttlega grein fyrir viðhorfum til fjölmiðlaumfjöllunar og opinberrar umræðu um málaflokkinn. Að lokum eru niðurstöður reifaðar og gerð grein fyrir helstu ágöllum og úrbótartillögum.

## 1.1. Einkenni og meðferð nauðgunarmála

Niðurstöður fyrri hluta verkefnisins, rannsóknar Hildar Fjólu Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013), lutu annars vegar að helstu einkennum nauðgunarmálanna, þ.e. annars vegar einkennum afbrotanna, brotþola, sakborninga og málsmeðferðar; og hins vegar að því hvaða þættir einkenna mál sem lögregla hættir rannsókn á eða vísar áfram til ríkissaksóknara og hvaða þættir einkenna mál sem felld eru niður hjá ríkissaksóknara og mál þar sem ríkissaksóknari gefur út ákæru. Rannsóknin tók til allra nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögregluyfirvalda á árunum 2008 og 2009.

Helstu niðurstöður um einkenni nauðgunarmálanna voru þær að brotþolar voru iðulega ungar konur og í um 40% mála voru það ungar stúlkur undir 18 ára aldri, sem eru börn að lögum. Rúmlega helmingur sakborninga voru ungir karlar á aldrinum 18–29 ára. Brotþolar og sakborningar voru í langflestum tilfellum íslensk en þó var hlutfall erlendra sakborninga nokkuð hátt. Aðilar þekktust lítið eða

---

<sup>1</sup> Af þeim 189 málum sem tilkynnt voru til lögreglu á landsvísu á árunum 2008 og 2009, og felld voru undir 194. gr. almennra hegningarlaga (nauðgunarákvæðið), voru allir nema þrír brotþolar konur eða stúlkur, og sakborningar voru karlar eða drengir í öllum tilvikum nema einu (Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

<sup>2</sup> Sjá kaflann „Fyrri rannsóknir og úttektir“, bls. 2 í skýrslunni *Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotþola og málsmeðferð* (Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).


ekkert í tæplega helmingi málanna en í um helmingi málanna var um kunningja-, vina- eða fjölskyldutengsl að ræða.

Í langflestum málanna var einhver aðdragandi að brotinu, til að mynda þannig að brotaþoli og sakborningur hófu samskipti inni á heimili eða á skemmtistað. Brotavettvangur var oftast heimili annars hvors aðilans, og þá oftast heimili sakbornings. Brotastund var oftast eftir miðnætti og um helgar og brotin áttu sér oftast stað á milli kl. 00.00 og 09.00. Mikill meirihluti málanna var jafnframt áfengistengdur.

Í tæplega 40% málanna beittu sakborningar líkamlegu afli með einhverjum hætti til að ná fram vilja sínum. Í um fjórðungi málanna misnotuðu sakborningar sér rænuleysi brotaþola og því var ekki um eiginlega líkamlega valdbeitingu að ræða. Í um fimmtungi málanna einkenndist valdbeitingin þó helst af aðstöðumun aðila. Viðbrögð eða mótspyrna brotaþola einkenndist oft af því að þær mótmæltu sakborningum. Þegar þeir virtu mótmæli þeirra að vettugi, einkenndust viðbrögð brotaþola af hræðslu og/eða áfalli og þær veittu í kjölfarið enga líkamlega mótspyrnu. Í nokkrum hluta mála streittust brotaþolar á móti og í nokkrum málum veittu brotaþolar virka líkamlega mótspyrnu. Í hluta mála gátu brotaþolar engum vörnum komið við sökum ölvunar eða rænuleysis. Brotaþolar gengust undir læknisskoðun í kjölfar brotsins í um helmingi mála. Algengustu líkamlegu áverkar á brotaþolum voru yfirborðsáverkar en alvarlegir líkamlegir áverkar, eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot, voru hinsvegar afar sjaldgæfir.

Tæplega helmingur brotaþola leitaði til lögreglunnar innan sólarhrings, eða í 45% mála, 10% til viðbótar leituðu til lögreglu innan þriggja daga en önnur mál bárust síðar. Afstaða sakborninga til sakarefnis var langoftast sú að neita sök, ýmist þannig að sakborningar neituðu alfarið sök eða að þeir könnuðust við að hafa haft samfarir eða önnur kynferðismök við brotaþola en kváðu það hafa verið með samþykki hennar. Aðeins fjórir sakborningar játuðu sök. Heildarsakfellingarhlutfall var 19,3% af þeim 119 málum þar sem rannsókn lögreglu var ekki hætt af formlegum ástæðum. Hér má sjá hvernig málunum reiddi af innan réttarvörslukerfisins:

## Mynd 1: Meðferð mála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009



(Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013: 49)

Helstu niðurstöður um einkenni nauðgunarmála sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara eða hætti að rannsaka voru eftirfarandi: Í þeim málum þar sem efnislegar ástæður lágu að baki ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn, lutu rökin oftast að því að engin vitni hafi verið að kærðu broti; ásetningur sakbornings þótti ósannaður; sakborningur bar við að brotapolí hefði samþykkt að hafa við hann samræði; sönnunargögn þóttu ekki nægileg; orð væri á móti orði; og að framburður vitna styddi ekki frásögn brotþola.

Til að kanna hvaða aðrir þættir hefðu áhrif á afgreiðslu lögreglu voru framkvæmd marktæktapróf. Marktækur munur var á afgreiðslu lögreglu á eftirfarandi þáttum:

- Málum sem bárust lögregluembættunum á landsbyggðinni var oftast vísað til ríkissaksóknara en málum sem bárust lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu ( $p < 0,05$ ). Svo virðist sem annars konar verklag einkenni störf ákæranda við lögregluembætti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.
- Málum þar sem brotið hafði átt sér stað á milli kl. 18.00 og 03.00 var oftast vísað til ríkissaksóknara en málum en þar sem brotið átti sér stað á milli kl. 03.00 og 18.00 ( $p < 0,05$ ). Skýringin gæti verið sú

að því lengra sem líður á nóttina er fólk ölvaðra, frásögn þess því óskýrari og minnið gloppóttara og því erfiðara fyrir lögreglu að henda reiður á málsatvikum.

- Málum þar sem sakborningar voru handteknir var marktækt oftast vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem sakborningar voru ekki handteknir ( $p < 0,01$ ). Samkvæmt 90. gr. sakamálalaga er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra eða til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Almennt er litið svo á að brot sem tilkynnt eru til lögreglu mjög skömmu eftir að þau eru framin séu auðveldari til rannsóknar, t.d. aukast þá möguleikar á því að unnt sé að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun, rannsaka brotavettvang og afla annarra nauðsynlegra sönnunargagna, svo sem lífsýna. Þá eru líkur til þess að framburðir aðila séu greinargóðir og atvik aðilum og vitnum enn í fersku minni. Því kann að vera að mismunandi afgreiðsla mála eftir því hvort sakborningar voru handteknir eða ekki stafi af því að í málum þar sem sakborningar voru handteknir var algengara að brotin hefðu verið tilkynnt skömmu eftir að þau voru framin.
- Að meðaltali ræddi lögregla við fimm vitni í málum sem var vísað til ríkissaksóknara en tvö í málum þar sem lögregla hætti rannsókn ( $p < 0,001$ ). Eðlilegt er að vitni séu fleiri í þeim málum sem vísað er til ríkissaksóknara en það kann einnig að vera til marks um að rannsókn lögreglu hafi verið ítarleg og að öll vitni hafi verið yfirheyrð.
- Lögregla vísaði málum oftast til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni en hætti oftast rannsókn í málum þar sem sakborningar voru íslenskir ( $p < 0,01$ ). Á móti kemur að ríkissaksóknari felldi oftast niður mál þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni. Þegar hópar sakborninga af erlendu þjóðerni annarsvegar og íslenskir hinsvegar voru greindir nánar, kom í ljós nokkur munur á þessum hópum hvað varðar verknaðaraðferðir, hvaða mótspyrnu brotapolar veittu þeim, fjölda sakborninga í málum og einnig aðdraganda að broti.
- Málum þar sem brotapolí kvaðst hafa streist á móti sakborningi eða veitt sakborningi virka líkamlega mótspyrnu var oftast vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brotapolar veittu ekkert líkamlegt viðnám ( $p < 0,05$ ).
- Munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur hafði veitt brotapóla sýnilega áverka samkvæmt læknisvottorði eða ekki, og þá hve mikla ( $p < 0,05$ , reiknað með Yates-leiðréttingu þar sem væntigildi eru undir 5 í einum flokki). Málum þar sem áverkar á brotapolu voru töluverðir eða meiriháttar var nánast alltaf vísað til ríkissaksóknara, eða 93% þeirra; málum þar sem áverkar á brotapolu voru minniháttar var ekki eins oft vísað til ríkissaksóknara, eða einungis 68% þeirra, og var meðalaldur brotapolu lægri (23 ár) í málunum sem var vísað áfram en í málum þar sem rannsókn var hætt (28 ár); málum þar sem engir sjáanlegir áverkar voru á brotapolu var mun oftast vísað til ríkissaksóknara, eða 81% þeirra, og var meðalaldur brotapolu lægri (17 ár) í málunum sem vísað var

áfram en í málum þar sem rannsókn var hætt (28 ár). Í málum þar sem brotþolar voru yngri virðist sönnunarstaðan því ekki endilega hafa verið talin lakari þó að brotþoli hafi ekki hlotið sjáanlega áverka.

- Meðalaldursmunur brotþola og sakbornings var átta ár í málum sem vísað var til ríkissaksóknara en þrjú ár í málum þar sem lögregla hætti rannsókn ( $p < 0,05$ ). Hér kunna hugmyndir um aðstöðumun að liggja til grundvallar, þ.e. að í málum þar sem aldursmunur er meiri, sé aðstöðumunur talinn vera fyrir hendi.

Kannað var hvað einkenndi þau mál sem leiddu til ákæru eða voru felld niður hjá ríkissaksóknara. Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu mála var margþættur en eftirfarandi röksemdir voru oftast nefndar: Oftast var vísað til þess í rökstuðningi að sakborningur hefði neitað sök og borið við samþykki brotþola; að engin vitni væru að brotinu sem gætu borið um atvik máls; eða að ekki væru fyrir hendi næg sönnunargögn sem gætu stutt framburð brotþola. Til að kanna hvaða aðrir þættir hefðu áhrif á afgreiðslu ríkissaksóknara voru framkvæmd marktæktapróf. Marktækur munur var á afgreiðslu ríkissaksóknara á eftirfarandi þáttum:

- Oftar var ákært í málum sem tilkynnt voru lögreglu samdægurs en málum sem höfðu verið tilkynnt síðar ( $p < 0,05$ ). Þessi niðurstaða helst ef til vill í hendur við það almenna sjónarmið að möguleikar lögreglu á því að afla nauðsynlegra sönnunargagna séu mestir skömmu eftir að brot er framið. Það virðist því hafa töluverð áhrif á styrkleikamat mála hversu fljótt þau eru tilkynnt lögreglu.
- Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur hafði verið handtekinn en í málum þar sem sakborningur var ekki handtekinn ( $p < 0,05$ ). Sama máli gengdi um afgreiðslu mála hjá lögreglu, en málum þar sem sakborningar höfðu verið handteknir var oftast vísað til ríkissaksóknara (sjá umfjöllun hér á undan).
- Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotþoli hafði gengist undir réttarlæknisfræðilega skoðun ( $p < 0,05$ ). Vottorðum á grundvelli réttarlæknisfræðilegrar skoðunnar er gefið töluvert vægi hjá ríkissaksóknara en afar fá mál leiddu til ákæru án þess að slíkt vottorð lægi fyrir. Ekki reyndist þó marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hve mikla áverka brotþoli hafði hlotið samkvæmt læknisvottorði.
- Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotþoli hafði leitað til sálfræðings í kjölfar brotsins ( $p < 0,001$ ). Vottorðum sálfræðinga virðist einnig vera gefið töluvert vægi en afar fá mál leiddu til ákæru í málum þar sem brotþolar leituðu ekki til sálfræðinga.
- Tíminn sem leið frá því að mál barst lögreglu þar til sakborningur var yfirheyrður var að meðaltali átta dagar í málum þar sem ákæra var gefin út en 34 dagar í málum sem felld voru niður ( $p < 0,01$ ). Svo virðist sem skýrslutaka af sakborningi skömmu eftir tilkynningu brots skipti máli fyrir framgang



máls en hér gætu þó fleiri þættir haft áhrif, til dæmis hversu langur tími leið frá því að brot var framið þar til það var tilkynnt til lögreglu.

- Meðalaldur sakborninga í málum sem felld voru niður var 25,9 ár en 32,9 ár í málum sem leiddu til ákæru ( $p < 0,005$ ).
- Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur átti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða ( $p < 0,001$ , notað var Fisher Exact Test þar sem væntitíðni var undir 5).
- Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur átti við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða ( $p < 0,001$ ).
- Mál þar sem brotþoli var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar brotið var framið voru oftast felld niður en mál þar sem brotþoli var ekki undir neinum áhrifum ( $p < 0,005$ ). Afar fátítt var að fyrir lægju mælingar á áfengisáhrifum brotþola í gögnum málsins og upplýsingar um það hvort brotþoli var undir áfengisáhrifum eða ekki þegar brotið var framið byggja því á frásögnum og mati brotþola sjálfra í lögregluskýrslum.

Seinni hluti rannsóknarinnar, sem er til umfjöllunar í þessari skýrslu, snýr að viðhorfum þeirra sem starfa við meðferð málanna innan réttarvörslukerfisins eða í tengslum við það, og hvernig bæta megi málsmeðferð að þeirra mati. Nokkrir þeirra þátta sem greindir voru í fyrri hluta rannsóknarinnar, og hafa verið kynntir í þessum kafla, voru einnig til umræðu í viðtölunum og að hluta veita þau því frekari skýringar á þeim marktæka mun sem greina má á meðferð málanna.

## **1.2. Aðkoma ólíkra faghópa að meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins**

Ástæða er til að fjalla stuttlega um framgang nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins til að varpa ljósi á hlutverk þeirra starfsstétta og stofnana sem koma að meðferð málanna. Þolendur kynferðisbrota leita í sumum tilvikum fyrst til heilbrigðisstofnana eins og Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis við Landspítalann í Fossvogi eða við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, eða þá til lækna eða annarra heilbrigðisyfirvalda á landsbyggðinni. Heilbrigðisstarfsmenn framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun og þá fer einnig fram taka og varðveisla sakargagna. Þolendum er svo iðulega boðið upp á sálfræðiaðstoð eða aðstoð félagsráðgjafa. Í tilvikum þar sem þolendur eru börn, eiga forráðamenn að leita til barnaverndaryfirvalda og Barnahúss þar sem framkvæmd er réttarlæknisfræðileg skoðun ef þörf krefur og boðið upp á sálfræðiaðstoð.

Þegar nauðgunarmál er kært til lögreglu á rannsókn að hefjast þegar í stað. Í sumum tilvikum, þegar brotið er nýafstaðið, hefst rannsóknin á grundvelli frumskýrslu (kærulýsingar). Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu annast rannsókn mála sem henni berst. Á landsbyggðinni er rannsókn

nauðgunar- og kynferðisbrotamála á sviði sérstakra rannsóknardeilda sem sjá um rannsóknir allra stærri og flóknari mála, en slíkar deildir eru starfræktar við lögregluembættin á Suðurnesjum, Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Selfossi. Framburður brotþola er iðulega mikilvægt sönnunargagn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum og er tekin skýrsla af brotþola á fyrstu stigum rannsóknar. Ef brotþoli hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst, fer skýrslutaka fram fyrir dómi og getur dómari ákveðið að það skuli gert í sérútbúnu húsnæði á öðrum stað ef það þykir æskilegra með tilliti til hagsmuna barnsins. Skýrslutökur af börnum fara oftast fram í Barnahúsi. Samkvæmt lögum um sakamál er lögreglu skylt að tilnefna sakborningi verjanda ef hann óskar eftir því og er hlutverk verjanda að draga fram allt í málinu sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna. Lögreglu er einnig skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann ef þess er óskað, en hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur.<sup>3</sup> Þegar rannsókn máls er lokið vísar lögregla málinu til embættis ríkissaksóknara til meðferðar. Hlutverk ríkissaksóknara er að meta hvort það sem fram er komið við rannsókn málsins sé nægilegt eða líklegt til sakfellis og ef sú er raunin er gefin út ákæra á hendur sakborningi og þá er málið þingfest.

Alls eru átta héraðsdómstólar á Íslandi. Héraðsdómur Reykjavíkur er langstærsti dómstóllinn en árið 2011 störfuðu þar 24 dómáramur en aðrir dómstólar eru minni og hjá fjórum þeirra er einungis einn dómari (Gunnar Helgi Kristinsson, 2011). Dómar í nauðgunarmálum eru iðulega fjölskipaðir og í héraðsdómi hafa iðulega þrjú dómáramur málið til meðferðar. Hlutverk dómara er meðal annars að meta hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um þau atriði sem varða sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar með talið hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Sérfræðingar sem oft bera vitni fyrir dómi í nauðgunarmálum eru til að mynda læknar, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Þessir aðilar eru þá einnig beðnir um skýrslur, vottorð og staðfestingar á atriðum er varða málið. Ef dómi er áfrýjað til Hæstaréttar er dómur héraðsdóms endurskoðaður en í Hæstarétti fer ekki fram milliliðalaus sönnunarfærsla, sem þýðir að ekki eru teknar munnlegar skýrslur heldur mat lagt á gildi þeirra gagna sem þegar hefur verið safnað og lagalega niðurstöðu héraðsdóms í málinu. Hæstaréttardómarar eru alls níu talsins og eru dómáramur Hæstaréttar í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum iðulega fjölskipaðir fimm dómurum.

Það er því nokkur fjöldi ólíkra sérfræðinga, stofnana og embætta sem kemur að meðferð nauðgunar- og kynferðisbrotamála innan réttarvörslukerfisins og komu þátttakendur rannsóknarinnar úr þessum helstu faghópum og stofnunum.

---

<sup>3</sup> Sé um að ræða brotþola undir 18 ára aldri ber að tilnefna réttargæslumann óháð ósk brotþola samkvæmt 1. mgr. 41. gr. sakamálalaga.

### 1.3. Aðferð

Rannsóknin er eigindleg viðtalsrannsókn (Kvale og Brinkmann, 2009; Taylor og Bogdan, 1997) sem miðar að því að kanna viðhorf þátttakenda til meðferðar nauðgunarmála, og eftir atvikum annarra kynferðisbrotamála, innan réttarvörslukerfisins og hvort bæta megi málsmeðferð og þá hvernig.

Tekin voru viðtöl við 26 fagaðila: Sex sérfræðinga á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem eiga það sameiginlegt að gefa álit fyrir dómi (sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, barnaverndarstarfsmenn); sex rannsóknarlögreglumenn; fimm réttargæslumenn og verjendur; fjóra ákærendur (saksóknara og aðstoðarsaksóknara) og fimm dómara (héraðs- og hæstaréttardómara). Þátttakendur voru ýmist valdir í samstarfi við yfirmenn þeirra stofnana eða deilda sem þeir starfa við og þeim boðin þátttaka, eða stofnunum send bréf þar sem fagfólki var boðið að hafa samband við rannsakanda hefði það áhuga á að taka þátt í rannsókninni. Einnig hafði rannsakandi samband við einstaklinga sem aðrir viðmælendur bentu á að gagnlegt væri að ræða við. Leitast var við að velja þátttakendur af báðum kynjum og bæði af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Kvenkyns viðmælendur urðu þó mun fleiri en karlkyns viðmælendur, eða alls 17 konur og 9 karlar, sem skýrist helst af því að allir sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og félagsmála voru konur. Kynjahlutfallið var þó jafnara á meðal viðmælenda sem störfuðu innan réttarvörslukerfisins, eða 11 konur og 9 karlar. Viðmælendur af höfuðborgarsvæðinu voru einnig fleiri en af landsbyggðinni, en alls voru 18 viðmælendur af höfuðborgarsvæðinu en 8 af landsbyggðinni. Hér ber þó að hafa í huga að embætti ríkissaksóknara og Hæstiréttur starfa á landsvísu og einnig veita sumar stofnanir á sviði heilbrigðis- og félagsmála þjónustu á landsvísu. Átta þeirra átján viðmælenda sem komu af höfuðborgarsvæðinu störfuðu einnig á landsvísu eða við ákveðin landssvæði.

Hannaðar voru hálfstaðlaðar spurningar og voru viðmælendur spurðir um eftirfarandi þætti: reynslu af því að starfa við brotaflokkinn; einkenni nauðgunarmála í samanburði við aðra brotaflokk; gæði og framkvæmd rannsókna, saksókna, varnar og réttargæslu; sönnunarstöðu; dómaframkvæmd og dómaþróun; löggjöf; þjálfun og sérþekkingu ólíkra faghópa; opinbera umræðu og hvort og hvernig megi standa betur að meðferð málanna. Við gerð spurninganna hvar jafnframt tekið mið af niðurstöðum fyrri hluta rannsóknarinnar (sjá viðtalsvísa í viðauka).

Þátttakendum var kynnt markmið rannsóknarinnar, hvernig meðhöndlun gagna yrði háttað og þeim heitið nafnleynd. Þátttakendum var jafnframt gerð grein fyrir því að þeir gætu dregið sig úr rannsókninni hvenær sem er og án skýringa (sjá kynningarbréf til þátttakenda í viðauka, ásamt yfirlýsingu um upplýst samþykki). Viðtölin voru tekin í maí – september 2013 og tóku að meðaltali um 90 mínútur hvert. Viðtölin voru tekin upp á hljóðrita, upprituð og greind. Aðstoðarmenn við uppritun skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu um þær persónuupplýsingar sem finna má í gögnunum, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Við greiningu gagna var byggt á þeim þemum sem lögð voru upp í viðtalsvísunum sem lágu til grundvallar viðtölunum. Jafnframt var stuðst við niðurstöður fyrri hluta

rannsóknarinnar við greiningu gagnanna ásamt öðrum gögnum sem þóttu varpa ljósi á það sem fram kom í viðtölunum. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (nr. S6281).

## 2. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA

Í þessum meginhluta skýrslunnar er gerð grein fyrir niðurstöðum viðtalanna. Uppbygging meginmálsins fylgir að miklu leyti röð spurninganna í viðtölum við þátttakendur. Fyrst verður fjallað um að hvaða leyti nauðgunar- og eftir atvikum kynferðisbrot, eru ólík öðrum brotaflokkum og því næst hvort og hvaða breytingar þátttakendur töldu sig skynja á einkennum málanna á undanförunum árum. Þá verður fjallað um rannsóknir nauðgunarmála hjá lögreglu. Gerð verður grein fyrir viðhorfum þátttakenda til gæða rannsókna hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og rannsóknardeildum lögregluembættanna á landsbyggðinni og einnig hvaða sýn viðmælendur höfðu á menntun og þjálfun lögreglumanna. Sjónum verður síðan beint að réttargæslu í nauðgunarmálunum og hvernig tryggja megi betur réttindi brotaþola. Þá verður fjallað stuttlega um forvarnarorðræðu í tengslum við áfengisneyslu og nauðganir. Því næst verður gerð grein fyrir viðhorfum viðmælenda til saksóknar í nauðgunarmálum og sönnunarstöðu, og jafnframt um viðhorf þeirra til fræðslu fyrir ákærendur. Svo verður sjónum beint að hvernig vörn í málunum er háttáð og stöðu sakborninga. Fjallað verður um viðhorf viðmælenda til meðferðar málanna fyrir dómstólum, sönnunarmats dómara og símenntunar og fræðslu fyrir dómara. Því næst verður litið á viðhorf þátttakenda til löggjafarinnar og hvort ástæða sé til að kanna fleiri leiðir en sakamálaleiðina til að meðhöndla málin. Að lokum verður gerð stuttlega grein fyrir viðhorfum viðmælenda til opinberrar umræðu um brotaflokkinn.

### 2.1. Einkenni nauðgunarbrotá í samanburði við aðra brotaflokká

Í viðtölum voru viðmælendur spurðir hvað einkenndi nauðgunar- og kynferðisbrotamál í samanburði við aðra brotaflokká. Í viðtölum við réttargæslumenn kom fram að nauðgunar- og kynferðisbrot væru sérstök fyrir þær sakir hve tregir þolendur væru til að kæra slíkt ofbeldi:

Þegar við fáum þolendur eða fólk sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi, nauðgun, þá fer svolítið þúður í það að spjalla við fólk um það hvort það eigi að kæra eða ekki, og þetta einkennir þennan málaflokk, hann sker sig úr að fólk þarf að velja því mjög mikið fyrir sér hvort það ætlar að kæra og leita réttar síns. (Réttargæslumaður)

Sumir rannsóknarlögreglumenn töldu að enginn sérstakur munur væri á rannsóknum kynferðisbrota og annarra brota, þ.e. að rannsóknin sjálf innihéldi sömu þætti og rannsókn annarra brota, á meðan aðrir bentu á að kynferðisbrot hefðu sérstöðu að því leyti að sakborningar og brotaþolar væru af öllum þjóðfélagsstigum:

Kynferðisbrot eru svolítið svona ekki bundin kannski ákveðinni stétt eða stöðu, þannig að því leyttinu ólík [öðrum brotaflokkum], við erum ekki að eiga við fólk sem er innan gæsalappa glæpamenn svona að staðaldri, þannig er það ólíkt kannski þjófnuðum eða innbrotum, færð ekki venjulegan mann úr samfélaginu sem er að stunda slíkt brot sko, en

í kynferðisbrotunum geturðu átt við allar stéttir, held ég þversniðið í raun og veru af samfélaginu bæði þolendur og gerendur. (Rannsóknarlögreglumaður)

Verjendur bentu á að sakborningar í kynferðisbrotamálum væru sjaldnast með sakaferil og viðkomandi mál iðulega „eina málið sem menn lenda í um ævina“ (Verjandi). Verjandi sagði jafnframt að verjendur þyrftu að fara varlegar að brotapolum í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum en í öðrum málum: „Auðvitað oft á tímum viðkvæmt og persónulegt, og hérna, og þú þarft kannski að fara mýkri höndum um vitnið, brotapolann, heldur en annars.“ (Verjandi)

Í viðtölum við ákærendur kom fram að brotaflokkurinn væri sérstakur fyrir þær sakir að sönnunargögnum væri sjaldan til að dreifa. Framburðir brotþola og sakborninga hafa því mikið vægi og áhersla er lögð á að rýna mjög vel í þá framburði til að reyna að meta trúverðuleika þeirra:

Það sem náttúrulega er, einkennir þetta með framburðina hvað þeir skipta gríðarlega miklu máli, maður þarf svona svoltið að þæla sig svakalega í gegnum það svona hvernig fólk talar, hvernig fólk gerir. Þú ert í sjálfu sér að fara í gegnum ofboðslega mikið trúverðuleikamat á aðilanum. (Ákærandi)

Viðmælendur úr dómastéttinni töluðu um að helstu einkenni þessa brotaflokks væri erfið sönnunarstaða þar sem munnlegur framburður brotþola og sakborninga væru oft aðalsönnunargögnin ásamt óbeinum sönnunargögnum eins og skýrslum sálfræðinga.

Það sem einkennir þessi mál öðru fremur eru þessi sönnunargögn sem eru öðruvísi í þessum málum heldur en öðrum og svona leiðir einfaldlega bara eðli málsins af því að þessi brot eru einfaldlega þeirrar gerðar að þarna er um að ræða samskipti, yfirleitt tveggja einstaklinga, stundum fleiri, og þar er verið að reyna að varpa ljósi á það hvernig samskiptum þeirra hefur verið háttað og þá hafa menn sjaldnast annað heldur en raun og veru bara framburðina og einhverskonar líkamlega hegðun, líkamlega og andlega hegðun, síðan í kjölfarið. (Dómari)

Viðmælendur úr dómastéttinni töldu einnig að kynferðisbrotamál væru „mjög persónubundin mál og miklar tilfinningar í þessu“, að þessi mál væru „grafalvarleg“ og sérstaklega „viðkvæm“ og sumir tóku það fram að ítrekuð brot gegn börnum væru sérstaklega alvarleg.

### *Samantekt*

Að mati viðmælenda hafa kynferðisbrot þá sérstöðu að þau gangi afar nærri persónu fólks og að brotþolar upplifi sérlega mikla vanlíðan og angist, að þolendur nauðgunar- og kynferðisbrota séu mun tregari að kæra en þolendur annarra brota, að sakborningar og brotþolar komi úr öllum stéttum samfélagsins, ólíkt mörgum öðrum brotaflokkum, og að lítið sé um bein sönnunargögn og því skipti mat á trúverðuleika framburða og óbeinna sönnunargagna sérstaklega miklu máli. Það er því ljóst að nauðgunar- og kynferðisbrot hafa töluverða sérstöðu í samanburði við aðra brotaflokk sem gefur til kynna að æskilegt sé

að þeir aðilar sem meðhöndla málin hafi góða þekkingu á brotaflokknum, eða eins og einn viðmælandi sagði: „þetta þarfnast annarrar nálgunar“ (Ákærandi).

### 2.1.1. Breytingar á einkennum nauðgunarmála

Viðmælendur voru spurðir hvort að þeir merktu einhverja breytingu á einkennum nauðgunarmála á síðustu árum. Það voru helst þeir sem sinna þessum málum hvað mest sem treystu sér til að svara spurningunni, til að mynda heilbrigðisstarfsmenn, og sumir rannsóknarlögreglumenn, ákærendur, réttargæslumenn og verjendur. Helstu þættir sem viðmælendur bentu á voru breytingar á kynlífshegðun fólks, að aðdragandi brota ætti sér oftast stað í gegnum internetið, aukin lögleg lyfjaneysla í bland við drykkju, fjölgun mála sem tengjast skipulagðri glæpastarfssemi, og að karlar kæri nauðgunar- og kynferðisbrot í auknum mæli.

Margir viðmælenda töldu sig merkja breytingu á kynlífshegðun fólks og aukin áhrif kláms, þá sérstaklega á meðal ungs fólks.

Kynlífið virðist vera oft svo miklu grófara, hvort sem það er afleiðing af einhverri klámvæðingu sem alltaf er verið að tala um eða hvað sem það er, það eru meiri bindingar, meiri hýðingar, það er meira um ofbeldi annað heldur en bara plain kynferðisbrot. Og það er það sem maður er að taka eftir núna, alveg það nýjasta hjá þessu fólki yngra en tvítugt. (Rannsóknarlögreglumaður)

Ég held að það hafi orðið svona almennt klámvæðing í samfélaginu sem að bara ... er eitthvað sem að þegar ég var á þessum aldri myndi aldrei hvarfla að mér að myndi þykja sjálfstakt í dag. (Verjandi)

Ja, manni finnst bara þessi tilraunastarfssemi, ef það er hægt að kalla það, þar sem verið er að apa eftir því sem þau sjá í grófu klámi, ákveðinn aldurshópur, eða að það séu fleiri gerendur eða eitthvað slíkt, og þetta byrjar stundum með samþykki allra aðila og svo þróast þetta út í eitthvað annað, þetta ber stúlkuna eða strákinn ofurliði, það er bara eitthvað sem að gerist þarna í miðju ferli sko eða þá að fleiri einstaklingar koma skyndilega sem ekki var gert ráð fyrir og það er erfitt að bakka út úr og þarna skapast einhverjar aðstæður sem valda miklum erfiðleikum fyrir þann sem fyrir verður, að tækla það sem honum finnst hann hafa samþykkt. (Ákærandi)

Ungu gerendurnir finnst mér vera áberandi. Virðingarleysi, ofboðslegt virðingarleysi gagnvart brotaþola finnst mér vera áberandi líka. [...] bara eins og þetta sé ekki manneskja heldur bara kjötflykki. Það er, það sem mér finnst vera mjög áberandi og sem tengist þá þessu að það er svo mikið svona klám, það er allur þakinn tekin á þetta og fólk kannski ... það er bara munnmök, endaparmsmök og áhöld og einhver efni notuð, það er svona hitt og þetta. Þetta finnst mér vera að aukast. Og ég held að við séum nú öll sammála um það að við náttúrulega rekjum þetta beint til klámvæðingarinnar. (Ákærandi)

Sumir viðmælenda töldu einnig að merkja mætti aukningu í brotum þar sem brotaþolar og sakborningar kynnast í gegnum internetið og þá iðulega þannig að eldri karlar séu að reyna að nálgast ungar stúlkum í gegnum samskiptaforrit á netinu.

Það er auðvitað í fyrsta lagi kannski netið. Eftir því sem það þróast og þessir möguleikar til þess að nálgast brotaþola og þær aðferðir við tælingar og svona, maður sér mjög mikil trend í þá átt sko. (Ákærandi)

Það er helst þá kannski sem mér dettur í hug, [...] eru unglingsstelpur og netið. Einhver óæskileg kynni, oft gamlir menn, ekki við þeirra hæfi og svona, í gegnum facebook og svona. (Réttargæslumaður)

Einn viðmælandi taldi sig merkja aukinn fjölda mála sem einkennast af mikilli drykkju og minnisleysi brotaþola sem virðist stundum stafa af lyfjaneyslu samkvæmt læknisráði, þ.e. lyfjum vegna athyglisbrests, ofvirkni og tengdra raskana og/eða kvíða og þunglyndis.

Já. Mér finnst það frekar vera sko þetta ítrekaða minnisleysi sem þær bera fyrir sig. Mér fannst fyrst þegar ég var að byrja, þá fannst mér semsagt sögurnar, atburðarás oft vera töluvert skýrari. Og ég get ekki sagt út af hverju, ég verð bara að tengja þetta við breytta skemmtanameningu. Og náttúrulega kannski lyfjaneyslu [...] það er ekki óalgengt einmitt að þetta sé, að það sé einhver grunnlyfjaneysla í gangi, concerta út af ADHD og einmitt þunglyndislyf, kvíðastillandi lyf. (Heilbrigðisstarfsmaður)

Annar viðmælandi taldi sig merkja fjölgun mála sem tengjast skipulagðri glæpastarfssemi:

Núna kannski síðustu tvö til þrjú ár, þar sem að við sjáum áberandi, það er þessi harka í gerendum, það er að segja þetta eru menn sem að tilheyra bara eins og konur segja, handrukkaragengjum, þetta eru bara forhertir glæpamenn sem þær eru að segja frá, að óttinn við að kæra er algjör, vitandi það að þær séu að kalla eitthvað yfir sig. (Heilbrigðisstarfsmaður)

Einn viðmælandi taldi að karlkyns brotaþolar væru að kæra í meira mæli en áður: „Karlmennt kæra miklu meira, ég sé stíganda í því.“ (Rannsóknarlögreglumáður)

### *Samantekt*

Sumir viðmælenda töldu sig sjá breytingu á einkennum málanna. Margir töldu breytta kynhegðun fólks vera áberandi, þá sérstaklega hjá yngri kynslóðum, og röktu það helst til klámvæðingarinnar. Jafnframt var nefnt að greina mætti aukið hlutverk netsins í aðdraganda brota, þar sem sakborningar og brotaþolar kynnast í gegnum netið. Einnig kom fram að mögulega mætti greina fjölgun mála þar sem brotaþolar mundu lítið eða ekkert eftir því hvað hefði átt sér stað, sem ef til vill mætti rekja til undirliggjandi lyfjaneyslu, til að mynda vegna athyglisbrests, ofvirkni og tengdra raskana eða kvíða og þunglyndis. Einn viðmælandi taldi sig greina fjölgun mála sem tengjast skipulagðri glæpastarfssemi. Jafnframt kom fram að verið gæti að karlar kæri nú nauðgunar- og kynferðisbrot í auknum mæli en áður.



## 2.2. Rannsóknir nauðgunar- og kynferðisbrotamála

Árið 2001 skipaði ríkissaksóknari starfshóp til að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn þeirra og saksókn. Árið 2002 skilaði nefndin skýrslu þar sem meðal annars er að finna tillögur að verklagsreglum um rannsókn nauðgunarmála (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi, 2002). Árið 2006 skipaði ríkissaksóknari aftur starfshóp til að kanna meðferð nauðgunarmála á árunum 2002 til og með 2006. Þar voru jafnan lagðar til nokkrar breytingar verklagsreglunum frá 2002 (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi, 2007). Í verklagsreglunum er fjallað um hvernig beri að taka á móti nauðgunarkæru, hvernig eigi að haga fyrstu aðgerðum, til að mynda að flytja brotþola á neyðarmóttöku, hvernig eigi að taka frumskýrslu til að afla nægjanlegra upplýsinga um hvað átti sér stað til að hægt sé að hefja rannsókn, og hvernig eigi að haga skýrslutöku af brotþola og hvernig eigi að haga vettvangsrannsókn. Jafnframt er fjallað um hvernig lögregla eigi að bera sig að þegar ljóst er hver sakborningur er; og að hann skuli handtekinn og færður tafarlaust til yfirheyrslu svo að hann hafi ekki tók á að spilla rannsókn málsins. Ef ástæða er til, gengst sakborningur undir læknisskoðun og hann er síðan yfirheyrður. Þá eru gefnar leiðbeiningar um hvernig lögregla eigi að bera sig að við skýrslutöku af mögulegum vitnum og öflun vottorða lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks sem kærandi hefur leitað til eftir verknaðinn og hvernig eigi að haga öðrum rannsóknaraðgerðum.

Viðmælendur rannsóknarinnar höfðu almennt orð á að gæði lögreglurannsókna á nauðgunar- og kynferðisbrotum hafi aukist. Yfirheyrslutækni hefur farið batnandi, ekki síst eftir að farið var að taka upp skýrslutökur af brotþolum og sakborningum í hljóði og mynd og upprita þær frá orði til orðs. Brotaflokkurinn er tekinn mun fastari tókum en áður var: lögreglan bregst hraðar við til að tryggja öflun sönnunargagna, grunaðir menn eru handteknir í þágu rannsóknarhagsmuna og í sumum tilvikum er gæsluvarðhaldi beitt en það var sjaldgæft hér áður. Einn ákærandi lýsti því þannig að áður fyrr hefði þvingunarráðstöfunum sjaldan verið beitt í nauðgunarmálum heldur hafi lögregla hringt í grunaða menn og boðað þá í viðtal. Þetta verklag hefur tekið breytingum á síðustu árum og þá sérstaklega eftir sameiningu rannsóknardeildanna árið 2007:

... nú er það eiginlega nánast regla að þeir eru bara sóttir, þeir eru handteknir, þannig að mönnum gefist ekki kostur á að annað hvort að fara að hafa áhrif á vitni eða koma sönnunargögnum undan eða eitthvað þvíumlíkt, til að tryggja í raun og veru framburð þeirra og sönnunargögn. Þannig að núna er handtöku beitt og líka gæsluvarðhaldi. (Ákærandi)

Ákærandi sagði einnig:

... það má bara eiginlega segja að það kemur bara meiri harka í rannsóknina, það er farið að vinna þetta eins og unnið er í rauninni með fíkniefnamál, það er bara þannig. Og menn svona kannski óhræddari bara við að fara af stað, tryggja vettvanginn, tæknideildin er líka farin að verða svo öflug á þessum tíma.

Ákærandi lýsti því einnig að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi á sínum tíma fylgt því verklagi að beita þvingunarúrræðum í þágu rannsóknarhagsmuna en því hafi verið hætt „um eitthvað árabíl“ en síðan tekið upp aftur um miðjan fyrsta áratug 21. aldar. Það hafi verið samdóma álit þeirra sem starfa við embætti ríkissaksóknara að beita ætti þvingunarráðstöfunum þegar þörf krefði í þágu rannsóknarhagsmuna í þessum brotaflokk eins og öðrum, en það hefði ekki verið gert: „Þannig að áherslan hefur alltaf verið frá ríkissaksóknara að gera þetta, kannski að skilaboðin hafi ekki verið nægilega skýr eða eitthvað, ég veit það ekki.“ Þó svo að fyrri skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála ásamt verklagsreglum um rannsókn málanna hafi komið út árið 2002, lýsti ákærandi því að reglurnar hefðu ekki skilað sér til rannsóknarlögreglumanna fyrr en í kringum árið 2005:

... ég veit ekki hvort þetta var sambandsleysi eða hugsunarleysi eða að menn héldu að aðrir myndu sjá um að koma þessu til skila, en mennirnir sem unnu á gólfinu þeir vissu ekki af þessu. Jú kannski var búið að koma með þetta til þeirra en það var ekki búið að vinna markvisst með að kynna þessar reglur og segja: nú erum við að fara að gera þetta svona ... og mér fannst einhvern veginn að þegar þeir sáu þetta, þessar reglur, að þá svona efldust þeir mjög. (Ákærandi)

Hér má einnig benda á að í rannsókn um einkenni og meðferð nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 kom í ljós að lögregla vísar marktækt oftár málum til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru handteknir ( $p < 0,01$ ) og að ríkissaksóknari gaf marktækt oftár út ákæru í málum þar sem sakborningar höfðu verið handteknir ( $p < 0,05$ ) (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að handtökur voru iðulega framkvæmdar í málum þar sem brotin höfðu verið tilkynnt skömmu eftir að þau voru framin. Samkvæmt 90. gr. sakamálalaga er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra eða til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Ákærandi lýsti því einnig hvernig þessar breytingar hafi einnig komið inn með nýju fólki: „Þetta kemur í raun og veru frá fólkinu sem er að starfa, það kemur bara nýtt blóð inn, ef svo má að orði komast, og nýjar áherslur.“ Aðrir viðmælendur úr hópi ákæranda sögðu:

Mér finnst rannsókn þessara mála, hún er alltaf að verða betri. [...] þessi mál eru tekin bara strax föstum tókum þar sem menn held ég að séu að átta sig á mikilvægi fyrstu aðgerðanna þegar kemur að nauðgunarmálum. Það er svona kannski stærsta breytingin. (Ákærandi)

... mér finnst þróunin vera heldur í þá áttina að menn eru að vanda sig meira með þessi mál. Svona meiri fagmennska og menn eru svona að gæta sín meira en þeir gerðu áður hvernig er rannsakað þetta, samskipti við brotaþola og það, er svona frekar í áttina. (Ákærandi)

Samkvæmt leiðbeiningum starfshóps ríkissaksóknara, bæði frá 2002 og 2007, eiga nauðgunarkærur að njóta forgangs hjá lögreglu og samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 5/2009 er lögð sérstök áhersla á að hraða

málsmeðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ríkissaksóknara (Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 5/2009). Rannsóknarlögreglumenn voru spurðir hvernig forgangsröðun mála væri háttáð og tóku þeir fram að nauðgunar- og kynferðisbrotamál væru jafnan sett í forgang. Hvað varðar forgangsröðun á milli ólíkra kynferðisbrotamála þá tók einn rannsóknarlögreglumaður fram að ekki lægi „neitt skriflegt“ fyrir um það hvernig þeirri forgangsröðun ætti að vera háttáð. Tveir viðmælendur minntust sérstaklega á að kynferðisbrot gegn börnum væru iðulega sett í forgang og sá þriðji taldi upp nokkur atriði sem horft er til:

... það má segja að það sé ekki skriflegt en það má segja að alvarleiki brotanna getur farið eftir því, alvarleika áverkanna, hvernig árásin var, hver verður fyrir henni, þá börn eða fullorðinn, og þetta er metið hverju sinni í rauninni má segja, er gerandinn þekktur eða óþekktur, er vettvangur sem þarf að ná og gæta? Það er svona ýmsar þumalputtareglur sem menn nota. (Rannsóknarlögreglumaður)

Annar rannsóknarlögreglumaður lýsti því að mál þar sem brot væru nýafstaðin væru sett í forgang, þar sem þá væri hægt að tryggja vettvang og afla mögulegra sönnunargagna og einnig hægt að ná framburðum brotþola, sakborninga og vitna strax. Hann lýsti því jafnframt hvers vegna mál sem eru kærð nokkru eftir að brotið átti sér stað eru ekki sett í forgang:

... sko konur verða kannski fyrir nauðgun, fara á neyðarmóttöku, eða fara ekki á neyðarmóttöku [...], það tekur stundum tíma hjá þeim að átta sig á 'vil ég kæra, er þetta brot eða?' Svo sjá þær það einhverju seinna, og stundum er komið tveimur árum seinna, einu ári seinna, einum mánuði seinna og þá er kannski ekki farið í það af eins miklum krafti eins og ef það væri að gerast bara sama dag. Ef það kemur tilkynning núna að það hafi verið brot framið að þá er svo margt hægt að gera, við getum farið á vettvang tekið sængurfatnað og neyðarmóttöku og tekið strok af sakborningi og þú veist hann er bara háttáður og eins brotþoli á neyðarmóttöku, við höfum svo miklu meiri tækifæri, þannig að þá verðum við að setja bara allt af stað sko, en ef málið er orðið eldra, þó að það sé jafn alvarlegt, að þá eru svo miklu minni möguleikar sko, og þá einhvern veginn fer maður ekki af stað með eins mikið sko. (Rannsóknarlögreglumaður)

Einn viðmælandi taldi að rannsakendur réðu því að einhverju leyti sjálfir hvernig forgangsröðun nauðgunar- og kynferðisbrota væri háttáð ef brotin væru ekki nýafstaðin: „en svo held ég að fólk hafi það svolítið bara í hendi sér sjálft sko, hvað það vill leggja áherslu á í sínum málum, þú veist það metur það sjálft.“ (Rannsóknarlögreglumaður).

Réttargæslumenn voru almennt ánægðir með störf rannsóknarlögreglumanna þótt ýmislegt mætti bæta. Einn réttargæslumaður nefndi dæmi um að lögregla hefði farið strax að leita að grunuðum manni áður en skýrslutöku yfir brotþola var lokið og sagði lögreglurannsóknina hafa „virkað mjög sannfærandi“. Hann sagði þó einnig að viðbrögð lögreglunnar væru mismunandi: „Stundum hef ég lent í því að þá kemur fólk beint og það er ekki farið strax að leita og þá varð ég svo hissa, þannig að ég veit ekki af hverju þessi munur.“ Tveir réttargæslumenn töldu að lögregla mætti bera framburð sakborninga undir brotþola í ríkari mæli en gert er, í þeim tilvikum þegar framburðum aðila ber ekki saman:

Áherslan hefur verið rosalega mikil á þetta að það sé svo íþyngjandi að gefa skýrslu og það svona lamar alveg. Menn hafa látið það vera alveg ofsalega ráðandi þátt í meðferð

mála, tillitsemi við brotþola. En hins vegar eru auðvitað einhver tilfelli þar sem væri ástæða til að gera það sko. Kannski er það gert, ég bara þekki það ekki, þori ekki að sverja fyrir að það sé aldrei gert, ég hef ekki séð það mikið. ... að maður geti fengið að leiðrétta eitthvað, þú veist segja 'nei það var ekki rétt hjá honum, ég get sýnt fram á með þessum gögnum' eða eitthvað svoliðis. (Réttargæslumaður)

Stundum segja brotþolar við skýrslutöku allt, halda þeir, en þeir myndu segja margt annað ef þeir vissu að það virkilega skipti máli í málinu, að það vantar þetta í málið. Svo er sakborningurinn búinn að segja eitthvað og eitthvað og eitthvað og þá skiptir máli að fá afstöðu brotþolans því það getur vel verið að þá segi brotþolinn eitthvað sem hann hafði bara ekki hugmynd um að skipti máli ... (Réttargæslumaður)

Annar réttargæslumaður taldi að lögregla sinni málunum ágætlega en mætti oft bregðast hraðar við til að tryggja að möguleg sönnunargögn færu ekki forgörðum:

Jú jú, þeir gera það ágætlega þegar það er farið af stað. En þetta, að koma á neyðarmóttöku á laugardegi og gefa svo skýrslu á þriðjudegi eða eitthvað þú veist, þetta er alveg ómögulegt sko. Af því að hlutirnir fara forgörðum á meðan. Og það er alveg hægt að rannsaka eitthvað mál án þess að vera búin að fá einhverja skýrslu í alveg öllum smáatriðum og allt bara, það er hægt að taka bara þessa frumskýrslu eins og menn gera, eins og þegar það eru líkamsmeiðingar eða eitthvað þá bara þarf ekkert bíða eftir að vera búin að sitja í tveggja klukkutíma skýrslutöku um öll smáatriðin sko, áður en þeir fara að safna, gera vettvangsrannsókn og safna lífsýnum og svona. (Réttargæslumaður)

Þó að viðmælendur sem sinna réttargæslu hefðu skilning á því að brotþolar vilji oft ekki kæra, gagnrýndu sumir það vinnulag að bíða með að hefja rannsókn þangað til brotþoli kærir, en samkvæmt 52. gr. sakamálalaga ber lögreglunni, sé þess þörf, að „hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki“. Réttargæslumaður sagði:

Reyndar finnst mér það kannski galli líka [...] það er alltaf sett á brotþolann að ákveða hvort hann ætli að kæra en samkvæmt lögum þá á að rannsaka öll mál. Og mér finnst þessi viðbrögð ekki í lagi [...] að það eigi að ákveða hvort að menn ætli að kæra en ekki að það sé ákvörðun að kæra ekki, sem mér finnst eiginlega að ætti að vera. Sko mér finnst eðlilegra að kæra í staðinn fyrir að segja alltaf 'ætlarðu að kæra, ætlarðu að kæra?' [...] Og þetta að bíða eftir kæru, sem er náttúrulega ekki í lagi myndi ég segja. Þessi klassíska þarna að lögreglan viti um sjö nauðganir en enginn hefur ennþá verið kærð eftir verslunarmannahelgi. (Réttargæslumaður)

Í viðtölum við ákæranda kom fram að lögreglan vilji síður taka stjórnina af brotþola og eins skipti máli að brotþoli vilji kæra og vilji gefa skýrslu sökum þess hve iðulega er lítið um sönnunargögn.

Það skiptir gríðarlega miklu máli að við höfum brotþola sem er í jafnvægi, sé tilbúinn til að takast á við þetta, og hérna, og vilji gefa okkur sem skýrasta skýrslu. Vegna þess að við erum með svo takmörkuð sönnunargögn, og hérna, það er bara á brattann að sækja ef það er ekki. (Ákærandi)

Viðmælandi úr hópi ákæranda ítrekaði að rannsókn lögreglu væri ekki háð því að brotþolar kæri en þar sem sönnunargögnum sé sjaldan til að dreifa, skipti framburður brotþola miklu máli: „ef brotþoli neitar að tjá sig, þá er þetta ómögulegt, [málið] fellur um sjálft sig.“ (Ákærandi). Ef lögregla fær aftur á móti tækifæri

til að afla sönnunargagna strax, ætti það ekki skaða rannsókn málsins þótt brotþoli taki sér einhvern tíma áður en ákveðið er hvort leggja eigi fram kæru, en þó gætu slík vinnubrögð leitt til þess að þolendur leituðu síður til lögreglu. Hér má þó ætla að aðkoma réttargæslumanna á fyrstu stigum málsins til að veita þolendum ráðgjöf skipti miklu máli (sjá umræðu um aðkomu réttargæslumanna að málunum og hvers vegna margir þolendur kæra ekki í kafla 2.3. *Réttargæslumenn*).

Misjafnt er hversu náið ákærendur hjá lögregluembættunum vinna með rannsóknarlögreglumönnum, en fjórir rannsóknarlögreglumenn lýstu því að slík samvinna væri æskileg og tiltóku þætti eins og markvissari rannsóknir og tímasparnað. Tveir viðmælendur tóku sérstaklega fram að mikilvægt væri að ákærendur væru í það minnsta í sama húsi og rannsóknarlögreglumennirnir þannig að aðgengi að þeim væri gott og þeir gætu auðveldlega fengið „sýn“ lögfræðingsins á málið. Einn rannsóknarlögreglumaður, sem hafði reynslu af því að vinna náið með lögfræðingi við rannsókn mála, lýsti því að hann upplifði það sem hvatningu að fá reglulega endurgjöf frá lögfræðingi: „mér fannst [það] bara geðveikt“. Annar rannsóknarlögreglumaður hafði haft samstarf við norsku lögregluna og kunnir að meta vinnubrögðin sem þar tíðkast varðandi samstarf lögreglu og ákæranda:

... ég held að það sé lykilatriði núna til framtíðar ef við ætlum að halda almennum rannsóknum og bara betri skikkan á þessum lögreglumálum, þá verður lögfræðingurinn sem fer með málin, hann verður að vera bara partur af þessu teymi. Ég fékk einmitt í fyrra norska lögreglumenn sem voru að rannsaka barnamál, sem komu hingað og þá kom einn lögreglumaður og einn saksóknari. Þeir vinna í teymi. Og þetta bara gerir það að vinnan verður miklu faglegri og betri. Og gengur hraðar. Þetta held ég að við ættum að láta festa bara í prógramminu hjá okkur. Gera þetta bara að skilyrði. Ekki halda að þessu í sitt hvoru herberginu, sitt hvoru húsinu, við erum að vinna alveg að sama hlutnum. (Rannsóknarlögreglumaður).

Í viðtölum við ákærendur kom fram að æskilegt væri að auka samstarf á milli ákæranda hjá lögreglu og rannsóknarlögreglumanna við rannsókn mála.

... það verður alltaf öðruvísi, þú þarft alltaf að taka upp símann frekar en að labba á næstu skrifstofu og mér finnst bara, það skipta svoldið máli með þessi mál, bara upp á það að málin séu raunverulega fullrannsökuð þegar þau eru að koma hingað, því það er vont að þurfa að vera að senda það alltaf aftur í rannsókn [...] það er mjög gott að það sé löglærður fulltrúi sem komi að svona eins mikið og hægt er á rannsóknarstigi. (Ákærandi)

Annar viðmælandi úr hópi ákæranda benti þó á að einnig væri mikilvægt að gæta að sjálfstæði ákæranda sem starfa hjá lögreglunni þar sem hlutverk þeirra er meðal annars „ákveðið innra eftirlit, gæðastjórnun“ og að „passa upp á það að lögreglan fari eftir öllum reglum um hvernig þeir eigi að gera þetta“. Hann lýsti einnig hvernig vinnumenning ákæranda og rannsóknarlögreglu væri ólík, sem meðal annars stafaði af ólíkum menntunarbakgrunni og nefndi til samanburðar að í Noregi væri þessu öðruvísi háttað þar sem lögreglumenn væru með háskólapróf eins og lögfræðingar:

Fólk er þar bara í svona akademísku þriggja ára námi til þess að verða lögreglumaður. Eins og einhver skemmri skírn að því að vera kennari eða eitthvað. Þú ert bara á allt

öðrum gæðastandard. Og svo ertu með kannski lögfræðinga sem eru þá líka með háskólapróf og vinna saman. Þetta er ekkert alltaf sambærilegt en þetta er bara af öðru kalíberi. Það getur vel verið að þetta virki betur í Noregi af því að þú ert bara með hærri standard á þessu. (Ákærandi)

Þegar lögregla hefur lokið rannsókn máls eru gögn þess send til embættis ríkissaksóknara þar sem ákærendur embættisins meta hvort sækja eigi sakborning til sakar eða ekki. Ákærendur voru spurðir hvort mál sem bærust þeim frá lögregluembættunum væru alla jafna nægilega vel rannsökuð að þeirra mati. Viðmælendur voru sammála um að gæði rannsókna færu vaxandi en að þau væri þó misjöfn eftir því hvaða rannsóknarlögreglumaður hefði staðið að rannsókninni.

... ég hef alveg séð með þessi mál sem ég er að lesa að menn eru bara misjafnlega góðir yfirheyrendur, það er bara þannig, en svona þessi nálgun finnst mér alltaf verða betri og betri. (Ákærandi)

... það skiptir ofboðslega miklu máli að fá góðan ítarlegan framburð strax og þar eru menn bara ofboðslega misjafnir [...] mér finnst ég ekkert geta sagt sko að menn séu allir góðir hér og allir vondir þarna, þetta er bara ofboðslega persónubundið. (Ákærandi)

Dómarar voru almennt sammála um að vel væri staðið að rannsóknum kynferðisbrota en þeir meðhöndla þó einungis hluta lítinn hluta þeirra mála sem kærð eru til lögreglu, þ.e. einungis þau mál þar sem ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur sakborningi. Einn dómari taldi þó að bæta mætti skýrslutökur af vitnum:

Svo er náttúrulega líka framburðir, sko, hérna, vitna sem sáu svona aðdragandann eða töluðu við brotaþola eftir á sko. Og það er kannski varðandi rannsókna þá stundum vantar upp á að það séu teknar nægilega góðar skýrslur af slíkum vitnum. (Dómari)

Ofbeldi í nánnum samböndum var ekki skilgreindur hluti þessarar rannsóknar en tveir viðmælendur fjölluðu þó sérstaklega um þennan brotaflokk, enda eru nauðgunar- og kynferðisbrot oft hluti af ofbeldi í nánnum samböndum. Tveir viðmælendur fjölluðu einnig sérstaklega um heimilisofbeldi í samhengi við nauðgunar- og kynferðisbrotin og töldu að ekki væri nægilega vel staðið að þeim brotaflokki hjá sínum lögregluembættum. Þessir viðmælendur töldu að það vantaði bæði áhuga og þekkingu á málaflokknum:

... ég myndi vilja fara í heimilisofbeldi, þú veist heimilisofbeldi er rosa svona, svona, það vill enginn hafa heimilisofbeldi [...], það finnst öllum þetta leiðinlegur málaflokkur og hann hefur einhvern veginn eiginlega aldrei fundið sér pláss ... (Rannsóknarlögreglumaður)

... það er meiri fyrirstaða í þessum málaflokki heldur en í nokkurn tímann í *plain* kynferðisbrotamálum. Menn viðurkenna það sem brot. En heimilisofbeldi það er eitthvað allt annað. Þar er veggur sem verður að rjúfa. (Rannsóknarlögreglumaður)

Einn rannsóknarlögreglumaður fjallaði sérstaklega um að viðhorf samstarfsmanna sinna væri fyrirstaða þegar kæmi að því að taka á heimilisofbeldi samkvæmt nýjum lögum nr. 85/2011 um nálgunarbann og

brottvísun af heimili (austurríska leiðin). Samkvæmt lögnum hefur lögregla heimild til að vísa manni „brott af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma“. Þessi leið hefur verið þróuð í Austurríki og byggir á þeirri hugsun að það sé óeðlilegt að þolendur eigi að þurfa að flýja heimili sín og leita til Kvænnaathvarfs eða jafnvel í sumum tilvikum að flýja land, heldur eigi lögregla að hafa heimild til að fjarlægja gerendur af heimilum. Rannsóknarlögreglumaðurinn sagði:

... maður heyrir það, að það fyrsta sem fólki dettur í hug er 'já vill hún ekki bara fara í Kvænnaathvarfið?' og þá hef ég stundum komið með 'bíddu, Kvænnaathvarfið, af hverju notum við ekki austurrísku leiðina?' Og þá kemur alltaf 'sko það er ekkert búið að hugsa þá leið til enda og hvar eða hvert eiga mennirnir að fara? Það er ekkert, þarna í Austurríki var byggt hús og mennirnir gátu farið í húsið en hérna er þetta hugsað hálf leið'. En það er ekki rétt, þú veist, þeir geta alveg bjargað sér þessir karlar ... (Rannsóknarlögreglumaður)

Einn viðmælandi taldi að lögregla þyrfti betri og sértækari fræðslu um ofbeldi í nánnum samböndum til að geta brugðist við slíkum málum og veitt betri þjónustu. Þá þurfi sérstaklega að auka fræðslu um þá félagslegu og sálfræðilegu þætti sem einkenna ofbeldi í nánnum samböndum:

... það er samskiptin við fólkið sem við þurfum að læra meira, markvissara, en þetta hefur ekkert verið í boði [...]. Þetta er þriðja skipti sem við göngum í það mál, inni hjá fjölskyldu þar sem að konan er lamin sundur og saman og dregin á hárinu út um allt hús. Alltaf fer hún heim með þessum manni, við erum búin að fá nálgunarbann og allar græjur. Alltaf rústar hún því. Hvers vegna? Hvað getum við lært til að skilja þetta? (Rannsóknarlögreglumaður)

Í nokkrum viðtalanna kom upp umræða um stjórnun innan lögreglunnar. Einn rannsóknarlögreglumaður taldi að ekki væri nægilega vel staðið að stjórnun og gagnrýndi skort á verkferlum, handbókum, skráningum, greiningartækjum og undirbúningsáætlunum og að rannsóknarlögreglumönnum væri ekki boðið að taka þátt í mótun slíkra verkfæra. Hann sagði: „Það er ekkert slíkt hjá lögreglunni, það eru ekki verkferlar, ég hef aldrei séð verkferli fyrir kynferðisbrotamál, ég hef sé verkferli fyrir mannlátsmál, það er það eina sem ég fundið í tölvunni. Það eru ekki til neinar handbækur um hvernig á að gera hlutina [...], og maður fær ekki að taka þátt heldur í að móta neitt svona“. Annar rannsóknarlögreglumaður sem spurður var um verkferla sagði: „nei, nei, nei, engar verklagsreglur um neitt, þú bara finnur þína leið“. Eins og fram kom hér á undan kom út skýrsla starfshóps um meðferð nauðgunarmála árið 2002 þar sem finna má tillögur hópsins að verklagsreglum um rannsókn nauðgunarmála og voru þessar verklagsreglur þróaðar áfram af öðrum starfshópi sem skilaði skýrslu um störf sín árið 2007. Rannsóknarlögreglumaður var spurður hvort hann kannaðist við þessar verklagsreglur og hann sagði:

Ég þarna fann þær um daginn á netinu það var ekki einu sinni búið að segja mér frá þeim, [...] og ég bara, já okei, þú veist, fór og lét eina sem vinnur með mér vita af því, hvort hún hafi séð þetta, en nei, hún hafði aldrei séð þetta. Okkur er ekki einu sinni sagt frá þessu, það er ekkert unnið með þetta áfram, þú veist, sem námsefni fyrir okkur, okkur er ekki einu sinni sagt frá þessu ... (Rannsóknarlögreglumaður)

Í þessu samhengi sagði annar rannsóknarlögreglumaður að yfirmenn hans hefðu ekki nægilega þekkingu á kynferðisbrotum og rannsóknum þeirra. Hann sagði:

En það er tilfinningin, tel ég hjá okkur mjög mikið, að yfirstjórnin hjá lögreglunni, að hún er rannsóknum ekkert sérstaklega velviljuð [...] Ýmist er það bara vanþekking, klár vanþekking á hvað við erum að gera, vanþekking á því hvað mál þurfa mikið til sín í tíma ... Og það er frekar leiðinlegt að þegar koma einhver kynferðisbrot eða eitthvað slíkt, að einhver úr yfirstjórninni fari að tala um það hvort hún hafi ekki bara séð eftir þessu og alla þá mýtu, það er verulega pirrandi sko. Það eru einu skiptin sem að fýkur verulega illa í mig ... (Rannsóknarlögreglumaður)

Annar viðmælandi úr hópi ákæranda benti á að lögreglustjórar á landsbyggðinni gegndu einnig hlutverki sýslumanna og hefðu því í mörg horn að líta, en hann taldi jafnframt að aukin þekking lögreglustjóranna á málaflokknum væri æskileg. Spurður um viðhorf lögreglustjóranna gagnvart brotaflokknum sagði hann:

Vanþekking. Lítið inni í þessu. Að einhverju leyti eru þeir inni í þessu sko. Þeir eru svosem misjafnir. Þeir eru margir ágætir en sumir eru ekki eins ágætir. [...] þeir kannski eru meira að horfa á þetta úr frá rekstrarlegum forsendum, hvað þetta kostar mig og eitthvað svoleiðis, en þeir taka þetta alveg alvarlega sko en það þarf svolítið að efla þekkingarstigið þarna inni. (Ákærandi)

Hvað varðar stjórnun hjá lögregluembættunum þá minnstust tveir rannsóknarlögreglumenn sérstaklega á að huga þyrfti að nútímalegri stjórnunarháttum hjá flestum embættunum nema helst að undanskildu lögregluembættinu á Suðurnesjum þar sem Sigríður Björk Guðjónsdóttir var lögreglustjóri þegar viðtölin fóru fram:

Sko við höfum farið í gegnum, ég fór í gegnum allavega rándýrt stjórnunarnám, heilt ár í Reykjavík með öllum yfirlögregluþjónunum, sýslumönnunum, og ég veit ekki hvað og hvað [...] ég hef ekki orðið var við það að neitt af því hafi verið notað, nema þá kannski Sigríður á Suðurnesjum. (Rannsóknarlögreglumaður)

... ég fór á svona námskeið sem var ágætis námskeið, svona mannauðsstjórnunarnámskeið, og þar kom einmitt Sigríður og sagði okkur frá því hvernig hún væri búin að vera að vinna á Suðurnesjunum og það er bara haldinn fundur og þar er bara árið lagt og það fá allir að taka þátt í að skipuleggja, allir eru inklúderaðir og hún er að gera bara fullt af góðum hlutum og hún er að hlusta á fólkið sitt og ég held að hún sé bara ofboðslega öflug [...] hún er svona nútímamanneskja. (Rannsóknarlögreglumaður)

Í ljósi þess hve kynferðisbrot eru alvarleg voru rannsóknarlögreglumenn spurðir hvort þeir nytu handleiðslu í starfi. Fram kom að það væri misjafnt. Einn rannsóknarlögreglumaður taldi til að mynda ekki þörf á sálfræðistuðningi:

Við höfum ekki séð neina þörf hér hjá okkur, ég svara fyrir mig og félagaminn, þessi málaflokkur er ekki að senda okkur til sálfræðings, það er margt annað sem er miklu meira en þetta. [...] einmitt í vor þegar við vorum þar á þessum stóra fundi, þá var ein að skikka okkur til sálfræðings og ég missti næstum út úr mér að þetta er ekkert sem að hærri laun og meira frí myndi ekki laga. (Rannsóknarlögreglumaður)



Þeir viðmælendur sem starfa sem rannsóknarlögreglumenn hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu virtust þó allir líta svo á að sálfræðiþjónusta væri sjálfsagður hluti af starfinu sem flestir nýttu sér. Einn rannsakandi lýsti því að embættið greiðir fyrir fjögur sálfræðiviðtöl á ári og ef sálfræðingurinn metur það svo að þeir þurfi fleiri tíma, eru þeir einnig greiddir af embættinu. Hann taldi einnig mikilvægt að rannsóknarlögreglumenn nýttu sér slíka þjónustu til að koma í veg fyrir kulnun í starfi, hann sagði:

... þetta eru eitt af kannski þessum stóru framfaraskrefum síðustu árin held ég og ofsalega mikilvægar. En því miður er náttúrulega fólk sem brennur upp hjá okkur og ég held að það sé líka svolítið, það er líka hættulegt að vera alveg kannski kaldur gagnvart þessu og, þá held ég að það sé meiri hætta á ferðum heldur en ... þannig að þetta er svona, tekur á hjá fólki, ég held að það sé bara... [...] Já flestir nýta, ekki allir, og er ekkert feimnismál við það. Það var mikið feimnismál áður ef að lögreglumenn eða rannsakendur voru að sækja sér aðstoð einhversstaðar, en menn geta talað nokkuð frjálst um þetta í dag. Þetta er bara, viljum við líta á, að þetta er bara hluti af vinnunni að sækja slík viðtöl, þannig að, ég held að það sé svona ... en þetta eru tilfinningamál og erfið og oft, það er mikið grátið og mikil reiði og allt þar á milli. Við erum bara mannlegir eins og aðrir. (Rannsóknarlögreglumaður)

#### *Samantekt:*

Gæði rannsókna nauðgunar- og kynferðisbrota hafa aukist á síðustu árum að mati viðmælenda þótt betur megi standa að nokkrum þáttum. Fram kom að stundum bregðist lögregla ekki nægilega hratt við þegar nýafstaðin brot eru tilkynnt en mikilvægt er að rannsókn á nýafstöðnu broti hefjist strax, þó svo að kæruskýrsla liggja ekki fyrir, til að tryggja að möguleg sönnunargögn fari ekki forgörðum. Einnig kom fram að tryggja mætti í auknum mæli að borið sé undir brotapolá misræmi á milli framburðar hans og sakborninga og annarra vitna. Fram kom að sumir töldu að gæði lögreglurannsókna gætu aukist með meiri samvinnu á milli ákæranda lögreglunnar og rannsóknarlögreglumanna þar sem slík samvinna gæti gert rannsóknina markvissari. Sumir rannsóknarlögreglumenn töluðu einnig um ofbeldi í nánnum samböndum í tengslum við nauðgunar- og kynferðisbrotnin og að huga mætti mun betur að verklagi í samræmi við nýlega löggjöf um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Eins þyrfti að tryggja rannsóknarlögreglumönnum aukna fræðslu um félagslega og sálfræðilega þætti slíkra brota. Sumir viðmælendur kölluðu eftir nútímalegri stjórnunarháttum innan lögreglunnar og aukinni áherslu á skýra verkferla og töldu einnig að þekkingu og skilning skorti á málaflokknum hjá mörgum lögreglustjórum.

### **2.2.1. Kynferðisbrotadeild og rannsóknardeildir**

Eins og áður sagði starfrækir embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu sérstaka kynferðisbrotadeild, en hún var stofnuð í ársbyrjun 2007 með það að markmiði að bæta rannsóknir í nauðgunar- og kynferðisofbeldismálum. Í viðtali frá árinu 2008 við Friðrik Smára Björgvinsson, þáverandi yfirlögregluþjón rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kom fram að kynferðisbrot væru viðkvæm mál og

að þessi sérhæfða deild myndi samanstanda af sérhæfðum starfsmönnum, sem ætti að leiða til „vandaðra vinnubragða, styttri málsmeðferðartíma og betur unninna mála“. Jafnframt hefði verið sérútbúið „huggulegt og heimilislegt“ viðtalsherbergi þar sem teknar eru skýrslur af þolendum kynferðisbrota (Elva Björk Sverrisdóttir (2008, 14. júlí).

Rannsóknarlögglumenn kynferðisbrotadeildar sem rætt var við vegna þessarar rannsóknar töldu stofnun deildarinnar hafa verið mikilvægt skref í átt að sérhæfingu á sviðinu. Einn rannsóknarlögglumaður lýsti breytingunum þannig að hann teldi deildina hafa „aukið traust til lögreglunnar“, „kallað á sérhæfingu þeirra manna sem starfa við rannsóknir kynferðisbrota“, „virkað sem hvatning fyrir almenning að koma fram með þau brot sem að þau hafa orðið fyrir“, að málaflokkurinn hafi „fengið meira vægi og kannski lent framur í forgangsröðun heldur en áður“, „verkferlar hafa orðið mun skýrari“ og að „lögreglumenn almennt vita hvert þeir geta leitað ef þeir þurfa svona sérfræðiupplýsingar og ef þeir þurfa einhverja ráðgjöf“. Aðrir viðmælendur sem þekktu til starfa deildarinnar lýstu almennri ánægju með störf rannsóknarlögglumanna sem þar vinna og sagði einn viðmælandi úr hópi dómara eftirfarandi:

... rannsóknir lögreglu hafa batnað gríðarlega mikið á seinni árum og það er náttúrulega ekki hvað síst vegna þess að menn hafa nú tekið upp sérhæfðar deildir, sérstaklega innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem að þessi mál eru rannsökuð. (Dómari).

Flestir voru sammála því að með tilkomu deildarinnar hafi orðið til hópur rannsóknarlögglumanna sem hafi öðlast mikla reynslu af rannsóknum kynferðisbrotamála, en sumir þeirra höfðu töluverða reynslu af slíkum rannsóknum áður. Þar hafi einnig myndast samfélag rannsækenda sem geti verið vettvangur fyrir gagnlegar umræður og endurgjöf. Sú breyting hefur þó orðið að kynferðisbrotadeildin sinnir ekki lengur kynferðisbrotum eingöngu, heldur einnig fleiri brotaflokkum, þ.e. heimilisofbeldi, vofveiflegum andlátum, internetbrotum og stórfeldum brotum gegn lífi og líkama. Skiptar skoðanir voru á því hvort að þetta væri jákvæð þróun. Sumir rannsóknarlögglumenn töldu að það væri jákvætt að fá tilbreytingu í starfið og fá fjölbreyttari verkefni á meðan aðrir töldu þetta óæskilega þróun sem ynni gegn upphaflegum markmiðum deildarinnar. Einn rannsóknarlögglumaður sagði:

... það koma oft svona alvarleg mál í ofbeldinu og þá kannski taka tímann frá kynferðisbrotunum og svo finnst mér bara líka að það eigi bara að vera meiri sérhæfing, mér finnst bara að það eigi að vera aukin sérhæfing. Þú ert í kynferðisbrotadeildinni og þá ert þú sérfræðingur í kynferðisbrotum, það er svolítið mikið að ætla svo líka að vera sérfræðingur í sjálfsvígum og morðum ... (Rannsóknarlögglumaður)

Annar viðmælandi úr hópi ákæranda taldi að kynferðisbrotadeild ætti að sinna kynferðisbrotamálum og heimilisofbeldismálum, þar sem þeir brotaflokkar ættu margt sameiginlegt, en ekki öðrum brotaflokkum.

Hugmyndir hafa einnig verið uppi um að kynferðisbrotadeildin ætti að annast rannsókn á nauðgunar- og kynferðisbrotum á landsvísu. Í viðtölum við rannsóknarlögglumenn á landsbyggðinni kom aftur á móti fram að ef starfsmenn slíkrar deildar störfuðu allir á höfuðborgarsvæðinu gætu þeir ekki

brugðist nægilega hratt við þegar brot eru tilkynnt á landsbyggðinni. En skjót viðbrögð lögreglu á fyrstu stigum rannsóknar geta skipt sköpum fyrir gang málsins innan réttarvörslukerfisins. Ákærandi sagði :

... það hefur alltaf komið upp hvort ætti að stofna sérstaka kynferðisbrotadeild á landsvísu og ég er svo sem alveg fylgjandi slíkri hugmyndafræði og ég tel að það sé bara af hinu góða, en á móti kemur að þá sjáum við kannski líka að það er svolítið erfitt að útfæra þetta af því að það þarf að bregðast skjótt við og lögreglumennirnir sem eru úti á landi, að þeir verða að hafa þekkinguna og einhverja reynslu til að byggja á til að taka rétt á málunum. Þannig að þetta er svona kostir og gallar. (Ákærandi)

Eins og er gegnir kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu ekki formlegu ráðgjafahlutverki gagnvart rannsóknardeildum annarra lögregluembættum. Það hefur þó komið til tals að efla ætti kynferðisbrotadeildina þannig að hún gæti sinnt slíku hlutverki, en Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, reifaði til að mynda þá tillögu í kjölfar víðtæks samráðs við fjölmarga hagsmunaraðila árið 2011 (“Vill efla kynferðisbrotadeildina”, 2011, 1. júlí). Einn viðmælandi hjá kynferðisbrotadeildinni ræddi þessa tillögu og taldi mikilvægt að styðja minnstu rannsóknardeildirnar á landsbyggðinni og þá sérstaklega hvað varðar „viðtalstækni og rannsóknartaktík“. Hann sagði jafnframt:

... eitt af því sem að þyrfti að breyta í dag held ég, að gera veg deildarinnar aðeins meiri og, og láta hana sjá um rannsóknaraðstoð, því að rannsóknaraðstoðin er í raun og veru ekki á hendi neins í dag. [...] reyndar misjafnt á milli landshluta, sumstaðar er engin sérþekking á rannsóknum kynferðisbrota og, hérna, mjög fá mál í gangi þannig að það er veruleg hættu á að bara mál spillist [...] vegna þekkingarskorts. (Rannsóknarlögreglumaður)

Sumir viðmælenda töldu að styrkja þyrfti kynferðisbrotadeildina töluvert ef hún ætti að geta sinnt slíku hlutverki, þar sem rannsakendur deildarinnar hefðu ekki hlotið nægilega þjálfun á sviði nauðgunar- og kynferðisbrotarannsókna þótt þar væru vissulega nokkrir reynslumiklir rannsakendur. Einn rannsóknarlögreglumaður við deildina sagði: „deildin okkar hefur svolítið fengið að njóta einhvers svona átrúnaðar sem hún kannski hefur ekki endilega efni á“. Sumir viðmælenda bentu á að kynferðisbrotadeild væri svo störfum hlaðin að rannsóknardeildir á landsbyggðinni væru í raun að sinna rannsóknunum jafn vel og ekki væri mikill munur á gæðum rannsókna kynferðisbrotadeildar og rannsóknardeilda á landsbyggðinni. Einn ákærandi taldi sig hafa fundið mun á gæðum rannsókna á höfuðborgarsvæðinu eftir að kynferðisbrotadeildin var sett á laggirnar „það er svona markvissara og meiri sérhæfing“ en taldi jafnframt að rannsóknardeildirnar á landsbyggðinni hefðu einnig bætt sínar rannsóknir: „ég sé í sjálfu sér ekkert rosalega mikinn mun“. Annar ákærandi sagði:

Við höfum verið stundum að velta því fyrir okkur hvort að sé munur á kynferðisbrotadeildinni og lögregluembættum úti á landi sem eru líka að rannsaka málín og það er nú svona okkar mat að það er í raun og veru svona svipað, svipaður standard á þessu. Þeir eru kannski ... yfirheyrslutæknin er mjög góð hjá kynferðisbrotadeildinni á höfuðborgarsvæðinu en samt ekki sko, þetta er svo misjafnt. Misjafnt eftir mönnum líka bara. (Ákærandi).

Í viðtölunum kom fram að nýlega hefði orðið sú breyting á kynferðisbrotadeildinni að þar störfuðu nú fleiri konur en karlar, en þessi staða er nokkuð sérstök í ljósi þess hve konur eru lítil hluti af lögregluliðinu í heild sinni.<sup>4</sup> Í sumum viðtölum spannst umræða um hvort viðmælendur teldu eftirsóknaveit að vinna við kynferðisbrotadeildina. Nokkrir rannsóknarlögreglumenn úr hópi viðmælenda sem starfa við deildina töldu að hún væri nú ekki talin eins eftirsóknaveit og áður af reyndum rannsóknarlögreglumönnum sökum þess að lítið er um bakvaktir og því fá tækifæri til að hækka launin. Einn rannsóknarlögreglumaður sagði:

... bæði þarf að gera þetta kannski launalega eftirsóknarverðara, vegna þess að til að mynda þegar það var verið að bæta við stöðum núna, þá var fullt af fólki sem vildi, sem hafði áhuga á að koma, en treysti sér ekki að fara úr öðrum deildum innan lögreglunnar af því að það lækkaði í launum. [...] Það eru sömu laun, en þú hefur minni bakvaktamöguleika og annað slíkt sko, og þetta er náttúrulega svolítið skekkja vegna þess að sambærilegar deildir erlendis eru yfirborgaðar sko, bara vegna þessa álags sem fylgir þessu ... (Rannsóknarlögreglumaður)

Í þessu samhengi minntist einn rannsóknarlögreglumaður á að það væri galli að ekki væru rannsóknarlögreglumenn á bakvakt um helgar, þegar flestar tilkynntar nauðganir eiga sér stað:

... svo er kannski einn aðal akkilesarhællinn er náttúrulega kannski að það eru helgarnar, þar sem að bakvakt getur komið úr ýmsum öðrum deildum sem er að sinna þessum málum sko. [...] Ja það er bakvakt í svonefndri miðlægri deild, sem samanstendur af þremur deildum ... og þar er kannski svolítið svona veikur punktur því að mörg nauðgunarmála gerast um helgar. (Rannsóknarlögreglumaður)

Viðmælandi úr hópi ákæranda nefndi einnig að betra væri að rannsóknarlögreglumenn ynnu vaktavinnu til að tryggja hraðari afgreiðslu mála:

Ég hef lengi verið talsmaður fyrir því að lögreglumenn í rannsóknardeildum vinni á vöktum, þannig að þeir vinni ekki dagvinnutíma, því oft erum við að eiga við fólk sem að er ekki að fúnkera á venjulegum dagvinnutíma, þannig að ég hef unnið með [nefnir aðra deild innan lögreglunnar] í nokkur ár og þar var unnið á vöktum og þar var oft miklu meiri árangur við að afgreiða mál, yfirheyra fólk og svo framvegis svona þegar að leið undir seinni part dags og á kvöldin, fá fólk inn í skýrslutökur og svoléiðis. (Ákærandi)

### *Samantekt*

Viðmælendur töldu að mikilvægt skref hefði verið stigið með stofnun kynferðisbrotadeildar við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og að rannsóknir á nauðgunar- og kynferðisbrotamálum hefðu orðið betri í kjölfar þess. Jafnframt kom fram að gæði rannsókna á öllu landinu hefðu aukist í kjölfarið og nú sé ekki teljandi munur á gæðum rannsókna hjá kynferðisbrotadeildinni og rannsóknardeildum lögregluembættanna á landsbyggðinni. Munur á gæðum rannsókna fari frekar eftir einstökum rannsóknarlögreglumönnum en lögregluembættum. Kynferðisbrotadeildin sinnir ekki lengur eingöngu

---

<sup>4</sup> Í rannsókninni "Vinnuvenning og kynjatengsl lögreglunnar" (2013) leitar Finnborg Salome Steinþórsdóttir svara við því af hverju konur eru svo fámennar meðal lögreglumanna. Rannsóknin var unnin í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra undir leiðsögn dr. Gyðu Margrétar Pétursdóttur.

rannsóknnum kynferðisbrotamála og voru skiptar skoðanir á því hvort sú þróun væri æskileg. Jafnframt ræddu viðmælendur um þá hugmynd að kynferðisbrotadeild yrði gefið formlegt ráðgjafarhlutverk gagnvart rannsóknardeildum á landsbyggðinni en ef svo færi yrði að auka veg deildarinnar og styrkja hana töluvert. Jafnframt kom fram að ekki væri talið jafn eftirsóknavert og áður að starfa við deildina þar sem möguleikar á að auka tekjurnar með því að vinna bakvaktir séu ekki fyrir hendi.

## 2.2.2. Menntun og þjálfun rannsóknarlögreglumanna

Lögregluskóli ríkisins sér um menntun lögreglumanna á Íslandi. Skólinn starfrækir grunnnámsdeild sem veitir lögreglumönnum menntun í almennum lögreglufræðum sem samsvarar einu ári á framhaldsskólastigi og þar af eru fjórir mánuðir verklegir. Lögregluskólinn starfrækir jafnframt framhaldsdeild sem veitir starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun, þar á meðal eru námskeið fyrir rannsóknarlögreglumenn. Lögregluskólinn hefur einnig milligöngu um að senda lögreglumenn á námskeið erlendis og þá iðulega á vegum CEPOL (European Police College Network) og einnig býður AEPC (The Association of European Police Colleges) upp á ýmis námskeið („Lögregluskóli ríkisins, almennar upplýsingar“, 2014).

Síðan 1999 hefur verið haldið grunnnámskeið (RLM 1) fyrir rannsóknarlögreglumenn á vegum framhaldsdeildar lögregluskólans, yfirleitt á hverju ári. Samkvæmt námskeiðslýsingu árið 2014 er um að ræða fjögurra vikna námskeið sem hefur það að markmiði „að nemendur öðlist þekkingu og færni til að bera ábyrgð á rannsóknnum sakamála gagnvart yfirboðurum sínum, kunni grunnatriði lögreglurannsókna og þekki kröfur sem gerðar eru til lögreglurannsókna til að ákærandi geti tekið ákvörðun um saksókn“ (Grunnámskeið RLM, námskeiðslýsing, 2014). Einum og hálfum degi er varið sérstaklega í ofbeldis- og kynferðisbrot og einnig fá nemendur kynningu frá Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota. Árið 2006, áður en kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var stofnuð, var fyrst haldið sérnámskeið um rannsóknir kynferðisbrota og var það fjögurra daga námsskeið sem hafði það markmið „að gera nemendur hæfari til að annast rannsóknir kynferðisbrota með áherslu á: Samskipti við þolendur, móttöku kærur, öflun sönnunargagna, yfirheyrslu vitna og sakborninga og mætingu í dóm“ (Rannsókn kynferðisbrota, námskeiðslýsing, 2006). Í desember 2013 og janúar 2014 var annað slíkt sérnámskeið haldið þar sem sérstök áhersla var meðal annars lögð á kynferðisbrot gegn börnum en einnig almennt á rannsóknir kynferðisbrota (námskeiðið var haldið eftir að viðtölin sem þessi rannsókn byggir á voru tekin). Um var að ræða tveggja vikna námskeið sem hafði það að markmiði „að dýpka þekkingu rannsóknarlögreglumanna og löglærðra fulltrúa á eðli kynferðisbrota, ekki síst gegn börnum, með áherslu á skýrslutöku, þverfaglega samvinnu, rannsóknarstjórnun og möguleika tæknirannsókna“ (Rannsóknir kynferðisbrota, sérnámskeið, 2013).

Í viðtölum við rannsóknarlögglumenn kom fram með afgerandi hætti að sú menntun sem þeir hljóti sé ekki nægjanleg og að skortur sé á tækifærum til aukinnar menntunar og þjálfunar á sviði rannsókna kynferðisbrotamála. Upplifun viðmælenda var jafnframt sú að þeir þurfi að miklu leyti að stóla á eigið hyggjuvit:

... lögregluskólinn er náttúrulega með grunnnámið og námskeið fyrir rannsóknarlögglumenn, sem eru tvær, þrjár vikur. Þessi sérnámskeið hafa því miður ekki verið nægjanlega mikið til boða ... Ef ég tala fyrir mig að þá hefur það nú verið reynslan sem að hefur kennt mér. Jú það hafa verið gefnar út leiðbeiningar frá ríkissaksóknara sem að maður hefur svona haft til hliðsjónar. (Rannsóknarlögglumaður)

Það eru samskiptin við fólknið sem við þurfum að læra meira um, markvissara, en það hefur ekkert verið í boði þannig að það hafa verið þessi klassísku lögreglunámskeið þar sem er bara almennt lært um rannsóknir og það er alveg að einhverju leyti yfirheyrslutækni, að litlu leyti, þetta er í skötulíki samt. Þannig að þetta snýr bara að þá þessum einstaka lögreglumanni, hvað gerir hann sjálfur, hvað skilur hann af því sem hann er að gera og hvernig vinnur hann með það. (Rannsóknarlögglumaður)

Þegar kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var stofnuð voru þrjár rannsóknarlögglumenn sendir til útlanda á sérnámskeið í rannsóknum kynferðisbrotamála en síðan þá hafa orðið mannbreytingar og ekki margir eftir í deildinni sem nutu góðs af námskeiðinu. Sumir viðmælenda, þá sérstaklega þeir sem starfa við kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, töldu að gagnleg námskeið um rannsóknir kynferðisbrotamála væri helst að finna erlendis, málaflokkurinn krefðist sérhæfingar sem væri af skornum skammti hér á landi:

... þetta er mjög sérhæfður málaflokkur, kynferðisbrotin, og það er kannski fátt um námskeið innanlands sem verða manni að gagni, nema kannski ráðstefnur eða eitthvað slíkt, en þetta er svona nám sem þarf að sækja svolítið erlendis. En auðvitað lærir maður síðan bara kannski mest af því að vera í þessum rannsóknum og þurfa að standa fyrir þeim fyrir dómstólum, það er náttúrulega heilmikill skóli. (Rannsóknarlögglumaður)

Eftir að ég varð rannsóknarlögglumaður þá fór ég á námskeið fyrir rannsóknarlögglumenn sem er í einhverjar vikur og þar voru einhverjir dagar þar sem að kynferðisbrotin voru kynnt. Þar var farið yfir rannsóknir í þessum málaflokki svona eins og hægt var að gera á nokkrum dögum. Þannig að það er eitthvað sem mér finnst vanta mjög mikið, það er tækifæri til menntunar á þessu sviði. Það er fullt af námskeiðum í boði erlendis, eingöngu erlendis. Ég hef beðið um að fara á hin ýmsu námskeið, en það er bara ekkert í boði út af fjárskorti. (Rannsóknarlögglumaður)

Einn rannsóknarlögglumaður ítrekaði alvarleika þess að fá ekki nægan undirbúning til að sinna rannsóknum í kynferðisbrotamálum og sagði: „[...] þú þarft bara algjörlega að bjarga þér sjálfur og þar gerast mistökin, þar fara hlutirnir úrskæðis.” Einn rannsóknarlögglumaður talaði sérstaklega um að mikilvægt væri að styðja betur við nýja rannsakendur:

... þarf að setja það helst á námskeið þar sem það lærir beinlínis rannsóknir kynferðisbrota, það þarf að vera undir handleiðslu reyndari manna og kvenna, og, hérna,

þarna er svolítið pottur brotinn vegna þess að það er svolítið þannig að menn koma inni deildina og fá svo bara sín mál úthlutað í rannsókn og svona reka sig margir hverjir á veggjum sem þeir hefðu ekki gert ef þeir hefðu verið betur undirbúnir. Þannig að ég held að þarna megi skerpa verulega á og vonandi gerist það á næstu árum. (Rannsóknarlögreglumaður)

Tveir viðmælendur höfðu sérstaklega orð á því að rannsóknarlögreglumenn skorti þekkingu á að taka skýrslur af einstaklingum með þroskahömlun og að rannsóknarlögreglumenn hefðu litla reynslu af slíkum málum þar sem fá þeirra eru kærð:

... ég hafði áhuga á að fá upplýsingar um það hvort að það væri verið að vinna til dæmis með fatlaða, þroskahefta, er ekki brotið á þeim? Jú, það er gert hægri vinstri, við vitum það, og það er vitað um það í félagsfræðigeira en þau mál eru eiginlega aldrei að komast upp og það er ekkert verið að vinna með þetta. (Rannsóknarlögreglumaður)

Annar rannsóknarlögreglumaður tiltók reynslu sína af skýrslutökum af ólíkum einstaklingum, tveir höfðu verið einhverfir, einn með þroskahömlun og einn siðblindur. Rannsakandi lýsti því að honum hefði fundist það erfitt og að hann hafi skort þekkingu á því hvernig slíkar skýrslutökur ættu að fara fram:

Ég hef tekið tvisvar skýrslur af svona einhverfum strákum og það var rosalega erfitt, það eru erfiðustu ... sko að segja ekki neitt það er svo erfitt. Það er kannski einhver þroskaröskun og kannski ekki að skilja orðin sem maður notar. Ég hef tekið skýrslu af [...] mikið þroskaheftum strák og, þú veist, þetta er bara mjög erfitt og ég hef líka tekið skýrslu af strákum sem eru bara siðferðislega brenglaðir, sem eru bara svona [...] siðblindir, og ef maður ætlar að ná eitthverju út úr skýrslutökunum, þá er þetta sérstaklega þegar maður er að taka af gerendum, ef maður ætlar að ná eitthverju út úr þessum strákum, eða þú veist þessum gerendum, þá þarf maður að kunna einhverja tækni. Hvernig talar maður við einhverfa? Hvernig talar maður við þá sem eru með mikla þroskaröskun? Eða þá sem eru algjörlega siðblindir? (Rannsóknarlögreglumaður)

Í þessu samhengi taldi viðmælandi úr hópi ákæranda mikilvægt að fjölga rannsóknarlögreglumönnum sem hafa fengið þjálfun í brotaflokknum og búi yfir þekkingu og viðhorfi sem nýtist við rannsóknir nauðgunar- og kynferðisbrotamála:

... það sem mér finnst svona kannski einkennandi fyrir stöðu mála hjá lögreglunni í dag er að það er bara of mikið af málum og of fáir að vinna við rannsóknir þannig að ef að ætti að styrkja, þá þyrfti helst að fjölga mannskap inn í þessar deildir og það er ekki sama hver kemur inn. Það þarf náttúrulega að velja inn réttu einstaklingana sem hafa þá réttan bakgrunn og svona mentalítet um hvernig þeir nálgast svona mál. Þeir þurfa að fá þjálfun og það er ýmislegt svoleiðis sem að væri hægt að bæta sko. (Ákærandi)

### *Samantekt*

Menntunarkröfur lögreglumanna og rannsakenda á Íslandi eru afar lágar. Samkvæmt viðmælendum úr hópi rannsóknarlögreglumanna kom fram með skýrum hætti að rík ástæða væri til að bæta nám, þjálfun og fræðslu rannsóknarlögreglumanna hvað varðar rannsóknir nauðgunar- og kynferðisbrota. Viðmælendur úr hópi rannsóknarlögreglumanna sögðust helst stóla á eigið hyggjuvit og reynslu. Einnig kom fram að sérstaklega mætti bæta stuðning við nýja rannsóknarlögreglumenn á sviðinu og jafnframt að þjálfu

rannsóknarlögreglumenn í yfirheyrslutækni og skýrslutökum af brotaþolum og sakborningum úr ólíkum samfélagshópum, en þeir hópar sem voru sérstaklega nefndir voru börn, unglingar og fólk með með ýmiss konar fatlanir. Hér skal þó tekið fram að Lögregluskólinn stóð fyrir tveggja vikna sérnámskeiði um rannsóknir kynferðisbrota eftir að viðtölin fóru fram. Rannsóknarlögreglumenn við kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki fengið sérstök tækifæri til sérþjálfunar að undanskildum þremur rannsakendum sem fóru á sínum tíma á námskeið erlendis um skýrslutökur af börnum, en sumir þeirra starfa ekki lengur við deildina.

### **2.3. Réttargæsla í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum**

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er lögreglu skylt að tilnefna réttargæslumann, þ.e. lögmann, til handa brotaþola ef brotið varðar kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Ef brotaþoli er undir 18 ára aldri skal alltaf tilnefna réttargæslumann. Í 45. gr. sakamálalaga segir að hlutverk réttargæslumanns sé að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfu. Réttargæslumanni er heimilt að vera viðstaddur skýrslutöku skjólstæðings síns og á rétt til að vera viðstaddur öll þinghöld í máli en er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur brotaþola en ekki um kröfur ákærvalds að öðru leyti. Á meðan á rannsókn málsins stendur á réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstæðings síns. Samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru brotaþolar ekki aðilar að sakamálum, ólíkt sakborningum. Lögreglu og ríkissaksóknara er einungis skylt að tilkynna brotaþola, eða réttargæslumanni hans, um gang málsins ef rannsókn þess er hætt eða það fellt niður og eins ef ákæra er gefin út. Ef ákæra er gefin út, fær brotaþoli, eða réttargæslumaður hans, þó ekki aðgang að kærinni fyrr en liðnir eru þrír sólarhringar eftir að búið er að birta ákærana, og skal þingfesting fara fram svo fljótt sem verða má eftir að ákæran er gefin út.

Í viðtölunum kom fram að fyrsta aðkoma réttargæslumanna að nauðgunarmálum er iðulega sú að lögregla hringir í réttargæslumanninn þegar brot er tilkynnt eða kært. Í þeim tilvikum sem brotaþoli leitar til Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Reykjavík hafa heilbrigðisstarfsmenn samband við réttargæslumanninn, en í tengslum við Neyðarmóttökuna hefur lengi starfað hópur réttargæslumanna. Réttargæslumaðurinn setur sig svo iðulega í samband við brotaþola og veitir honum aðstoð og upplýsingar um kæruférlid. Á smærri stöðum úti á landi er stundum engan réttargæslumann að finna og þá er brotaþola tilnefndur réttargæslumaður sem er búsettur annars staðar. Í slíkum tilvikum eru réttargæslumenn oft viðstaddir skýrslutöku í gegnum síma eða koma jafnvel ekki að málum fyrr en eftir skýrslutöku brotaþola hjá lögreglu. Réttargæslumenn töldu að fyrirkomulagið sem tíðkast hjá Neyðarmóttökunni í Reykjavík væri æskilegt, því mikilvægt væri að brotaþoli fengi ráðgjöf við fyrsta tækifæri og skjót viðbrögð á fyrstu



klukkustundunum og dögnum eftir að brotið er framið gætu skipt sköpum um framgang málsins innan réttarvörslukerfisins. Réttargæslumaður sem starfar á landsbyggðinni lýsti því svona:

... ég held það væri ótrúlega mikilvægt og mér finnst þetta dálítið mikill galli að það skuli ekki vera gert hér. Það er ekki sem sagt. Þetta er eitthvað sem ég hef pirrað mig svolítið á, sérstaklega á þetta við þegar það er mjög nýtt brot, ef það eru kannski bara innan við þrjár sólarhringar síðan það gerðist sko og eru mögulega ennþá einhver sýnileg sönnunargögn, mögulega ennþá hægt að taka lífsýni og allskonar svoleiðis sko. Þá væri mjög æskilegt að réttargæslumaður kæmi og talaði við brotapolann varðandi ákvarðanatöku um að kæra eða ekki kæra [...] og hvað það er mikilvægt að kæra strax, eða sem sagt fara strax í rannsóknarferli og hérna, já ég held það væri ótrúlega mikilvægt. (Réttargæslumaður)

Sami réttargæslumaður sagði jafnframt að það mætti útfæra tvo ólíka viðbragðsferla eftir því hvort brotin eru nýafstaðin eða hvort langt er um liðið. Ef brot er nýafstaðið er mikilvægt að kalla réttargæslumann til hið fyrsta til að veita brotþola ráðgjöf. Samkvæmt niðurstöðum fyrri hluta þessarar rannsóknar eru allmörg mál tilkynnt til lögreglu en ekki fylgt eftir með kæru. Ljóst er að nokkuð stór hluti brotþola ákveður að kæra ekki. Af þeim 189 málum sem bærust lögreglu á árunum 2008 og 2009, var rannsókn hætt í 101 máli en í 43 af þeim lá ekki fyrir kæra og í þremur málum til viðbótar var kæra dregin til baka (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Í þessu samhengi lýsti réttargæslumaður í teymi Neyðarmóttökunnar í Reykjavík því að ekki væri síður mikilvægt að veita brotþola stuðning *áður* en ákveðið hefur verið hvort leggja eigi fram kæru, þar sem brotaflokkurinn einkennist af mikilli tregðu til að kæra:

Við erum svolítið upptekin af því hér að vinna með þolendur. Það er að segja þegar við fáum þolendur eða fólk sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi, nauðgun, þá fer svolítið þúður í það að spjalla við fólk um það hvort það eigi að kæra eða ekki, og þetta einkennir þennan málaflokk, hann sker sig úr, fólk þarf að velja því mjög mikið fyrir sér hvort það ætlar að kæra og leita réttar síns [...] það er heltekið einhvern veginn af því að það hafi átt einhvern þátt í þessu ... (Réttargæslumaður)

Annar viðmælandi úr hópi heilbrigðisstarfsmanna sagði:

... sko mitt hlutverk eru hagsmunir skjólstæðingsins, punktur. Og það er ekkert alltaf að kæra, þannig ég tek ekki afstöðu með eða á móti kæruférlinu og þannig vinnum við öll hér, við erum fyrst og fremst að hjálpa einstaklingum að komast að sinni ákvörðun ef að það kemur til þess um hvað hann eða hún vill gera, ekki taka ákvörðun fyrir eða hafa áhrif á með neinum hætti, af því að þetta er bara ofboðslega erfitt ferli ... (Sálfræðingur)

Viðmælandi úr hópi sálfræðinga lýsti því hvernig margir skjólstæðingar hans glíma við afleiðingar nauðgana og eiga oft sjálfir erfitt með að meðtaka upplifun sína eða kenna sér um að brotið hafi verið gegn þeim:

... fólk er rosalega hrætt um að vera ekki trúað af því að það á bággt með að trúa sjálft að þetta hafi komið fyrir og það myndast þetta misræmi 'ég veit hvað gerðist en ég bara trúi ekki að þetta hafi gerst, það bara getur ekki verið að einhver hafi komið svona fram'. [...] fólk er, ég meina, að takast á við þetta samfélagslega þú veist 'ég hlýt að hafa verið í of stuttu þísi, ég hlýt að hafa daðrað' ... (Sálfræðingur)

Einn viðmælandi úr hópi réttargæslumanna sagði einnig að sumar konur og stúlkur treystu sér ekki til þess að kæra því þær teldu að málið yrði fellt niður og treystu ekki réttarvörslukerfinu. Einnig mætu sumir

þolendur það svo að þær vildu ekki útsetja sig fyrir „fordæmingu“ af hálfu vina og kunningja. Réttargæslumaður lýsti því hvernig sumir skjólstæðingar hans hefðu sagt frá upplifun sinni á viðbrögðum samfélagsins:

... bara þú veist: 'djöfulsins mellan þín, þú ert að kæra hérna hann Jón'. Þær eru í búðinni skilurðu með mömmu sinni eða eitthvað [...] í skólanum, bræður vinkvenna þeirra, stundum vinir þeirra, stundum einhver sem þær bara þekkja ekki neitt, skrifa þeim á facebook 'þú ert nú meiri auminginn, þú ert búin að kæra hérna þennan og hann er nú góður drengur, ég veit að hann myndi aldrei gera svona'. Þú veist það er rosalega samfélagslegt, bara terrorismi ... á þessar konur og þessar stelpur. (Réttargæslumaður)

Annar viðmælandi úr hópi heilbrigðisstarfsmanna sagði:

... ég vona að ef ég myndi einhvern tímann lenda í svona, að ég vona að ég myndi hafa hugrekki til þess að kæra, en það er meira en að segja það, af því að þú færð alls kyns skítkast í gegnum þetta ... (Sálfræðingur)

Viðmælendur af heilbrigðisviði lýstu því einnig að það að kæra kynferðisbrot geti haft neikvæð áhrif á heilsu, líðan og bata brotþola. Brotþolar hafa í mörgum tilfellum ekki trú á réttarvörslukerfinu, biðin eftir ákvörðunum getur verið þeim þungbær, brotþolar geta svo upplifað að þeim sé ekki trúað þegar lögregla hættir rannsókn eða ríkissaksóknari fellir niður mál, sem getur valdið bakslagi í líðan, og í þeim tilvikum þar sem ákæra er gefin út, getur tilhugsunin um að mæta fyrir dóm verið gríðarlega kvíðavekjandi. Ef sakborningur er svo sýknaður, geta brotþolar upplifað annað áfall. Sálfræðingur sem starfar með brotþolum undir 18 ára aldri sagði:

... þetta getur hreinlega verið annað áfall, við þurfum oft að byrja bara langt til baka í meðferðinni. Og svo náttúrulega alveg ofboðslega mikill kvíði áður, þannig að þetta tefur meðferðina mikið því við getum ekki einbeitt okkur að sjálfu meðferðarþrógramminu heldur þurfum við að virkilega að styrkja barnið að meðtaka þetta og díla við það og svo framvegis, og það verður afturför, mjög oft aukning á kvíða og depurðareinkennum. (Sálfræðingur)

Annar viðmælandi úr hópi sálfræðinga sagði: „þetta er alveg gríðarlega streituvaldandi og kallar oft á mikið bakslag í líðan að fara fyrir dóm, og stundum tefur bara batann ...“ Einn sálfræðingur var spurður af hvaða ástæðum þolendur kærðu helst og sagði hann ástæðurnar ýmist vera þær að „standa með sjálfum sér“, í sumum tilvikum hefðu brotþolar áður verið beittir kynferðisofbeldi og segðu: „ég þorði aldrei að gera neitt þá, og ég bara get ekki látið það ganga yfir mig og mér leið alltaf illa og sá eftir því, ég ætla ekki að setja sjálfa mig í þá stöðu aftur“; eða það sem viðmælandi taldi vera algengast: „oftast eru þetta almannahagsmunir, [...] ‘aðrar stúlkur geta ekki gengið í gegnum, mega ekki þurfa að ganga í gegnum þetta eins og ég.“ Viðmælandi taldi að brotþolar væru í sumum tilvikum komnar út í kærufarli vegna utanaðkomandi þrýstings:

... og svo er það bara: allir eru að hvetja mig. Og þær eru ekkert endilega búnar að móta hugmyndina sjálfar, það er bara þrýstingurinn: ég á að gera þetta, og þær eru oft komnar út í kærufarli, þær eru varla búnar að fatta að þeim hafi verið nauðgað, þú veist þær eru

bara svo ringlaðar í kaótíkinni og bara fastar í atburðunum. Þannig það getur verið svo rosalega mismunandi. (Sálfræðingur)

Önnur ástæða sem viðmælandi sagði að brotapolar nefndu stundum væri: „vinkona mín lenti í þessu og ég vil kæra af því að hún kærði ekki og það fór svo ógeðslega illa með hana, hún sá alltaf eftir því ...“

Ein af skyldum réttargæslumanna er að aðstoða brotapolu við að setja fram einkaréttarkröfu vegna þess miska, eða skaða, sem brotapolu hefur hlotið vegna brotsins. Viðmælandur úr hópum réttargæslumanna og ákæranda höfðu orð á því að nokkur núningur gæti komið upp þegar kæmi að því að samþætta einkaréttar- og sakamálahluta málanna. Nú er það svo að lögregla kallar eftir bótakröfu eftir að kæruskýrsla hefur verið tekin af brotapolu og hafa réttargæslumenn þá 7 daga til að skila henni til að tryggja að hún sé hluti af gögnum málsins. Í málum þar sem gefin er út ákæra hvílir engin frekari tilkynningaskylda á lögreglu og ákærvaldi fyrr en þremur dögum eftir að ákæra er gefin út en þá er of seint að skila inn bótakröfu. Einn réttargæslumaður hafði orð á því að það væri ekki hægt að ætlast til að bótakrafa lægi fyrir með svo skömmum fyrirvara þar sem skýrar upplýsingar um afleiðingar lægju þá ekki fyrir:

... þá er maður ekki búin að fá framburðinn einu sinni skriflegan eða neitt og maður þikkar bara uppúr það sem maður man úr skýrslutökunni til að fara að gera eitthvað sem verjandinn fer svo að þikka í og er brjáláður yfir að þetta sé bara eitthvað bull, og hérna 'hún sagði nú í bótakröfunni að þetta hafi verið svona', þú veist, það náttúrlega gengur ekki, maður fer bara ekkert eftir því. Ég geri aldrei bótakröfuna innan 7 daga. (Réttargæslumaður)

Einn viðmælandi benti einnig á að sumir brotapolar vilji ekki að bótakrafa sé lögð fram fyrr en búið er að ákveða að gefa út ákæru:

Það er stundum sem brotapolar eru eitthvað að hugsa sko þegar þetta er óvissa, hvort þetta er mál sem fer í ferli, eða kannski jafnvel vitað í upphafi að það er frekar ólíklegt, að þeir vilja ekki gefa gerandanum kost á að segja 'hún er bara að sækja sér peninga', og vilja síðan ekki fara með bótakröfu nema málið verði ákært. (Réttargæslumaður)

Ef bótakrafan er ekki kominn inn í málið þegar ákærvaldið fær málið til meðhöndlunar, er ákæranda ekki skylt að kalla eftir henni þótt það sé iðulega gert, eins er það svo samkvæmt lögum að bótakrafa á ekki tefja gang sakamáls. Einn ákærandi sagði:

Þetta eru samskiptavandamál bara. Þetta er bara eitt mess sko. Bótakröfurnar eru kannski ekki komnar inn í málin þegar það kemur sko, þá er maður að hringja í réttargæslumanninn og spyrja: 'ertu ekki að fara að skila inn bótakröfu?', og þá kemur viðkomandi af fjöllum: „hva, er málið komið til þín' eða 'já ég þarf endilega að fara að gera þetta'. (Ákærandi)

Annar ákærandi sagði í þessu samhengi:

Í lögunum er sko tilkynningaskylda á ákæranda gagnvart réttargæslumanni þegar búið er að birta ákæru. Það er eina tilkynningaskyldan sem er sko. En það geta verið góðir rannsóknar- og stjórnvísulhættir að senda réttargæslumanninum tölvupóst og segja:

'heyrðu, við erum að senda málið til ríkissaksóknara' eða eitthvað svona. Það eru bara svona eðlileg samskipti. Og eflaust mætti bæta það sko ... (Ákærandi)

Þegar aðrir viðmælendur voru spurðir hvort vel væri staðið að réttargæslu í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum töldu þeir flestir að svo væri en þó væri það misjafnt eftir réttargæslumönnum hve mikla þjónustu þeir veita: „réttargæslumennirnir eru flestir mjög góðir en þeir sinna brotapolum mjög mismunandi“ (Heilbrigðisstarfsmaður). Einn dómari sagði til dæmis að þegar réttargæslan hafi komið til hafi orðið „algjör bylting í þessum málaflokki“ og að almennt væri vel staðið að stuðningi við brotþola, bæði hjá Neyðarmóttöku og hjá réttargæslumönnum, en að réttargæslumenn virtust þó sinna starfi sínu misvel þegar kemur að samskiptum, ákvarðanatöku og aðstoð við brotþola. Einn viðmælandi úr stétt dómara lýsti því hvernig brotþolar kvörtuðu stundum yfir því að þeir ættu „erfitt með að ná saman við sinn réttargæslumann“ og fyrir kæmi að réttargæslumenn „fari stundum fram í málum án þess að vera í beinu sambandi við sinn skjólstæðing“. Sumir ákærendur og sálfræðingar töldu að stundum vantaði upp á að réttargæslumenn sinntu skjólstæðingum sínum nægilega vel, þar á meðal með því að undirbúa viðkomandi fyrir réttarhöld. Viðmælendur úr hópi sálfræðinga töldu að þjónusta við brotþola væri mismunandi og færi eftir réttargæslumönnum. Einn sálfræðingur sagði: „... þegar það er búið að ákveða að gefa út kærnu þá fyndist mér ekkert vitlaust að það yrði einhvern veginn betri undirbúningur fyrir brotþola. Þær koma oft mjög grænar inn í þetta ferli“. Annar sálfræðingur sagði: „margir bara sem að náttúrulega taka að sér of mikið.“ Viðmælendur úr hópi ákæranda sögðu að margir réttargæslumenn væru mjög góðir en oft mættu þeir sinna starfinu betur: „þeir ættu nú að vera aðeins virkari að fylgjast með málunum. Þeir geta ekki ætlast til þess að lögreglan sé kannski alltaf að passa upp á þá.“ (Ákærandi). Ákærandi sagði einnig: „Mér finnst bara sumir ekki sinna þessu nógu vel. Ég veit ekkert alveg af hverju það er. Kannski er illa borgað fyrir þetta, kannski er fólk með of mikið í gangi sko. Ég meina, við erum að mæta ítrekað fyrir réttargæslumenn í dóminn.“ Hann sagði einnig:

Svo finnst mér stundum sko að réttargæslumenn ættu að gefa sér svolítinn tíma að undirbúa brotþolann, útskýra fyrir honum hvernig þetta gengur fyrir sig þegar þú kemur í dómsalinn. Hvernig lítur dómsalurinn út. Við höfum verið með réttargæslumann sem bara fór með viðkomandi daginn fyrir aðalmeðferð og sýndi honum: 'svona er dómssalurinn, þú átt að sitja þarna og þarna eru dómarnir, sækjandinn', skilurðu, 'þú ert svona nálægt sakborningnum' og bara svona undirbúa hann fyrir þetta. [...] Ég hef verið vitni í sakamáli og ég man alveg að mér fannst þetta svolítið svaðalegt, stressandi svona. (Ákærandi)

Annar ákærandi taldi einnig að réttargæslumenn mættu undirbúa brotþola betur fyrir skýrslutökur fyrir dómi:

... mér finnst stundum að það hafi skort á að brotþoli sé betur undirbúinn undir skýrslutökur fyrir dómi. Og mér finnst mjög mikilvægt að réttargæslumenn geri það að þeir taki kannski deginum áður og undirbúi brotþola fyrir skýrslutöku af því að þær geta verið svo massívar og erfiðar [...] svo þetta komi ekki eins og ísköld gusa sko framan í

þær. Af því að ég er náttúrulega aðilinn sem á að gæta hlutleysis [...] ég þarf líka að spyrja óþægilegu spurninganna. (Ákærandi)

Tveir viðmælendur höfðu orð á því að réttargæslumenn mættu vanda betur til verka er kemur að bótakröfunni. Einn viðmælandi úr hópi ákærenda taldi réttargæslumenn mega rökstyðja betur bótakröfur og fannst einkennilegt „af hverju þær komi ekki með einhverja dóma til að rökstyðja bótakröfuna, fjárhæð bótakröfu, mér finnst það svolítið sérstakt. Og ég velti því fyrir mér hvort að allir séu svo önnum kafnir að þeir geti ekki undirbúið sig.“ (Ákærandi). Annar viðmælandi úr dómarastrétt taldi að ekki væri verið að láta reyna á bótarétt brotaþola til fulls í kynferðisbrotamálum:

Ef það er eitthvað að þessum málum, svona málsmeðferðinni, þá má alveg setja spurningarmerki við það hvort að það hafi í gegnum tíðina verið látið reyna á bótarétt brotaþola til fulls. Það hefur verið metinn miskinn, svona með einhverjum slumpum, en það hefur ekki verið látið reyna á það til hlítar hvaða áhrif þetta hefur til dæmis á starfsorku fólks. Bótakröfurnar í þessum málum, það hefur ekki verið haldið eins vel utan um þær eins og bótakröfur í til dæmis venjulegum líkamsárásarmálum, þar sem fer fram sko, fyrir utan að afla læknisvottorða og svona, biðja menn um dómkvadda matsmenn jafnvel og meta bæði miska, varanlegan miska og svo varanlega örorku. (Dómari)

Í grein sinni „Skaðabætur vegna kynferðisbrota – er réttur brotaþola ekki að fullu sóttur?“ fjallar Eiríkur Jónsson (2012), prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, um þau úrræði sem skaðabótarétturinn getur veitt þolendum kynferðisbrota og kemst að þeirri niðurstöðu að brotaþolar eigi víðtækari rétt til bóta en ráða megi af fyrirbyggjandi dómaframkvæmd, sérstaklega í tilvikum þar sem afleiðingar brotsins eru langvarandi. Í greininni eru þeir sem aðstoða brotaþola, eins og til dæmis réttargæslumenn, hvattir til að kanna hvort brotaþolar geti átt rétt til bóta samkvæmt I. kafla skaðabótalaga.

Í viðtölum við réttargæslumenn kom aftur á móti fram að oft líta brotaþolar fjárhagslegar bætur ekki jákvæðum augum. Eins og fram kom hér að ofan vilja sumir brotaþolar helst ekki að bótakrafan sé lögð fram fyrir en það liggur fyrir að ákært verði í málinu því „þeir vilja ekki gefa gerandanum kost á að segja: hún er bara að sækja sér peninga“ (Réttargæslumaður). Og eins og annar réttargæslumaður sagði þá finnst sumum þetta vera „ógeðslegir peningar“ og vilja ekki peninga heldur réttláta meðferð:

... það eru nefnilega ekkert allir tilbúnir til þess að fá peningana, sumir segja bara: 'ég vil ekki bótakröfu inn í þetta mál, ég vil ekki einhverja peninga' – og það er oft fólk sem hefur fengið áður bætur út af kynferðisbroti, það bara segir: 'þetta voru ógeðslegir peningar, ég bara vissi ekki að mér myndi líða svona', og margir verða bara reiðir: 'bótakrafa, þú veist ég er ekkert hérna til þess að eltast við þessa peninga, ég vill bara fá réttláta meðferð og að þetta mál verði dæmt' ... en ég held að það þyrfti að skoða aðeins [...] þetta er fornt, þetta er ævagamalt að bæta fyrir tjón með peningum, bara fyrir meingerð þá sem að þér hefur verið gerð, eða þú veist fjölskyldur borguðu, og borguðu fyrir morð og árásir [...] ég reyni að útskýra þetta þannig og flestir fallast á það, bara 'já okei'. Það þarf að skoða þetta svolítið betur, kannski hefur þetta orðið útundan. (Réttargæslumaður)

Réttargæslumenn voru spurðir um hvers konar menntun og fræðslu þeir hefðu fengið um störf réttargæslumanna. Í viðtölunum kom fram að fjallað væri um hlutverk réttargæslumanna, réttindi þeirra og skyldur, í lögfræðináminu og eins í námskeiði sem lögfræðingar taka til að öðlast lögmansréttindi. Viðmælandi sem tilheyrir teymi réttargæslumanna hjá Neyðarmóttökunni í Reykjavík kvaðst einnig hafa fengið upplýsingar, verklagsreglur og fræðslu um málaflokkinn hjá heilbrigðisstarfsmanni Neyðarmóttökunnar. Viðmælendur úr hópi réttargæslumanna töldu ástæðu til að skipuleggja aukna fræðslu fyrir réttargæslumenn og samræma þjónustu við brotaþola. Einn viðmælandi taldi einnig ástæðu til að réttargæslumenn mynduðu undirdeild í lögmannafélaginu þar sem unnið yrði að því að tryggja réttindi brotaþola:

... mig dreymir um það að það verði búin til deild í lögmannafélaginu og að við gerum okkur einhverjar svona, kannski einhverjar vinnureglur eða ræðum þetta, hlutverk okkar og sérstaklega að við erum, gætum verið sterkur þrýstihópur til þess að fá breytingar sem að snúa að réttindum þolenda, af því að réttindi sakamanna hafa verið bætt alveg stórkostlega á undanförunum kannski tíu, fimmtán árum og allir sátir við það [...] það þurfti að gera það, en það þarf líka að skoða aðeins það sem að þolendur búa við. (Réttargæslumaður)

Eins og fram kom í upphafi kaflans eru brotaþolar ekki aðilar að sakamálum á Íslandi. Það sama á við í Danmörku, en á hinum Norðurlöndunum er staða brotaþola sterkari. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa brotaþolar rétt til að gerast aðilar að sakamálum og í Noregi var lögum breytt árið 2008 til að styrkja stöðu brotaþola. (Robberstad, 2014). Í breytingum fólst meðal annars aukinn aðgangur að upplýsingum á öllum stigum máls; réttur til að hlýða málflytning fyrir dómi; réttur á að gefa yfirlýsingu áður en ákærði gefur skýrslu fyrir dómi; og réttur til að spyrja spurninga, gera athugasemdir við sönnunargögn og gefa lokayfirlýsingu fyrir dómi (Amnesty International, 2010).

### *Samantekt*

Í viðtölunum kom fram að viðmælendur úr hópi réttargæslumanna töldu mikilvægt að þeir kæmu sem fyrst að málunum, sérstaklega málum þar sem brotið var nýafstaðið. Það var talið sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að oft eru brotaþolar nauðgunar- og kynferðisbrota af ýmsum ástæðum tregir til að kæra brotin, en mikilvægt er að rannsókn málanna hefjist sem allra fyrst til að auka möguleika á öflun sönnunargagna. Núnings gætir á milli lögreglu og ákæranda annars vegar og réttargæslumanna hins vegar um það hvenær einkaréttarkrafa fyrir hönd brotaþola á að liggja fyrir, en fram kom að réttargæslumenn teldu sig ekki fá nægan tíma til að útbúa slíkar kröfur. Þar sem brotaþolar eru ekki aðilar að sakamálum, fá þeir litlar upplýsingar um gang málsins nema réttargæslumenn sækist eftir þeim. Það getur því farið svo að ákærandi gefi út ákæru í máli án þess að einkaréttarkrafa liggja fyrir, en ákærundur tóku fram að þeir leituðust við að tryggja að svo færi ekki. Viðmælendur töldu flestir að réttargæsla í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum væri misgóð og færi eftir réttargæslumönnum, og bæta mætti þjónustu við brotaþola og samræma hana.

Einnig kom fram að réttargæslumenn mættu vanda betur til bótakrafna og láta í auknum mæli reyna á rétt brotþola til bóta.

### 2.3.1. Forvarnaorðræða um áfengisneyslu og nauðganir

Þegar viðmælendur lýstu dæmigerðum nauðgunarbrotum vísuðu þeir iðulega í það hve oft nauðgunarbrot eru tengd áfengisneyslu og annarri vímuefnaneyslu. Ljóst er að áfengi er hluti af langflestum þeirra nauðgana sem kærðar eru til lögreglu, en rannsókn um einkenni og meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins leiddi í ljós að af öllum nauðgunarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu árin 2008 og 2009 voru 89% þeirra tengd neyslu vímuefna, þ.e. 73% þolenda og 69% gerenda höfðu neytt áfengis eða (í fáum tilvikum) annarra vímuefna (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Í þessu samhengi vísuðu sumir viðmælendur í þá umræðu sem átti sér stað í kjölfar ummæla Björgvins Björgvinssonar, þáverandi yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem birtust í viðtali við DV þann 16. ágúst 2010, en þar sagði hann meðal annars:

Það er líka annað í þessu að það er alltaf undir hverjum og einum komið að vera meðvitaður um það að ef þeir drekka mikið, taka lyf eða fíkniefni þá getur ýmislegt gerst. Vandamálið felst meðal annars í því að fólk leitast ekki inn á við og sér ekki að það er að setja sjálft sig í hættu með drykkju og dópneyslu. Oftast en ekki eru þessi mál tengd mikilli áfengisnotkun og ekki á ábyrgð neins nema viðkomandi sem er útsettur fyrir því að lenda í einhverjum vandræðum. Það er erfitt hvað það er algengt að fólk bendir alltaf á einhverja aðra og reynir að koma ábyrgðina yfir á þá. Fólk ætti kannski að líta oftast í eigin barm og bera ábyrgð á sjálfu sér. (Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, 2010, 16. ágúst)

Þessi ummæli Björgvins vöktu hörð viðbrögð víða í samfélaginu og var haft eftir Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, að ummælin væru óásættanleg. Ef rétt væri eftir haft myndu Stígamót lýsa yfir vantrausti á hann og að með þessum ummælum hlyti Björgvin „óbeint að vera að lýsa yfir sakleysi nauðgara sem nauðga konum í annarlegu ástandi“. Stígamót gætu ekki hvatt konur til að kæra ef vitað væri að móttakandinn liti svo á að nauðgunin hafi verið brotþola að kenna. Guðrún kallaði eftir skýringu frá lögregluþyriföldum á málinu og sagðist vona að skýringar á fáum dómum í nauðgunarmálum lægju ekki í svona viðhorfum. Jafnframt var haft eftir Höllu Gunnarsdóttur, þáverandi talskonu Femínistafélags Íslands, að ef rétt væri eftir haft, væri Björgvin „ekki hæfur til að sinna sínu starfi“. Ragna Árnadóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, sagði að fráleitt væri að leggja ábyrgð nauðgana á brotþola en að mikilvægt væri að Björgvin fengi tækifæri til að skýra mál sitt í þessu samhengi. Hún hefði óskað skýringa frá lögreglustjóranum í Reykjavík („Krefjast skýringa á ummælum lögreglu“, 2010, 17. ágúst). Í kjölfarið baðst Björgvin afsökunar á ummælum sínum og taldi þau til þess fallin „að skaða trúverðugleika rannsókna lögreglunnar á þessu viðkvæma og mikilvæga sviði“. Óskaði hann eftir því að vera færður úr starfi yfirmanns kynferðisbrotadeildar LRH („Björgvin hættir sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar“, 2010, 17. ágúst). Um þremur mánuðum síðar

tók Björgvin aftur við starfi sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar að beiðni lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins („Björgvin tekur aftur við kynferðisbrotadeild lögreglunnar – Vék vegna umdeilda ummæla“, 2010, 11. nóvember).

Eins og áður sagði vísuðu sumir viðmælendur í rannsókninni til þessa máls og fannst mörgum þeirra að ómaklega hafði verið vegið að Björgvini. Orð hans hefðu verið „mistúlkuð“, snúið hefði verið út úr „varnaðarorðum“, og viðbrögðin hafi verið „ósanngjörn“. Einn viðmælandi reifaði upplifun sína af málinu á eftirfarandi hátt:

... það var nú allt brjálað hérna fyrir nokkrum árum auðvitað þegar hann að mínu mati ... orð hans voru mjög mistúlkuð sko, þegar hann hérna vogaði að segja að það væru nú sko ástæða fyrir ungar stúlkur á djamminu að passa sig, drykkjuna og annað slíkt. Og þar með sko, ég veit ekki, kom mikil holskefla af miklum mótmælum. Þú manst örugglega eftir þessu. Þetta var túlkað eins og hann segði að þær gætu bara sjálfum sér um kennt, þær væru svo fullar sko. Það var náttúrulega alls ekki það sem hann var að meina. Það sem hann var að meina er að það er ýmislegt sem við getum gert til að þess að koma í veg fyrir ... en með því er ekki verið að taka ábyrgðina af þeim mönnum sem notfæra sér síðan svona ástand. En þú veist, við viljum samt forða sem flestum frá þessu skilurðu. En auðvitað er þetta síðan það sem gerist, auðvitað verða menn að bera ábyrgð á því. En það er ekki verið að tala um 'ekki vera í stuttu pils', þú veist, og 'passaðu þig að verða ekki full annars er þetta þér að kenna'. Það er ekki þannig, eða ég skildi orð hans ekki þannig og ég veit að hann hefur, hann á að gæta hlutleysis og allt það og hann er mikill talsmaður réttinda brotaþola. Þannig að mér fannst þetta svolítið ósannjarnt, ósanngjörn viðbrögð. Ókei, þetta var kannski óvarlega orðað held ég. (Verjandi)

Í þessari tilvitnun endurspeglast ákveðin togstreita sem einkenndi einnig viðhorf fleiri viðmælanda. Undirliggjandi þráður í tilvitnuninni er að verja fagaðila sem einnig starfar við meðferð nauðgunarmála á þeim forsendum að hann sé „mikill talsmaður réttinda brotaþola“ og því sé ósannjarnt að gagnrýna hann svo harkalega fyrir óvarleg ummæli. En togsteitan felst þó ekki síður í því að finnast að einhverju leyti eðlilegt að vara ungar stúlkur við að drekka of mikið til að forða sem flestum frá því að vera beittar kynferðisofbeldi. Á sama tíma er einnig áreitta að ábyrgðin á kynferðisofbeldi sé aldrei þolandans heldur þeirra sem notfæra sér ástand þeirra. Þessa nálgun mátti einnig sjá í fræðslufni Lýðheilsustöðvar fyrir ungt fólk um áfengi og skaðsemi þess árið 2009 þar sem auglýsing innihélt m.a. eftirfarandi skilaboð: „Ef þú drekkur ekki áttu síður hættu á að verða fyrir ofbeldi, s.s. barsmíðum og nauðgun“, þessi skilaboð vöktu umræðu í samfélaginu og voru meðal annars gagnrýnd af Femínistafélagi Íslands en í tilkynningu frá félaginu sagði: „Skömmin, sektin og ábyrgðin hvílir á ofbeldismanninum, ekki fórnarlömbum hans, sama undir hvaða kringumstæðum ofbeldinu er beitt“ („Fórnarlömb ofbeldis bera aldrei ábyrgð“, 2009, 17. apríl). Í kjölfarið birtist afsökunarbeiðni á heimasíðu Landlæknisembættisins þar sem fram kom að rangur texti hafði farið í auglýsinguna og var auglýsingin leiðrétt þannig að hún hljóðaði: „Ef þú drekkur ekki áttu síður hættu á að verða fyrir ofbeldi“ („Rangur texti í auglýsingu Lýðheilsustöðvar“, 2009, 16 apríl).

Það að setja drykkju ungra kvenna í samhengi við forvarnir vegna nauðgunar- og kynferðisbrota endurspegladist í orðum nokkurra viðmælanda, til að mynda:



... að láta sér detta þetta til hugar að drekka heila flösku af sterku áfengi áður en þú ferð út, það er náttúrulega ávísun á stórslys í besta falli sko. (Rannsóknarlögreglumaður)

Já, við töluðum aðeins um forvarnir áðan, og ég held að það sé eitt sem hefur verið svona viðkvæmt að ræða, að það náttúrulega er stór hluti nauðgunarmála sem gerast náttúrulega þegar fólk er ofurölvi einhversstaðar og það er náttúrulega þekkt að ölvun eykur á ... eða þú ert líklegri að verða fyrir afbrotum ef þú ert ölvaður, hvort sem það er á þessu sviði eða einhverju öðru, þannig að svona vímuefnamálin þau samvinnast þessum kynferðisbrotamálum alveg klárlega og eitthvað sem þyrfti að skoða líka, að fólk sem fer, er ofurölvi í, fer niðrí bæ að skemmta sér og er ofurölvi, það náttúrulega verður, er líklegt til þess að geta orðið ... eða er líklegra til að verða fyrir afbrotum heldur en þeir sem eru edrú einhversstaðar, eða svona stilla þessu í hóf. (Rannsóknarlögreglumaður)

Þessi umræða vekur upp spurningar um hvornig best sé að haga forvörnum gegn nauðgunum til að þær beri árangur. Í ársskýrslu Stígamóta árið 2013 má finna upplýsingar um þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Fimm algengustu afleiðingarnar sem skjólstæðingar Stígamóta nefna eru: Kvíði (85%), skömm (85%), depurð (82%), léleg sjálfsmynd (81%) og sektarkennd (75%). Um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta og tóku þátt í könnun á vegum nema í félagsráðgjöf árið 2006 nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki brotið (Ársskýrsla Stígamóta, 2012). Nokkrir viðmælendur rannsóknarinnar minntust einnig á að sjálfsásakanir brotþola væru sérlega áberandi í tengslum við áfengisneyslu eða aðra neyslu, en einn viðmælandi sagði: „maður er yfirleitt búin að heyra nokkrar útgáfur af sjálfsásökunum á leiðinni [...] í skoðun“ (Heilbrigðisstarfsmaður). Einn réttargæslumaður lýsti því að þegar fólk verður fyrir annars konar brotum, eins og þjófnaði eða líkamsárásum, er það iðulega mjög áfram um að kæra brotið en það sama eigi ekki við í nauðgunarmálum. Hann sagði einnig:

... en í nauðgun þá kemur fólk sem hefur orðið fyrir mjög alvarlegri árás og mjög miklir áverkar, að þá er fólk samt jafnvel á því að kæra ekki og sektarkennd, sjálfsásakanir og skömm, þetta er – maður á ekki að segja að fólk sé marínerað í þessu en þetta er, það er heltekið einhvern veginn af því að það hafi átt einhvern þátt í þessu bara með því ... og þegar maður talar svo við fólk, hvað var það sem þú gerðir, þá var fólk kannski bara á skemmtistað en var vippað inn á eitthvað klósett, þá finnst fólki að það hafi ekki verið nógu vakandi eða hafi drukkið of mikið eða eitthvað, alltaf þessar sjálfsásakanir og við samfélagið ýtum undir þetta alveg hreint hægri vinstri því miður ... (Réttargæslumaður) (Sjá einnig umræðu um tregðu þolenda til að kæra nauðganir í kafla 2.3. *Réttargæslumenn*)

Mikilvægt er að forvarnir og varnaðarorð auki ekki á skömm og sjálfsásakanir þeirra sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi heldur verði til þess að draga úr slíkum áhrifum og hvetja brotþola til að tilkynna brotin. Einnig er mikilvægt að forvarnaraðgerðir taki mið af þeim sem eru líklegastir til að beita slíku ofbeldi, en samkvæmt rannsókn á einkennum og meðferð nauðgana sem tilkynntar voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 voru 54% sakborninga ungir karlar á aldrinum 18-29 ára, iðulega undir áhrifum áfengis (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Nýjasta átaksverkefnið á sviði forvarna gegn kynferðisofbeldi hér á landi nefnist „Fáðu já!“ sem unnið var á vegum verkefnisstjórnar innanríkisráðuneytis,

mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Verkefnið felst í stuttmynd ásamt leiðarvísi fyrir kennara og er markmið þess að skýra mörkin á milli kynlífs og ofbeldis fyrir unglingum í grunnskólum og vega upp á móti áhrifum kláms og klámvæðingar, afbyggja ranghugmyndir um efnið og innræta sjálfsvirðingu í nánum samskiptum (Brynhildur Björnsdóttir o.fl., 2012).

#### *Samantekt*

Í viðtölunum komu fram þau viðhorf að eðlilegt væri að vara fólk við að drekka of mikið þar sem þá sé það í meiri hættu á að verða fyrir afbrotum, til að mynda kynferðisofbeldi. Í þessu samhengi höfðu sumir viðmælenda orð á upplifun sinni af viðbrögðum við ummælum Björgvins Björgvinssonar, þáverandi yfirmanns kynferðisbrotadeildar, um að fólk sé að „setja sjálft sig í hættu með drykkju og dópneyslu“. Sumir viðmælendur töldu að gagnrýnendur hefðu misskilið orð Björgvins eða snúið út úr varnaðarorðum hans. Aðrir viðmælendur bentu á að eitt af því sem einkenni brotaflokkin sé tregða brotaþola til að kæra, meðal annars sökum skammar og sjálfsásökunar, og því mikilvægt að forvarnarorðræða letji ekki þá sem verða fyrir nauðgunar- og kynferðisbrotum til að kæra brotin.

## **2.4. Embætti ríkissaksóknara: Saksókn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum**

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hafa ákærendur það hlutverk að meta hvort sönnunargögn sem fram hafa komið við rannsókn máls séu nægileg eða líkleg til sakfellis. Ef svo er, er mál höfðað á hendur sakborningi, að öðrum kosti skal fella málið niður. Samkvæmt 18. gr. sömu laga ber ákærendum að „vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar“ og hvílir því á þeim sú skylda að gæta hlutleysis. Mikill fjöldi mála er varða 194. gr. almennra hegningarlaga er felldur niður. Af þeim nauðgunarmálum sem bærust lögregluembættum landsins á árunum 2008 og 2009 og var vísað til ríkissaksóknara voru 61% þeirra felld niður. Algengustu lagarökin sem lesa mátti í niðurfellingarbréfum embættisins voru að sakborningur hafi neitað sök og borið við samþykki kæranda, að engin vitni hafi verið að atburðinum og að ekki væru næg sönnunargögn til að styðja við framburð brotaþola (Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Í viðtölum lýstu ákærendur hjá embætti ríkissaksóknara því að jafnan væri mjög erfitt að sanna að nauðgunar- og eða kynferðisbrot hefði átt sér stað þar sem beinum sönnunum væri sjaldan til að dreifa. Það væri þó ekki þar með sagt að brotaþolar væru ekki trúverðugir:

... við þurfum að sanna málin, sanna brotin, þau eru bara drulluerfið í sönnun, svo ég bara segi það bara svona. Og í langflestum tilvikum að þá upplifi ég það að brotaþolarnir séu trúverðugir [...], það er kannski svona eitt og eitt mál þar sem manni finnst að brotaþoli sé ekki trúverðugur [...] það er kannski það sem að við þurfum að koma betur

til skila, það er ekki út af því að brotþoli sé ótrúverðugur, það er bara að það vantar sönnunargögn. (Ákærandi).

Ákærendur voru spurðir hvaða þættir einkenndu mál sem auka líkur á að ákæra sé gefin út. Þeir töluðu um að framburðir brotþola og sakborninga skiptu miklu máli. Einn ákærandi sagði að mál væri veikt í tilvikum þar sem brotþoli „veit ekkert, man eiginlega ekkert“ og framburður hans er „mjög brotakenndur“. Ef framburður brotþola er stöðugur og skýr en „ákærði er ótrúverðugur, ef hann er orðinn margsaga þú veist, þá lætur maður reyna á þetta.“ Ákærandi sagði jafnframt að í þeim tilvikum þar sem „þú ert kannski með góðan brotþola en kærði er ekkert sérstaklega ótrúverðugur og bara neitar“, og sakborningur segir „hún gaf samþykki og er alveg trúverðugur með það. Þá þarf náttúrulega eitthvað meira að vera og þá þarf að horfa á það – 'bíddu brotþoli kom grátandi hlaupandi út frá honum. Ég er með vitni að því, hún var í algjöri losti' og svona og svona.“ Einnig er litið til aðdragandans og „ef það er eitthvað sem getur stutt brotþolann sem er með góðan trúverðuglegan framburð, þrátt fyrir að ákærði sé með það líka, myndi ég láta reyna á það ...“ (Ákærandi).

Misjafnt er hvort brotþolar í nauðgunarmálum bera líkamlega áverka. Af þeim 189 málum sem voru tilkynnt til lögreglu á árunum 2008 og 2009 lá fyrir læknisvottorð í 97 málum og voru líkamlegir áverkar skráðir í 59 vottorðum. Algengustu líkamlegu áverkarnir voru svokallaðir yfirborðsáverkar, þ.e. marblettir, skrámur, rispur, bólgur og eymsli. Líkamlegir áverkar eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot voru hinsvegar sjaldgæfir. Í 23 málum voru skráðir áverkar í eða við leggöng, sköp eða skapabarma og í 9 málum voru skráðir áverkar í eða við endaparm (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Viðmælandi úr hópi ákærenda tók fram að ef brotþoli er með áverka aukist líkur á því að ákæra sé gefin út en sagði jafnframt að það virðist ekki duga að brotþoli sé með sprungur á kynfærum:

... það er nú einhvern veginn búið að skjóta það í kaf að það geti endilega verið út af einhverjum ósamþykktum kynmökum [...] Manni finnst þetta mjög athyglisvert, sko en þetta eru kvenkynssjúkdómalæknar eða sko konur sem eru kvensjúkdómalæknar sem eru líka að segja þetta. (Ákærandi).

Aðrir þættir sem auka líkur á að ákæra sé gefin út eru til að mynda þegar vitni geta borið um ástand brotþola fljótlega eftir brotið. Einnig aukast líkur á að ákæra sé gefin út ef brotþoli segir strax frá og það er samræmi í því sem vitnin hafa eftir henni og því sem kemur fram í framburði hennar sjálfra: „Framburðirnir skipta gríðarlega miklu máli, maður kafar djúpt ofan í þá til að athuga samræmið“ (Ákærandi). Ef það líður langur tími þar til brotþoli segir frá og lögregla nær ekki að koma að málinu strax, fara vitnin að skipta töluverðu máli, það er að segja hvort þau hafi heyrt eitthvað eða jafnvel séð eitthvað.

Eins og fram kom í kaflanum hér á undan kemur áfengi við sögu í langflestum nauðgunarmálum sem rata til lögreglu. Fyrri hluti rannsóknarinnar leiddi í ljós að af öllum nauðgunarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu árin 2008 og 2009 voru 89% þeirra tengd áfengisneyslu (og í nokkrum tilvikum neyslu annars konar vímuefna), þar sem 73% þolenda og 69% gerenda höfðu neytt áfengis eða annarra vímuefna. Jafnframt kom

fram að mál þar sem þolendur höfðu neytt áfengis voru marktækt oftari felld niður hjá embætti ríkissaksóknara en mál þar sem þolendur höfðu ekki neytt áfengis ( $p < 0,005$ ) og skipti þar litlu máli hve mikið magn viðkomandi hafði drukkið, eins og sjá má í töflunni hér.

**Tafla 1: Hlutfallslegur munur á afgangi mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotþoli var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna eða ekki og hve miklum áhrifum**

Áhrif	Niðurfelling	Ákæra	Fjöldi
Rænulaus	80%	20%	10
Undir mjög miklum áhrifum	83%	17%	30
Undir einhverjum áhrifum	75%	25%	16
Ekki undir neinum áhrifum	41%	59%	22

(Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, samantekt, 2013).

Viðmælendur úr hópi ákærenda voru spurðir um áhrif áfengis á málin og töldu þeir að sönnunarstaðan í slíkum málum væri oft erfið. Fram kom að í málum þar sem brotþolar segjast hafa verið mjög drukknar eða rænulausar geti verið erfitt að sanna að þolandi hafi verið það drukkin að hún hafi ekki getað „spornað við verknaðinum“, eins og segir í 194. gr. hegningarlaganna. Til þess að sýna fram á að brotþoli hafi verið mjög ölváður þarf að vera hægt að mæla áfengismagn í blóði sem allra fyrst og svo aftur eftir ákveðinn tíma. Þannig er hægt að reikna brotthvarfshraða áfengis úr blóði og áætla með áreiðanlegum hætti hve hátt áfengismagn var í blóði þegar árásin átti sér stað. Oft er þetta ekki mögulegt þar sem brotþolar leita ekki allir til heilbrigðisyfirvalda og eins koma þeir ekki alltaf strax eftir atburðinn. Í viðtölum við ákærendur kom einnig fram að í málum þar sem brotþolar voru undir miklum áhrifum áfengis þegar brotið var framið er framburður þeirra iðulega metinn óáreiðanlegur sökum þess að lýsing á atburðarrásinni í aðdraganda brotsins er ekki nægilega nákvæm:

Drykkjan, hún er oft stór áhrifaþáttur í þessum málum. Það er því miður oft þannig að brotþoli upplifir að það hafi verið brotið gegn sér en á erfitt með að skýra frá og það eru svona ákveðnir þættir, það eru kannski gloppur í frásögn, sérstaklega finnst mér ... maður sér það oft að stundum lýsa vitni því að brotþoli hafi verið að gera hitt og þetta, dansað og skemmt sér jafnvel, en brotþoli man ekkert eftir því og síðan kemur sú frásögn að hafa vaknað og þá sé annað hvort verið að hafa kynmök eða fréttir seinna að verið var að hafa kynmök við sig, telur að það hafi ekki verið með sínu samþykki og getur í raun og veru ekki borið um neitt sem var þarna á undan – þá erum við náttúrulega í algjörum vandræðum og málin stoppa nú bara oft þarna sko. (Ákærandi)

Þó vekur athygli að mál þar sem brotþolar kváðust hafa verið undir einhverjum áhrifum, þ.e. ekki mjög drukknir (sbr. tafla 1 hér að ofan), voru einnig mun oftari felld niður en mál þar sem brotþoli var ekki undir neinum áhrifum, en ekki er ástæða til að ætla að fólk upplifi almennt skert minni af lítilli áfengisneyslu. En hér ber þó að hafa í huga að ekki liggja mörg mál til grundvallar þessum niðurstöðum (sjá umræðu um forvarnir í tengslum við áfengisneyslu og kynferðisbrot í kafla 2.3.1. *Forvarnaorðræða*). Einn viðmælandi úr hópi ákærenda velti fyrir sér hvort viðhorf dómara til drykkju gætu haft áhrif á sönnunarmát í málum:

Það skín alveg í gegn hjá sumum ákveðið viðhorf, þú veist, það hefur áhrif. ... Sérstaklega þegar að kemur að þessum erfiðustu málum sem eru sönnunargögn eða neysla áfengis. Það er bara einhvern veginn ... en svo getur það verið að persónan sé ekkert með einhver svona skrítn viðhorf gagnvart þessum málum heldur bara frekar að þeir eru bara ofboðslega skýrir á þessum vafa sko og geta bara ekki, telja sig bara ekki geta algjörlega útilokað það að viðkomandi – þó að brotapolinn hafi verið ofboðslega ölvuð en kannski ekki lúkkað það, þó hún muni ekki neitt daginn eftir – að hún hafi samt sem áður hugsanlega tekið þátt í einhverju sem var ógjörningur fyrir viðkomandi að átta sig á vegna ölvunar – að það vegi bara svo þungt ... (Ákærandi)

Þar sem brotapolinn er ekki aðili að sakamáli, fær hann iðulega ekki upplýsingar um málið, þar með talið viðbrögð sakbornings við kærinni, fyrir en ákærandi hjá embætti ríkissaksóknara fellir málið niður eða gefur út ákæru. Einn réttargæslumaður hafði orð á því að það væri galli á núverandi kerfi að ef ríkissaksóknari fellir niður mál, hafi brotapolinn enga leið til að biðja um að ákvörðunin sé endurskoðuð:

... það er náttúrulega galli auðvitað að það skuli ekki vera hægt að láta endurskoða ákvörðunina [...] frá skýrslutöku og þangað til að það kemur ákvörðunarbréfið, að þá er ég ekki búin að sjá gögnin einu sinni. Ég veit ekkert hvað sakborningurinn sagði fyrir en í bréfinu. Maður veit ekkert hvað hefur gerst í millitíðinni. (Réttargæslumaður)

Ákærandi var spurður um þetta atriði og hvort hægt væri að biðja um að ákvörðun um að fella mál niður væri endurskoðuð. Ákærandinn svaraði að það væri „ekkert útilokað að þó að sé búið að fella málið niður, að það sé endurskoðað, og við fáum alveg einstaka sinnum beiðnir um að mál sem búið er að fella niður – það er eitthvað sem gerist, það kemur eitthvað nýtt eða eitthvað“ en hann sagði jafnframt að það þyrfti eitthvað „mikið til“ ef ætti að endurskoða slíka ákvörðun þar sem þá væri búið að tilkynna sakborningi um að málið hafi verið fellt niður. Réttargæslumaður lagði til að þennan þátt mætti útfæra betur þannig að brotapolinn, eða réttargæslumaður hans, hefði tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en tekin væri endanleg ákvörðun um hvort málið yrði fellt niður. Annar réttargæslumaður taldi jafnframt að brotapolinn ættu að geta fengið ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls endurskoðaða hjá æðra settu embætti. Hér ber að taka fram að með stofnun embættis héraðssaksóknara, sem nú hefur verið frestað til 1. janúar 2016, má þess vænta að brotapolinn muni geta kært niðurfellingar mála. En samkvæmt 16. gr. stjórnarfrumvarps um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum er lagt til að hægt verði að kæra ákvörðun héraðssaksóknara um að fella niður mál til ríkissaksóknara (Frumvarp um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum, þskj. 660, 430. mál).

Eins og fram kom í byrjun kaflans hefur ríkissaksóknari meðal annars það hlutverk að meta hvort það sem fram er komið við rannsókn málsins sé nægilegt eða líklegt til sakfellis og ef sú er raunin höfðar hann mál á hendur sakborningi. Samkvæmt lögum má ríkissaksóknari því ekki ákæra í máli sem hann telur ekki líklegt til sakfellis. Viðmælendur úr hópi dómara voru spurðir hvort að ríkissaksóknari væri að láta reyna á of mörg mál, þ.e. ákæra í málum sem væru ekki líkleg til sakfellingar. Tveir dómamar töldu svo ekki vera:

...þetta er auðvitað alltaf vandmeðfarið að taka ákvörðun um það hvenær, svona, ætla má að það séu nægilegar sannanir til sakfellingar, og oft upplýsist það bara ekki fyrir en

að málið er til meðferðar fyrir dómi, vegna þess að þar fer í rauninni aðalsönnunarfærslan fram, svoleiðis að hérna, nei, ég held að ég myndi nú ekki vilja saka embætti ríkissaksóknara um það að vera að láta reyna á óþarflega mörg mál. (Dómari)

... af þeim málum, þeirri reynslu sem að ég hef af þessum málum þá get ég ekki sagt að hann hafi verið að láta reyna á mjög vafasöm tilvik og hafi gengið of langt í þeim efnum, ég get ekki sagt það. (Dómari)

Annar dómari taldi að í sumum tilvikum væri ríkissaksóknari að gefa út ákæru í málum sem væru ekki líkleg til sakfellingar:

... það er stundum verið að ákæra í málum sem að átti kannski ekkert að ákæra í sko. [...] það er látið mjög vel reyna á öll mál, finnst mér sko. Alveg öfugt við það sem kemur fram í fjölmiðlum ... (Dómari)

Margir viðmælenda töluðu um viðvarandi skort á fjármunum og mannafla hjá lögreglu og ríkissaksóknara til að sinna öllum þeim málum sem þeim berast og er það áhyggjuefni. Í fyrirmælum ríkissaksóknara RS: 5/2009 sem tóku gildi 1. apríl 2009 er mælt til þess að málsmeðferðartími verði að hámarki 60 dagar hjá lögreglu nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar sérstakar ástæður komi í veg fyrir það, svo sem að beðið sé DNA-rannsókn eða annarra sérfræðigagna. Hvað varðar málsmeðferðartíma hjá ríkissaksóknara er ætlast til að ákvörðun um saksókn liggi fyrir innan 30 daga (Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 5/2009). Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar á einkennum og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009 tók rannsókn kærðra mála hjá lögreglu að meðaltali rúma fimm mánuði (158 daga) og afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara að meðaltali rúman einn og hálfan mánuð (48 daga). Í málum þar sem ákæra var gefin út, liðu að meðaltali tæpir fjórir mánuðir þar til dómur féll í héraði (115 dagar) og í málum sem var áfrýjað, liðu að meðaltali rúmir átta mánuðir (247 dagar) þar til dómur féll í Hæstarétti (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Verjandi sagði:

... þeir eru náttúrulega að drukkna í þessum málum. Þannig að núna er til dæmis algjör flöskuháls, ekki bara hjá lögreglunni heldur ekki síður hjá ríkissaksóknara þar sem eru mál mánuðum saman til afgreiðslu. (Verjandi)

Sumir viðmælendur lýstu því einnig hversu slæm áhrif biðin hefði á líðan þolenda og sakborninga:

Það er náttúrulega rosalegt, og ég tala nú ekki um sko þegar ... ég hef verið með mál þar sem að á endanum viðkomandi var sýknaður eða jafnvel mál felld niður. Og það er að taka kannski, eins og bara eitt núna sem var verið að fella niður sem að tók átta mánuði og viðkomandi er á meðan náttúrulega í þessari stöðu sko. Þannig að ég held að það fái mjög mikið á sakborninga og þá bæði sem að eru sekir og þá sem eru saklausir. (Verjandi)

Jafnframt kom fram að mjög slæmt væri fyrir börn og aðstandendur þeirra ef málin tefjast mjög, og að það gæti stuðlað að tortryggni og vantrausti hjá aðstandendum:

... það sem að er kannski bara aðalmálið í þessu er að þetta ferli tekur alltof langan tíma þannig að frá því að barnið segir frá, þá geta liðið allt upp í tvö ár þangað til að málinu er lokið í réttargæslukerfinu. (Sálfræðingur)

Í viðtölum við ákærendur um þjálfun og fræðslu um meðhöndlun nauðgunar- og kynferðisbrotamála kom fram að ástæða væri til að huga betur að þeim þætti. Helsta fyrirstaðan væri fjárskortur:

Við höfum rætt það að þetta embætti hefur liðið svo lengi fyrir fjárskort en við eigum að vera aðilinn sem hefur eftirlitshlutverk og líka þetta hlutverk að sjálfsögðu að fræða ákærendur. Og þessi hluti hefur einhvern veginn ekki náð að blómstra út af vinnuálagi og vöntun á mannskap en að sjálfsögðu væri æskilegt að við tækjum upp einhvers konar námskeið eða værum með einhverja fyrirlestra eða eitthvað, bara rétt að fara yfir ákveðin grundvallaratriði. (Ákærandi)

Ákærendur voru spurðir hvort þeir hefðu fengið sérstaka fræðslu um meðferð nauðgunar- og kynferðisbrotamála þegar þeir hófu störf við embættið og kom fram að svo var ekki. Einn ákærandi sagði: „manni er svolítið bara hent út í djúpu laugina [...] maður þarf náttúrulega leiðbeiningar [...] það þarf svolítið að leita eftir því sjálfur, það eru allir bara svo uppteknir.“ Í viðtali við rannsóknarlögreglumann kom fram hvernig þekkingarleysi ákærenda getur haft slæmar afleiðingar. Rannsóknarlögreglumaður sagði frá því hvernig nýjar upplýsingar hefðu komið fram á seinni stigum rannsóknarinnar sem urðu til þess að rannsóknarlögreglumaður taldi þörf á því að kanna hvort sönnunargögn væru til staðar sem gætu hafa verið staðfest með lækni skoðun og gætu styrkt framburð brotþola, en ákærandi, sem hafði litla reynslu af meðferð kynferðisbrotamála, ákvað að þess þyrfti ekki. Rannsóknarlögreglumaðurinn sagði: „mér fannst þetta ofboðslega fáránlegt og ófaglegt af því að þarna kannski hefði verið komið bara mjög flott sönnunargagn í hendurnar og þarna [...] skín í gegn þekkingarleysi ...“ (Rannsóknarlögreglumaður).

Eins og áður sagði þá er uppi umræða um að setja upp námskeið eða ferla fyrir nýja ákærendur. Eins og áður hefur komið fram, voru viðtölin tekin frá maí og fram í september 2013 og síðan þá hefur verið haldið tveggja vikna sérnámskeið um rannsóknir kynferðisbrotamála á vegum Lögregluskóla ríkisins fyrir rannsóknarlögreglumenn og ákærendur. Ákærendur voru spurðir til hvaða þátta slík fræðsla þyrfti að taka. Bent var á að nýir ákærendur þyrftu að fá kynningu á starfsemi lögreglunnar, sérstaklega tæknideildarinnar, og jafnframt fræðslu um helstu samskiptamiðla sem ungt fólk notar mikið og gegna stundum hlutverki í málum. Einnig var talað um nauðsyn þess að fá kynningu hjá Neyðarmóttökunni í Reykjavík og Barnahúsi og þá sérstaklega hvað varðar meðferðarstarf sálfræðinga til að tryggja að ákærendur nýttu þekkingu sérfræðinga sem best við sönnunarfærslu um afleiðingar brots fyrir brotþola. Jafnframt var talið mikilvægt að ákærendur sæktu námskeið í yfirheyrslutækni fyrir málflytjendur. Þótt lögreglan sinni skýrslutöku á rannsóknarstigi, eru ákærendur í lykilhlutverki þegar kemur að sönnunarfærslu fyrir dómi, þar sem þeir spyrja sakborning, brotþola og vitni út í málsatvik. Bent var á að æskilegt væri að þeir lögmenn sem starfa við meðhöndlun kynferðisbrotamála hefðu afað sér sértækrar menntunar á sviðinu og að lögfræðinamið þyrfti að endurspegla félagslega og sálfræðilega þætti í ríkari mæli. Einnig voru settar fram vangaveltur um hvort þörf væri á að hanna gátlista fyrir ákærendur til að nota við mat á sönnunargögnum og þá sérstaklega

framburðum. Ákærandi var spurður um hver þróunin yrði í þessum brotaflokk og hann sagði: „ég held að þróunin verði sú að það verði meiri sérhæfing í þessum málaflokki.“

Í viðtölum við aðra viðmælendur um störf ákærenda við embætti ríkissaksóknara kom fram almenn ánægja með þeirra störf og jafnframt kom fram að saksóknin hefði tekið miklum framförum á síðustu árum. Einn viðmælandi úr hópi dómara taldi að saksóknin hefði tekið „stakkaskiptum“ og væri „miklu vandaðri og markvissari í dag en hún var áður“ og að í embætti ríkissaksóknara hefðu orðið „kynslóðaskipti, ákveðin kaflaskil bara með nýju fólki sem er með aðra, ja sjálfsagt bara betri menntun og þekkingu á þessu heldur en var áður“. Einn viðmælandi úr hópi sálfræðinga sagði:

Mér finnst, sérstaklega í dómskerfinu, þekking hafa aukist. [...] sérstaklega saksóknarar, það er voða gaman að sjá breytinguna þar. [...] Maður finnur alveg að þeir sem hafa verið mest í þessum málum og þeir sem hafa verið minna að koma fyrir dóm [nefnir nöfn tveggja saksóknara] og fleirum að þær eru orðnar rosaleg þjálfaðar, skilja málaflokkinn, skilja um hvað þetta snýst. Maður heyrir það alveg á þeim. (Sálfræðingur)

Í þessu samhengi, þ.e. varðandi þróun síðustu ára, sagði einn ákærandi: „um aldamótin þar verður einhver breyting, þá koma bara fullt af konum hingað inn og fara að taka þennan málaflokk“. Þá kom fram að breytt kennsla við Háskóla Íslands hafi haft áhrif: „ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar sem Ragnheiður Bragadóttir er nú búin að vera að kenna, og já alveg frábær kúrs, það kenndi mér rosalega mikið og mótár“. Ákærandi sagði einnig: „ég held að fjölgun kvenna hafi skipt máli, ég er bara klár á því“.

Aðrir viðmælendur voru almennt ánægðir með störf ákærenda og sagði einn verjandi: „þetta er öflugt lið hjá ríkissaksóknara“. Annar verjandi sagði:

Það er fólk þarna, starfsmenn, búið að vera þarna í þessum málaflokki í nokkuð mörg ár núna sem að hefur mjög mikla kunnáttu í þessu, fræðilega og praktíska og allt það. En þau vantar bara meira starfsfólk. Sérstaklega eftir þessa sprengju síðustu ára. (Verjandi)

Annar viðmælandi úr dómarastéttinni furðaði sig á hve góð saksóknin væri miðað við launakjör ákærenda og taldi ástæðuna ekki síst vera þá að „þar er áhugafólk um þessi brot [...] og fólk sem hefur verið að kenna refsirétt“ hann sagði einnig: „málflutningur fyrir dómi eins og við sjáum hann frá þessu fólki, hann er bara með því betra sem maður sér“.

Viðmælendur úr hópi ákærenda lýstu því að stundum gæti verið erfitt að vinna við saksókn nauðgunar- og kynferðisbrotamála. Einn ákærandi lýsti því svona:

Svo getur maður orðið ofsalega dapur stundum. Þetta er svo ömurlegt stundum, jafnvel leiður. Maður upplifir, brotaþoli í dómi, maður sér þegar fólk fer að gráta og svona. Þetta er erfitt að halda haus og ekki sýna neitt, málið á bara að ganga áfram. Maður á bara að vera kúl. Þannig að maður þarf svolítið að brynja sig. (Ákærandi)

Hann lýsti því jafnframt að það hefði komið fyrir að menn hefðu framið sjálfsvíg, sérstaklega í tengslum við mál þar sem brotin sneru að börnum og það veki ótta um að slíkt gæti komi fyrir aftur: „Maður er alltaf pínulítið: 'kálar hann sér?' Af því að sumt af þessu er eitthvað svo ömurlegt. Þá er náttúrulega mannorð fólks



farið og kannski bara allt farið hjá því“. Viðmælandi sagði jafnframt að það gæti verið erfitt þegar „mál klúðrast, þegar lögreglan er ekki búin að vanda sig nóg og jafnvel mál eru að líða fyrir það. Það getur verið neikvæð upplifun.“ Í þessu samhengi sagði hann frá því að ákærandur fengju að sækja tíma hjá vinnustaðasálfræðingi vegna streitu og álags en að þeir nytu ekki handleiðslu vegna málanna:

... maður hefur ekki fengið neina áfallaþerapíu [...] En manni hefur verið bent á það af fagaðilum: 'af hverju fáið þið ekki einhverja handleiðslu?' og eitthvað svona. Það hefur ekkert verið í boði og engin umræða um það almennilega en svo sér maður kollega sína sem eru hættir, að maður eldist ekkert mjög vel í þessu djöppi. Það er bara svoleiðis. Fólk er orðið hálf svona ... streita mikil í þessu og maður sér svona kulnun hjá fólki. (Ákærandi)

### *Samantekt*

Niðurstöður viðtalanna gefa til kynna að mjög vel sé staðið að saksókn nauðgunar- og kynferðisbrotamála að mati viðmælenda en að málin séu sérlega erfið í sönnun þar sem jafnan er lítið um bein sönnunargögn. Það sem einkennir sterk mál eru stöðugur framburður brotþola, vitni að ástandi brotþola eftir atburðinn og að brotþoli segi strax frá brotinu þannig að lögregla geti hafið rannsókn. Ákærandur telja sérlega erfitt að sanna brot í málum þar sem brotþolar eru mjög drukknir vegna þess að framburður þeirra um aðdraganda brotsins sé þá oft ekki nægilega nákvæmur. Skiptar skoðanir voru á meðal dómara um það hvort að ríkissaksóknari léti reyna á of mörg mál, þ.e. gæfi út ákæru í málum sem væru ekki líkleg til sakfellingar. Tveir þeirra töldu svo ekki vera en einn taldi það stundum eiga við. Einnig kom fram að í þeim málum þar sem ákærandi telur rétt að fella niður mál gæti verið æskilegt að brotþolar fengju tækifæri til að koma sínu sjónarhorni á framfæri áður en tekin væri endanlega ákvörðun um niðurfellingu og sakborningi tilkynnt um endanlega ákvörðun. Fram kom að málsmeðferðartími hjá lögreglu og ríkissaksóknara væri of langur og á það einnig við um dómstóla, sem virðist helst skýrast af fjárskorti og undirmönnun. Ákærandur töldu að betur mætti standa að fræðslu fyrir ákærandur í brotaflokknum, sérstaklega fyrir nýja ákærandur, en vegna undirmönnunar og fjárskorts hafi verið lítið svigrúm til þess hingað til.

## **2.5. Vörn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum**

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er hlutverk verjenda að draga fram allt í málinu sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna. Í viðtölunum voru verjendur spurðir hvernig þeir höguðu vörn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Helstu þættir sem viðmælendur sögðust iðulega leggja áherslu á voru að draga það fram ef rannsókn lögreglu hefði verið ábótavant eða ef greina mætti misræmi í framburði brotþola:

Þá fer maður auðvitað og leitar eftir ósamræmi. Er ósamræmi í því sem hún segir? Það kemur framburður á neyðarmóttöku, það kemur framburður hjá lögreglu, ef ég tek brotþola sko, hvað segir hún einhverjum vitnum eftir á og annað... (Verjandi)

Ákærendur voru spurðir hvernig vörn væri hagað í brotaflokknum þeir töldu einnig að vörnin beindist að miklu leyti að framburði brotaþola og þá hvort framburðurinn væri óstöðugur en „það er almennt atriði sem veikir framburð“. Í málum þar sem um er að ræða orð gegn orði þá leiti verjendur eftir ósamræmi á milli þess sem brotaþoli sagði við lögreglu annars vegar og fyrir dómi hins vegar. Einnig er leitað eftir innra ósamræmi, það er hvernig brotaþoli svarar spurningum sækjanda og hvernig hann svarar spurningum verjanda. Ákærandi sagði einnig:

Menn eru kannski að draga inn í málið einhver fyrri samskipti, einhver aðdragandi skilurðu, og reyna að varpa upp svona einhverjum efa um trúverðugleika af því að eitthvað gerðist á undan. Þá hafa menn jafnvel komið inn á einhver fyrri kynmök eða einhver fyrri samskipti, jafnvel meinta óvild eða eitthvað, svona þannig atriði. (Ákærandi)

Viðmælendur voru spurðir að hve miklu leyti verjendur beindu vörn sinni að persónu brotaþola. Einn ákærandi lýsti því að það hafi verið gert í ríkari mæli hér áður en að nú sé það sjaldgæfara:

...þetta var bara þannig að það var verið að hjóla í klæðaburð brotaþola, eða boðið upp á þetta: bíddu hún fór þarna á þessa útihátíð, hún mátti nú búast við að þetta væri eitthvað svona, heyrðu fór hún ekki með honum upp inn í tjaldið. Æ, þú veist þetta, það er alltaf verið að gera upp þessa, svona velta upp þessari eigin sök hjá brotaþola, eins og hún eigi einhverja sök á hinum refsiverða verknaði. (Ákærandi)

Ákærandi sagði jafnframt að það væri í raun einkennilegt að beina vörn að persónu brotaþola:

... það er ekki til, þetta eigin sakar hugtak í refsirétti, eins og er til dæmis í skaðabótarétti, en það er alltaf verið að reyna að troða því þarna inn sko, og það er mjög fyndið stundum að fylgjast með því, og dómarnir finnast mér bara alveg vera komnir soldið með þetta á hreint. (Ákærandi).

Annar ákærandi taldi einnig að hér áður hefði það tíðkast að verjendur hefðu „verið að hjóla í klæðaburðinn og allt það, að þær hefðu verið mikið málaðar, í flegnum fötum og boðið upp á þetta“ en ákærandi sagði einnig: „ég held að menn séu nú komnir með það viðhorf að þó að manneskjan sé dansandi nakin fyrir framan þá þýði það ekki að hún samþykki kynmök sko. Ég held að menn séu nú alveg farnir að átta sig á því“. Þriðji ákærandinn sagði að verjendur væru yfirleitt „kurteisir við brotaþolann“, hann sagði einnig:

Það er ekki verið að hakka brotaþolann í spað þarna. Það er yfirleitt ekki þannig og ef að það er einhver vísbending um það, þá er það yfirleitt stoppað strax. Þannig að mér hefur fundist verjendur bara standa sig ágætlega í þessu. Það eru nú svo sem einstaka frávik frá því. Einhverjir svona sem eru kannski óreyndari, sem að kannski eiga bara eftir að læra þetta aðeins betur. Svo getum við verið með menn náttúrulega sem það er ekki bara hægt að bjarga þeim sko. Þeir eru bara alveg ómögulegir sko. Þá reynir bara meira á dómarnum að stýra þinghaldinu. (Ákærandi)

Dómarar voru einnig spurðir hvort og þá hvernig verjendur beindu vörn sinni að persónu brotaþola. Fram kom að vörnin hefði gert það hér á árum áður en að dómstólar hefðu tekið fyrir það snemma á fyrsta áratugnum:

... það voru verjendur sem að, sem að, voru að draga fram kynhegðun brotapolanna á undan og eftir og svona, en dómstólar hafa svolítið stigið á það, stigu bara markvisst á það þannig að menn hættu einfaldlega að reyna þetta og það gerðist í raun og veru ekkert á mörgum árum sem að verður þarna ákveðin bara, ákveðin breyting [...] við teljum þetta ekki skipta máli þannig að við leyfum ekki þessa spurningu. (Dómari)

Annar dómari sagði:

Menn yrðu þá að skýra það út: bíddu, hvað þýðir þessi spurning og af hverju er verið að spyrja að henni? Menn verða þá að útskýra það. Þú mátt ekki móðga vitni í dómsal. Það bara kemur ekki til greina. Það væri út í hött. (Dómari)

Einn verjandi tók einnig fram að þar sem nauðgunar- og kynferðisbrot væru oft viðkvæm og persónuleg færi hann jafnan „mýkri höndum“ um brotþola en annars, hann sagði jafnframt: „ég til dæmis legg það ekki í vana minn að ... ég spyr auðvitað þeirra spurninga sem ég þarf að spyrja, en þú ert ekki að pönkast á grátandi konu í vitnisstúku sko, það er ekki gott kex“.

Annar þáttur sem er að festa sig í sessi er kemur að vörn í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum eru vottorð sálfræðinga og vörnin beinist þá að því að reyna að hnekkja vottorðinu: „Það er bara að verða staðlaður kafli hjá manni í málsvörninni, ha!“ (Verjandi). Einn verjandi taldi vottorð sálfræðinga fá of mikið vægi og það ætti að „henda þessu út í hafsauga“ sem sönnunargögnum. Annar verjandi taldi hins vegar að þetta væru óbein sönnunargögn sem eðlilegt væri að taka til greina:

En það eru sumir verjendur sem fara alveg með takkana á undan sér í þessi vottorð og finnst þau ekki eiga heima í málunum. Ég er nú ekki alveg sammála því. Auðvitað eru þetta óbein sönnunargögn. Þetta eru sönnunargögn um hvernig viðkomandi hefur brugðist við og hvaða afleiðingar verknaður hefur haft. (Verjandi)

(Sjá nánari umfjöllun um vægi sálfræðivottorða í kafla 2.6. *Dómstólar*).

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að það hallaði með einhverjum hætti á rétt sakborninga í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Almennt voru viðmælendur sammála um að svo væri ekki, að undanskildum verjendum, og var vísað til hlutlægnisskyldu lögreglu og ríkissaksóknara. Einn ákærandi sagði:

Nei, mér finnst það ekkert vera þannig vandamál sko. Ég held að mínir kollegar þarna uppfra, verðum við vör við eitthvað svoleiðis þá náttúrlega hvílir á okkur hlutleysiskylda og við erum bara frekar á þeim nótnum að leiða sannleikann í ljós. Maður hefur engan sérstakan áhuga á því að fá mann sakfelldan á einhverjum hæpnum forsendum. Það er bara ekki kúltúrinn í þessu sko. (Ákærandi)

Viðmælandi úr hópi dómara ítrekaði jafnframt hlutleysisskyldu ákæranda og að þeir mættu því ekki „sleppa sér í, í svona ákafa í að fá fram sakfellingu“. Báðir verjendurnir sem rætt var við töldu aftur á móti að það hallaði á rétt sakborninga í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum að því leyti að þeir töldu að sönnunarkröfur væru „aðrar“ eða „í sumum tilvikum [...] ekki eins strangar“ og í öðrum brotaflokkum:

Ég tel bara að það séu aðrar sönnunarkröfur í, hérna, í lögum eða í kynferðisbrotum heldur en í öðrum málum. Og þá finnst mér þessi sálfræðivottorð alveg skelfileg svo ekki sé fastar að orði kveðið. Bara skelfileg. (Verjandi)

Já, í sumum tilvikum, ef við bara tökum annars vegar kynferðisbrot og hins vegar bara venjulega líkamsárás, að þá myndi ég segja, þá eru ekki eins strangar sönnunarkröfur í kynferðisbrotamálum. Og meira af óbeinum sönnunargögnum sem eru tekin gild auðvitað eins og sálfræðivottorð og ýmislegt annað og hegðun brotþola eftir atburð og annað slíkt sko. (Verjandi)

(Sjá nánari umfjöllun um sönnunarmat í kafla 2.6. *Dómstólar*)

Aðrir viðmælendur voru spurðir um störf verjenda og töldu flestir að vörn sakborninga væri oftast í góðum höndum en þó væri það misjafnt. Sumir viðmælendur úr hópum ákæranda og dómara töldu að verjendur mættu í sumum tilvikum undirbúa sig betur. Viðmælandi úr hópi dómara sagði að vörnin væri oftast góð en það væru dæmi um verjendur sem „hafa ekki verið að standa sig vel gagnvart sínum skjólstæðingi [...] óundirbúnir, greinilega ekki lesið gögnin og annað slíkt“. Ákærandi taldi einnig að í þeim málum þar sem sönnunarstaða gegn sakborningum væri sterk mættu sumir verjendur í ríkari mæli tína fram þætti sem gætu komið ákærðu til hagsbóta ef þeir yrðu sakfelldir:

En manni finnst þeir nú kannski oft ekkert undirbúnir þannig fyrir dóma og sérstaklega ef það blasir við að menn verða sakfelldir af því að sönnunargögn eru með þeim hætti, maður sér það bara strax, að þá má nú svosem alveg leggja meiri alúð við sko málflytninginn hvað varðar refsisjónarmið og koma fram með einhverja dóma og betri rök, mér finnst það oft svo vanta í vörninni. (Ákærandi)

### *Samantekt*

Niðurstöður sýna að verjendur beina vörn sinni iðulega að framburði brotþola, þ.e. hvort finna megi misræmi eða ósamræmi í framburði brotþola og einnig að því hvort lögreglurannsókninni hafi verið ábótavant. Verjendur sögðu einnig að vörnin beindist í auknum mæli að framburði og vottorðum sálfræðinga sem oft bera vitni um andlega heilsu og líðan brotþola í kjölfar atburðarins. Viðmælendur rannsóknarinnar töldu að vörnin beindist sjaldnar að persónu brotþola en áður tíðkaðist. Verjendur töldu að sönnunarkröfur í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum væru ekki þær sömu og í öðrum sakamálum og að því leyti hallaði á rétt sakborninga í brotaflokknum. Viðmælendur úr hópi ákæranda og dómara töldu að vörn í brotaflokknum væri iðulega ágæt en þó misjöfn og stundum mættu verjendur vera betur undirbúnir.

### **2.5.1. Réttarstaða ólíkra hópa sakborninga**

Í rannsókn á einkennum og meðferð nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu árin 2008 og 2009 var kannað hvort marktækur munur væri á afgreiðslu málanna hjá lögreglu annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar í tengslum við ýmsa þætti, þar á meðal bakgrunn sakborninga. Sakborningar voru almennt af

íslenskum uppruna (71%) og á aldrinum 18–29 ára (54%). Af málgögnum varð almennt ekki ráðið að þeir ættu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni (90%). Hins vegar kom í ljós að í málum þar sem sakborningar voru á einhvern hátt ólíkir meginþorra sakborninga var málum oftast vísað áfram. Þannig vísaði lögregla marktækt oftast málum til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru af erlendum uppruna ( $p < 0,01$ ). Einnig kom í ljós að ríkissaksóknari gaf marktækt oftast út ákæru í málum þar sem sakborningar áttu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni ( $p < 0,001$ ) (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Í viðræðum við viðmælendur kom fram að þessi brotaflokkur væri sérstakur fyrir þær sakir að sakborningar og þolendur væru af öllum stéttum og hópum samfélagsins:

... kynferðisbrot eru svolítið svona ekki bundin kannski ákveðinni stétt eða stöðu, þannig að að því leyttinu ólík. Við erum ekki að eiga við fólk sem er innan gæsalappa glæpamenn svona að staðaldri, þannig er það ólíkt kannski þjófnum eða innbrotum, færð ekki venjulegan mann úr samfélaginu sem að er að stunda slík brot sko, en í kynferðisbrotunum geturðu átt við allar stéttir held ég, þversniðið í raun og veru af samfélaginu, bæði þolendur og gerendur. (Rannsóknarlögreglumaður)

Aðrir viðmælendur bentu á að sakborningar í kynferðisbrotamálum væru sjaldnast með sakaferil og umrætt mál iðulega „eina málið sem menn lenda í um ævina“ (Verjandi). Einnig kom fram að sakborningar í þessum brotaflokki væru að stórum hluta „það sem við myndum svona í daglegu tali kalla innan gæsalappa bara venjulegir menn. Það ... eru ekki endilega í dópi eða alkóhólistar eða í einhverjum afbrotum almennt.“ (Verjandi). Og eins og ákærandi orðaði það: „ef þú horfir bara á hefðbundna nauðgun á Íslandi í dag, þá er það bara [...] þessi ósköp venjulegur strákur sem að nauðgar ósköp venjulegri stelpu ...“.

Í viðtölunum komu einnig fram vangaveltur um mögulegar skýringar á því hvers vegna mál ákveðinna hópa sakborninga fara frekar áfram innan réttarvörslukerfisins en mál annarra. Hér má þó taka fram að samkvæmt rannsókn um einkenni og meðferð nauðgunarmála sem tilkynnt voru lögreglunni á árunum 2008 og 2009 má greina nokkurn mun á hópum íslenskra og erlendra sakborninga, þótt hann hafi ekki verið marktækur. Til að mynda voru erlendir sakborningar hlutfallslega fleiri í málum þar sem brotaþolar og sakborningar voru ókunnug og í málum þar sem enginn aðdragandi var að brotinu, en slíkum málum var oftast vísað til ríkissaksóknara<sup>5</sup> Þær skýringar sem viðmælendur settu fram voru til að mynda þær að fólk frá sumum löndum óttist lögregluna og hafi í stundum önnur viðhorf til nauðgunarbrot og kvenna en tíðkast hér á landi.

---

<sup>5</sup> Í málum þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni voru sakborningar og brotaþolar ókunnug í 20% mála. Í málum þar sem brotaþolar og sakborningar voru ókunnug voru sakborningar aftur á móti íslenskir í aðeins 11% tilfella. Þá voru erlendir sakborningar fleiri í málum þar sem enginn aðdragandi hafði verið að brotinu, þ.e. í svonefndum árásarnauðgunum (14,6% á móti 7,7%), en slíkum málum, þ.e. málum þar sem ráðist var á brotaþola án nokkurs aðdraganda, var einnig oftast vísað til ríkissaksóknara.

Það er náttúrulega vel merkjanlegt og fólk utan Norðurlandanna sko ... það má alveg finna svona ótta gagnvart lögreglu, bæði frá þessum Asíulöndum og svo austantjaldsríkjunum fyrrum. Lögreglan er öðruvísi í hugum fólks á þeim stöðum, það er alveg klárt. (Rannsóknalögreglumaður)

[Viðhorf erlendra sakborninga í skýrslutökum] geta orðið til vandræða líka vegna þess að ... það eru ólík viðhorf til brotanna og ólíkir menningarheimar og ólík viðhorf til kvenna. (Rannsóknalögreglumaður)

Annar viðmælandi taldi að erlendir sakborningar væru ofbeldisfullri og að framburður þeirra væri oft ósannfærandi:

Þeir hafa verið meira brútal oft sem fullorðnir einstaklingar, gerendur, sem eru í þessum málum. Þannig að ég held að það sé bæði vettvangurinn og grófleiki brotsins og svo trúverðugleikinn. Þeir eru svo asskoti ótrúverðugir, þeir bara alltaf neita öllu og eru einhvern veginn bara þú veist, rekur í vörðurnar, það er innra ósamræmi í framburði á meðan þolandi er mjög trúverðugur. [...] Þannig að já, þeir eru mjög hostæl gagnvart yfirvaldi og þeir vita það að þeir eru bara í trouble. Þeir upplifa það strax. Þeir upplifa það ekki þannig að það er verið að reyna að komast að sannleikanum eða neitt slíkt. (Ákærandi)

Einnig kom fram að skýringin á því að málum sakborninga af erlendum uppruna er oftár vísað til ríkissaksóknara gæti legið í fordómum, eða eins og einn rannsóknarlögreglumaður orðaði það: „Ja ætli það séu ekki kannski einhverjar staðalímyndir sem eru í kerfinu bara, ég held að það sé ekkert laust við það stundum sko.“

Einnig kom fram að skýringin gæti legið í ólíku viðhorfi til sakborninga eftir því hver félagsleg staða þeirra er:

En þeir sem eru með veika stöðu í samfélaginu bara almennt, ég tala nú ekki um þá sem eru í einhverri fíkniefnaneyslu eða eru í einhverjum glæpum eða einhverju svoleiðis, þeir hafa ... ég held það megji alveg segja það, þó tæknilega njóti allir sömu réttarstöðu. (Verjandi)

En ég held nú að lögreglan, æ ég veit það ekki, það er örugglega ekki meðvitað að það sé öðruvísi við þá sem eru svona sem njóta einhverjar virðingar í þjóðfélaginu, ég veit það ekki. Ég hugsa ekki sko. En það er kannski bara í þessu eins og öðru, það er kannski oft annað viðhorf samt, heldur en ef þetta eru einhverjir vesalingar. Það er bara þannig. (Verjandi)

Annar viðmælandi taldi að þeir sem væru með sakaferil væru í verri stöðu gagnvart réttarkerfinu og eins fólk sem væri félagslega illa statt:

... fólk sem hefur orðið svona félagslega undir [...] ef ég má sletta, það er svona kallað white trash. Ég held að að þeir séu oft svona í verri stöðu.[...] Ég held það. Ég vil ekki fullyrða mikið um það en, hérna, maður hefur það á tilfinningunni. (Verjandi)

Einn viðmælandi velti fyrir sér hvort það væri alvarlegri álitshnekkir fyrir einstakling sem gegnir virðingarstöðu í samfélaginu að vera sakaður um kynferðisofbeldi en fyrir þá sem eru neðarlega í þjóðfélagsstiganum:

... þetta er náttúrulega svo mikill álitshnekkur þannig að kannski má segja að, að því leyttinu til sé það kannski ennþá verra fyrir einhvern sem er í góðri stöðu í þjóðfélaginu að vera síðan sakaður um eitthvað svona. Heldur en einhver sem er, hvað á maður að segja, er neðarlega í þjófélagsstiganum. Það er kannski, það er ennþá meira væntanlega fyrir þann sem nýtur einhverrar virðingar á einhverju sviði þjóðfélagsins. Ég hugsa það að hljóti að vera þannig sko. (Verjandi)

(Sjá einnig umræðu um það hvort að persóna dómara skipti máli er kemur að sönnunarmati í nauðgunarmálum í kafla 2.6.1. *Persóna og mannleg reynsla dómara*)

### *Samantekt*

Viðmælendur voru sammála um að sakborningar í nauðgunarmálum væru iðulega „venjulegir menn“ og að því leyti væri brotaflokkurinn nokkuð sérstakur. Í rannsókn á meðferð nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 kom þó fram að lögregla vísaði málum marktækt oft til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru af erlendum uppruna ( $p < 0,01$ ) og að ríkissaksóknari gaf marktækt oft út ákæru í málum þar sem sakborningar áttu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni ( $p < 0,001$ ) (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Hvað varðar erlendra sakborninga töldu viðmælendur þennan mun geta stafað af því að viðhorf sumra erlendra sakborninga til kvenna væri ólíkt því sem viðtekið er hér á landi, að þeir treystu síður lögreglu og virkuðu því ótrúverðugir, eða að þeir væru ofbeldisfullri. Í tilvikum sakborninga sem stríða við geðræn eða félagsleg vandamál eða áfengis- eða annan vímuefnavanda, höfðu sumir viðmælendur á tilfinningunni að þeir væru í verri stöðu gagnvart kerfinu, þ.e. að þótt allir njóti tæknilega sömu réttarstöðu, sé réttarstaða þessara einstaklinga í reynd lakari.

## **2.6. Dómstólar: Sönnunarmat í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum**

Samkvæmt 108 gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir „sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag“, á ákærvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga er það hins vegar hlutverk dómara að meta „hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.“

Síðustu ár hefur reglulega komið upp umræða um sönnunarmat í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Þar á meðal hefur verið tekist á um hvort og að hve miklu leyti taka eigi tillit til óbeinna sönnunargagna við sönnunarmat. Sönnun getur ýmist verið bein eða óbein. Þegar um er að ræða beina sönnun, þá er verið að færa sönnur á tiltekið atriði sem þarf að sanna, til dæmis refsiverðan verknað.

Ef sönnunin lýtur að öðru atriði er málið varðar, til að mynda ástandi brotaþola eftir að verknaðurinn var framkvæmdur, þá er sagt að hún sé óbein (Eiríkur Tómasson, 2007). Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, hefur til að mynda haldið því fram að dómarrar taki í auknum mæli mið af óbeinum sönnunum í nauðgunarmálum og varar við því að þrýstingur almennings um fjölgun sakfellinga í nauðgunarmálum verði til þess að dómarrar sakfelli sakborninga án þess að fyrir liggja lögfull sönnun (Jón Steinar Gunnlaugsson, 2008; 2010). Á hinn bóginn hefur Eiríkur Tómasson, hæstaréttardómari og fyrrum lagaprófessor, fært rök fyrir því að þó svo að óbein sönnunargögn hafi almennt séð minna sönnunargildi en þau sem lúta beint að umræddum verknaði hafi óbein sönnun í sakamálum tíðkast á Íslandi um aldir (Eiríkur Tómasson, 2007).

Viðmælendur þessarar rannsóknar voru almennt sammála um að framburður brotaþola og óbein sönnunargögn, til að mynda vitnisburður um ástand brotaþola í kjölfar brots og álit sálfræðinga, hafi öðlast aukið vægi á síðustu árum.

... menn voru ekki að líta til annarra sönnunargagna heldur en beinna sönnunargagna og þá er nákvæmlega bara hægt að gleyma þessu, allavega nánast í flestum málum. En þetta hefur verið að aukast, bæði þetta með að meta framburð, trúverðugleika framburðar, hann vegur þyngra núna. (Réttargæslumaður)

Ég held að, svona ef það er hægt að segja að það sé eitthvað sérstakt sönnunarmat í þessum málum, þá verður það að viðurkennast að dómstólar gangi lengra í að taka framburð brotaþola ásamt með svona sönnunargögnum gildan, heldur en kannski myndi vera í öðrum brotum. (Dómari)

Viðmælandi úr stétt dómara taldi að sakfellingum hafi fjölgað og rakti það til breytts viðhorfs til brotaflokksins sem stafaði af aukinni þekkingu á eðli og afleiðingum nauðgana- og kynferðisbrota.

... þessi regla um sakarmatið, hún hefur náttúrulega svo sem ekkert breyst, það er að segja það er ennþá stuðst við sömu reglur um það hvað þurfi til þess að sekt sé sönnuð í sakamáli, kynferðisbrotamálum þá í þessu tilvik, að sú regla hefur svo sem ekkert breyst á þessum árum. En ég held að það sé alveg hægt að fullyrða það að það eru, og það er hægt að fullyrða það, að það er sakfellt í miklu fleiri málum núna heldur en var gert og það er náttúrulega vegna þess að viðhorf manna til þessa málaflökks hefur breyst, menn hafa alveg örugglega meiri þekkingu á viðfangsefninu, og sko þá er ég að tala um dómara. (Dómari)

Í þessu samhengi benti viðmælandi á að sú þróun sem hafi átt sér stað innan réttarvörslukerfisins á undanförunum árum og áratugum hafi ekki síður stuðlað að auknum fjölda sakfellinga, þ.e. allt frá því að málin fóru í skipulegt ferli við opnun Neyðarmóttökunnar árið 1993, tilkoma réttargæslumanna brotaþola, aukin þekking, aukin reynsla og breyttar áherslur við rannsókn málanna hjá lögreglu, ekki síst með tilkomu kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá kom fram að kynslóðaskipti hafi átt sér stað innan lykilembætta sem hafi meðal annars stuðlað að breyttu viðhorfi til brotaflokksins innan réttarvörslukerfisins. Einn dómari sagði:



... það hefur komið inn nýtt fólk á ýmsa staði í þessu ferli öllu, hvort sem það er hjá lögreglu, hjá ákærvaldinu eða hérna hjá dómstólum, og vissulega er ákærvaldið mjög mikilvægur hlekkur í þessu öllu saman og þar náttúrulega urðu mikil kynslóðaskipti og ég held að það hafi líka án nokkurs vafa haft mikið um það að segja hvernig meðferð þessara mála breyttist. (Dómari)

Annar viðmælandi benti á að ef horft væri lengra til baka hefði réttarvörslukerfið tekið stakkaskiptum og að þekking og viðhorf dómara til brotaflokksins hefði breyst mjög mikið:

... ef maður les dóma sem eru 30 ára gamlir þá sér maður að það hefur breyst algjörlega. Það bara, þegar maður les málin um Thelmu Ásdísardóttur eða eitthvað, mann bara svimar af öllu ruglinu. Það myndu engir dómamar setja svona á blað í dag eins og er þar til dæmis. [...] Menn eru meðvitaðri, vita meira um afleiðingar og einkenni og svoleiðis og taka meira mark á því, bara samfara meiri þekkingu á því til dæmis. (Réttargæslumaður)

Einn verjandi, sem taldi að slakað hefði verið á sönnunarkröfum, rakti það til vilja löggjafans og vilja almennings:

En þá er ég ekki frá því að það hafi verið á ákveðinn hátt slakað á sönnunarkröfum. Það er að segja, það eru í sumum tilvikum að minnsta kosti ekki gerðar eins strangar sönnunarkröfur í kynferðisbrotamálum eins og bara í öðrum ofbeldisbrotum. Þannig ég hugsa að það sé – ekki að ég sé sammála því sem sumir halda fram að sönnunarbýrði hafi verið snúið við eða á neinn hátt svoleiðis – sko. Eén ég held það helgist bæði af lagabreytingum og kannski á vissan hátt löggjafarvilja og ekki síst almenningsálitinu eða almenningsviljanum sko. Og líka því að náttúrulega ef það yrðu gerðar alveg jafn strangar sönnunarkröfur í þessum málum og öðrum, að þá væntanlega yrði mjög erfitt að ná sakfellingu í þeim, mjög mörgum. (Verjandi)

Sumir viðmælenda töldu að gagnrýni um að verið væri að slaka á sönnunarkröfum í kynferðisbrotamálum væri ekki réttmæt. Það væri eðlilegt að gögn eins og sálfræðivottorð fengju aukið vægi sem óbein sönnunargögn samhliða bættri þekkingu á afleiðingum kynferðisbrota. Einn ákærandi sagði:

... finnst sumir vera að detta í þessa klisju að það sé einhvern veginn búið að lækka sönnunarkröfurnar í þessum málum, ég held að það séu margir sem trúa því raunverulega, sko bæði lögmenn og dómamar og fleiri, en það er ekki mín tilfinning. Ég held að það sem hafi gerst bara á síðustu árum sé að menn eru farnir að bara taka tæk sönnunargögn, gögn, sem að þeir voru ekki að gera áður [...] kannski að gútera það að það eru hugsanlega gögn eins og sálfræðigögn og önnur slík sem að geta haft vægi ... (Ákærandi)

Viðmælendur töluðu almennt um að vottorð sálfræðinga um áhrif brots á þolendur virtust vera að fá aukið vægi sem óbein sönnunargögn í kynferðisbrotamálum. Hér má benda á að marktækur munur var á afgreiðslu nauðgunarmála sem bærust lögreglunni árin 2008 og 2009 hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotapolí hafði leitað sér sálfræðiaðstoðar vegna afleiðinga brotsins eða ekki, en mál þar sem brotapolí hafði leitað sér slíkrar aðstoðar leiddu marktækt oftast til ákæru ( $p < 0,001$ ) (Hildur Fjólá Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Í viðtölum við sálfræðinga kom fram að misjafnt er hversu mikla kunnáttu sálfræðingar hafa til að greina áfallastreitu og áfallastreituröskun. Í tilvikum þar sem brotapolar

eiga fyrri sögu um áföll og eða geðraskanir eru ekki margir sálfræðingar hér á landi sem hafa menntun og reynslu í að greina hvernig samspili þessara þátta er háttað og hvaða áhrif þeir hafa á líðan brotaþola í kjölfar brots. Eins hafa ekki allir sálfræðingar reynslu og þjálfun í að útbúa greinargóð vottorð sem nýtast réttarkerfinu. Við áfallamiðstöð Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur á undanförunum árum verið lögð áhersla á að staðla verkferla við gerð slíkra greininga og vottorða. Þau vottorð sem útbúin eru af sálfræðingum hjá áfallamiðstöð LHS innihalda venjulega lýsingu á viðbrögðum brotaþola við atburðinum, sálmeinafræðinni, forsögu einstaklingsins og hvaða próf voru notuð við matið. Jafnframt er lýsing á meðferð sem brotaþoli hefur fengið og mati sálfræðingsins á líðan brotaþola. Notuð er svokölluð mismunagreining til að greina að hve miklu leyti afleiðingar atburðarins og viðbrögð brotaþola eru tilkomin vegna brotsins og að hve miklu leyti hægt er að rekja þau til annarra þátta. Viðmælendur úr hópi sálfræðinga áréttuðu þó að þótt flestir brotaþolar upplifðu áfallastreitu eða áfallastreitursökun, þá eigi það ekki við um alla. Einnig kom fram að brotaþolar sem búa langt frá Reykjavík eiga ekki jafn greiðan aðgang að þjónustu áfallamiðstöðvar LHS og einn viðmælandi úr hópi ákæranda sagði eftirfarandi um vottorð sem gerð eru á landsbyggðinni:

... þetta eru náttúrulega ekkert eins góð vottorð sko, þetta eru ekkert alltaf sálfræðingar. Þetta geta líka verið einhverjir félagsráðgjafar eða einhverjir svona sem eru á staðnum en hérna, það er bara heldur ekkert þannig að það geti allir verið að fara í svona sálfræðimeðferð til Reykjavíkur. (Ákærandi)

Út frá lögfræðilegu sjónarmiði er þó umdeilt hve mikið vægi sálfræðimat og vottorð eigi að hafa við sjálft sönnunarmatið eða hvort eingöngu beri að líta til þeirra við mat á refsingu og upphæð miskabóta. Almennt var talið að dómarmar litu til vottorðs sálfræðinga við ákvörðun refsinga og miskabóta en vitnisburður sálfræðinga hefði mun minna vægi við sönnunarmatið. Einn ákærandi sagði þó: „mér finnst nú samt að þetta sé nú eitthvað að breytast, og ég hef séð dóma þar sem þetta er tekið inn í sönnunarmatið.“

Einn verjandi taldi að útiloka ætti sálfræðivottorðin sem óbein sönnunargögn í kynferðisbrotamálum á þeim forsendum að vottorð um afleiðingar sem brotaþoli glímir við sanni ekki að brotið hafi átt sér stað. Jafnframt taldi hann að ekki ætti að taka gild vottorð sálfræðinga sem hefðu brotaþola til meðferðar, þar sem þeir væru í þeirri stöðu að leggja sjálfkrafa trúnað á frásögn skjólstæðings síns:

Og þá finnst mér þessi sálfræðivottorð alveg skelfileg svo ekki sé fastar að orði kveðið. Bara skelfileg. Það er ekkert farið ofan í sjúkrasögu viðkomandi, viðkomandi hefur kannski orðið fyrir kynferðisbroti áður, það er ekkert greint eða reynt að greina á milli orsakatengslanna. Bara lagt fyrir viðkomandi einhver áfallastreituröskunarpróf, það liggur ekkert, enginn rökstuðningur, í vottorði heldur en bara frásögn brotaþola um það að það sé áfallastreituröskun eða meint áfallastreituröskun sé tengd þessu atviki. (Verjandi)

Verjandinn taldi einnig að ekki ætti gefa vitnisburði og vottorði sálfræðinga neitt vægi við sönnunarmat þar sem sálfræðingar sem eru með brotaþola til meðferðar geti ekki annað en trúnað skjólstæðingum sínum:

Síðan held ég að staðan sé bara sú, að ég meina, ég held að sálfræðingur sem að fær einhvern til meðferðar, hann sé ekkert í neinni stöðu til annars heldur en að leggja trúnað á frásögn þess sem að hann er með til meðferðar. Ég held að það sé svona forsenda fyrir því að viðkomandi geti hjálpað viðkomandi sko. (Verjandi)

Í viðtölum við sálfræðinga kom hins vegar fram að hluti af starfi þeirra sé að meta trúverðugleika sinna skjólstæðinga og það sé eitthvað sem þeir fái mikla þjálfun í, bæði í námi og starfi. Einn sálfræðingur sagði: „Maður getur ekki verið í meðferð og verið í svona nánu sambandi og haldið uppi lygasögu, það er bara ekki hægt.“ Annar sálfræðingur sagði:

... mitt hlutverk er að þjóna eða vera meðferðaraðili fyrir minn skjólstæðing en ég er líka sjálfstæður sálfræðingur [...] ef ég myndi halda að hún væri að ljúga þá myndi ég adressa það miklu fyrr í ferlinu. Ég myndi aldrei, ég myndi hvetja skjólstæðinginn til þess að draga kærana til baka, ég myndi gera ráðstafanir löngu áður en það kæmi að réttarkerfinu, algjörlega hundrað prósent, af því að ég er líka dómkvödd til þess að segja satt og rétt frá. (Sálfræðingur)

Einn viðmælandi taldi að sumir verjendur og dómarmar bæru ekki nægilega virðingu fyrir fagþekkingu sálfræðinga:

... mér finnst verjendur oft sýna sálfræðingunum mikla fyrirleitningu, algjörlega fara yfir strikið og leyfa sér jafnvel að efast um þeirra sérfræðilegu niðurstöðu og fara að veifa einhverju sem þeir prenta út af netinu [...] þessi fyrirleitning á þeirra sérfræðiþekkingu, mér finnst ég líka stundum finna fyrir því hjá ákveðnum dómurum. (Ákærandi)

Viðmælendur úr sétt sálfræðinga könnuðust við að upplifa neikvæð viðhorf frá sumum verjendum. Sumir sögðust hafa upplifað niðurlægingu í réttarsal og kvíða þess vegna fyrir því að bera vitni. Einn sálfræðingur sagði: „það er eitt það erfiðasta af starfinu“. Annar sálfræðingur sagði:

[Verjendur eru] bara mismunandi, þeir eru rosalega mikil breidd. Það eru svona þessir ungu töffarar sem að halda að það að slá mann nógu mikið út af laginu, aggressjón við mann, sem að eru bæði sko grátlegastir að fylgjast með og erfiðastir að díla við. Vegna þess að þú færð ekki tækifæri ... þeir segja þér, liggur við, að þegja eða sýna þér lítilsvirðingu eða gera lítið úr þér og þetta er bara svolítið taktísk aðferð. En þetta er brotabrot af lögmönnum. (Sálfræðingur)

Viðmælendur úr stétt sálfræðinga voru meðvitaðir um mikilvægi þess að vottorðin séu vönduð og að mikið sé í húfi: „[Að útbúa vottorð] er náttúrulega alveg háalvarlegt mál, við tökum þetta mjög alvarlega.“ (Sálfræðingur). Sumir höfðu þó orð á því að oft bærast þeim ósk um vottorð mjög seint, sem væri óæskilegt:

... svona praktískt séð þá fáum við yfirleitt að vita með svo stuttum fyrirvara hvenær málin eru dómtekin, þó svo allir aðrir hafi vitað mjög lengi. Það er meiriháttar mál að skrifa svona vottorð til að gera það vel. Og ég meina það er bara mjög mikil ábyrgð sem er fólgin í því finnst mér, og þurfa að [kasta] til þess hendinni stundum af því að stundum skrifar maður vottorð af því maður getur ekki hugsað sér að senda barnið í réttarsal án þess að hafa neitt vottorð skilurðu, þannig að stundum gerir maður það undir svona pressu. (Sálfræðingur)

Einn viðmælandi úr dómastéttinni hafði orð á því að þekking á áfallastreitu í kjölfar kynferðisbrota hafi aukist á meðal dómara á síðustu árum:

... fyrir svona tíu árum þá hafði fólk ekkert heyrt um einhverja áfallastreituröskun, skilurðu, en nú eru þessir fræðingar búnir að koma margoft fyrir dóm og þeir eru líka ábyggilega orðnir betur menntaðir í þessu, eða ég hugsa það, og koma þessu betur á framfæri, þannig að þetta er svona bara þekking sem er að síast inn í kerfið og er búið að gera það mjög vel sko, held ég. (Dómari).

Dómari taldi einnig skýrslur og vottorð sálfræðinga hafa farið batnandi á síðustu árum. Áður fyrr hafi sálfræðingar ekki gert áður nefndar mismunagreiningar og því var ekki fjallað um aðra þætti sem gætu hafa haft áhrif á líðan brotaþola. Þetta væri nú að breytast og samhliða væru gæði vottorðanna meiri. Eins og einn viðmælandi sagði: „... eftir því sem þessar skýrslur eru vandaðri þá náttúrulega hafa þær meiri vigt.“ (Dómari). En jafnframt kom fram mikilvægi þess að sálfræðingar sem fengnir væru til þess að útbúa slík vottorð væru hæfir til þess og jafnframt að dómara hefðu næga þekkingu til að túlka niðurstöðurnar:

... mér finnst dómskerfið gera of litlar kröfur til sálfræðiskýrslna, mér finnst að það eigi að gera strangari kröfur. Ég hef séð vottorð sem eru bara djók, og dómara fara með þau tífalt lengra heldur en efni standa til. Illa unnin, illa rökstudd eða kannski bara alveg ágæt miðað við það sem þau eiga að vera, en svo eru þau tekin og oftúlkuð þvers og kruss og það er bara alveg hræðilegt. (Sálfræðingur)

Viðmælandi úr hópi ákæranda benti á að það væri óheppilegt, eins og oft er, að sami sálfræðingur og er með brotaþola í meðferð sé jafnframt fenginn til að meta ástand brotaþola sem vitni fyrir dómi. Eðlilegra væri að fá utanaðkomandi sálfræðing, dómkvaddan sérfræðing, til að leggja mat á ástand og líðan brotaþola með tilliti til áfallastreituröskunar og gefa því mati meira vægi:

... ég held að þetta sé þróun sem að ég held að við eigum að horfa meira í, til dæmis áfallastreitu. Ég held að það sé bara gamaldags og þúkó viðhorf hjá okkur að vera ekki að gefa þessu nægilegan gaum. Við eigum jafnvel hreinlega að fara í það að fá bara sálfræðing sem er ekki í meðferðarpakkanum. Fá bara utanaðkomandi sálfræðing dómkvaddan til þess að leggja mat á það hvort að brotaþoli sýni einkenni áfallastreituröskunar, og hann byggir það þá á viðtölum við brotaþola og eftir atvikum fær aðgang að gögnum hjá sálfræðingi viðkomandi og hefur síðan aðgang að öðrum málgögnum ef að þörf er á. (Ákærandi)

Samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga er brot á hegningarlögum einungis saknæmt ef það er unnið af ásetningi eða gáleysi, en einungis er heimilt að refsa fyrir gáleysi ef finna má sérstaka heimild til þess í lögnum. Samkvæmt lögnum er ekki heimild til að refsa fyrir nauðgunar- eða kynferðisbrot af gáleysi (sjá frekari umræðu um gáleysi í kafla 2.7. *Viðhorf til löggjafarinnar*). Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að mat á ásetningi í nauðgunar- og kynferðisbrotum hefði tekið einhverjum breytingum, almennt töldu viðmælendur svo ekki vera eða höfðu ekki orðið varir við það. Viðmælendur bentu á að ásetningurinn væri hvað skýrastur í málum þar sem sakborningar hafa brotið ítrekað gegn brotaþola, til að mynda í sumum málum sem snúa að kynferðisbrotum gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum. Þó svo að nokkrir

viðmælenda hafi bent á að dómur væru nú mun betur rökstuddir en áður var, og röktu það til þeirrar breytingar þegar farið var að birta dóma á netinu, þá taldi einn viðmælandi að oft væri rökstuðningi um ásetning ábótavant í dómum og því ekki hlaupið að því að draga lærdóm af dómafordæmum: „ég veit ekki hvaða leiðsögn við fáum úr þessum dómum af því að það er ekkert rosalega algengt að það sé verið að fara sérstaklega út í það“ (Verjandi). Viðmælandi benti á að það væru mörg stig ásetnings og í sumum málum væri oft erfitt að „sýna fram á beinan ásetning“ þá sérstaklega í málum „þar sem báðir aðilar voru blindfullir“ og í málum þar sem ungt fólk á í hlut:

Og ég held að í mjög mörgum tilvikum, sérstaklega í misneytingarmálum, að þá líti sakborningarnir alls ekki á sig sem að þeir hafi verið að viljandi brjóta gegn stúlkunni. Ég held að það sé í mjög mörgum tilvikum komi þetta algjörlega flatt uppá þá. Svo er þessi klámvæðing öll, kynlífið er allt í einu orðið eitthvað mjög á skjön og svona klámskotið. Einhver endaparmsmök og svona allskonar svona bara, þú veist eitthvað svona sem er týpískt fyrir þessa klámkynslóð. Þessi börn eru bara búin að alast upp við að horfa á klám á netinu sko. (Verjandi)

Einn viðmælandi úr hópi réttargæslumanna taldi að merkja mætti þá breytingu á mati á ásetningi að krafa um mótspyrnu að hálfu brotþola sé nú ekki eins sterk og áður. Hann sagði:

Ég myndi halda það, einkum varðandi það hvenær hann má halda að viðkomandi vilji þetta ekki. Ég held að þeir hafi þurft meiri svona mótspyrnu hjá brotþola til að það mætti telja eða hefði mátt vita að hún vildi þetta ekki. Að það sé búið að færast aðeins meira yfir í það að þurfa minna til, minni mótspyrnu af hálfu brotþola. Sem er svona partur af ásetningnum, hvenær má hann vita að hann er að brjóta gegn henni og hefur þar af leiðandi ásetning til brots og hérna ég held að það hafi breyst. (Réttargæslumaður)

### *Samantekt*

Að mati viðmælenda hafa framburðir brotþola og óbein sönnunargögn öðlast aukið vægi á síðustu árum. Viðmælendur lýstu því að þessar breytingar stöfuðu af betri lögreglurannsóknum, aukinni þekkingu á eðli og afleiðingum kynferðisbrota og ekki síst kynslóðaskiptum hjá lykilembættum og breyttu viðhorfi til brotaflokksins. Verjendur töldu að ekki væru gerðar eins strangar sönnunarkröfur í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum eins og í öðrum brotaflokkum og einn verjandi rakti það meðal annars til vilja almennings. Viðmælendur töldu einnig að framburður sálfræðinga á grundvelli vottorða um líðan brotþola hefði öðlast aukið vægi. Nokkrir viðmælendur töldu þó að misjafnt væri hversu vel væri staðið að gerð slíkra vottorða og ástæða væri til að auka þekkingu og þjálfun sálfræðinga í gerð þeirra. Þá var bent á að oftast mætti kalla á dómkvadda matsmenn, þ.e. utanaðkomandi sálfræðinga, til að meta gögn mála og leggja mat á afleiðingar atburðarins fyrir brotþola. Flestir viðmælendur töldu að mat á ásetningi hefði ekki tekið miklum breytingum, en verjendur töldu að rökstuðningi dómara um þetta atriði væri iðulega ábótavant og því erfitt að segja til um hvort matið hefði tekið breytingum. Nokkrir viðmælendur tóku þó fram að rökstuðningur í dómum væri nú almennt mun ítarlegri en áður tíðkaðist.

### 2.6.1. Persóna og mannleg reynsla dómara

Í íslensku réttarfari gildir sú meginregla að sönnunarmat dómara er frjálst, þ.e. að dómari leggur mat á gildi sönnunargagna án þess að vera bundinn af fyrirfram settum reglum. Við mat á sönnunargögnum eiga dómarar því eingöngu að styðjast við „lögfræðipækkingu sína og heilbrigða skynsemi“ (Róbert R. Spanó, 2009:155). Í umfjöllun Sigríðar Ingvarsdóttur héraðsdómara (2004) um skipun dómara kemur einnig fram að dómarar þurfi að búa yfir góðri lögfræðipækkingu og færni til að nýta þá þekkingu við úrlausn lögfræðilegra álitaefna. Slík þekking dugi þó ekki til heldur þurfi dómarar einnig að beita „heilbrigðri skynsemi, rökhugsun, innsæi og dómgreind“ og hafa „innsæi í mannlega hegðun og viðbrögð.“ (bls. 491).

Viðmælendur voru spurðir hvort persóna dómans og mannleg reynsla skipti máli þegar kemur að meðferð dómara á nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Viðmælendur voru almennt sammála um að svo væri og notaði einn viðmælandi orðið „dómarahappdrætti“ í því samhengi. Sumir viðmælendur töldu að fagleg viðhorf dómara væru mismunandi þegar kæmi að því að meta sönnunarreglurnar, þ.e. hversu sterk sönnunarkrafan eigi að vera:

... krafan í lögum um meðferð sakamála er bara sú að það á að meta hvort það sé hafið yfir skynsamlegan vafa hvort að brotið hafi verið framið og það eru þau viðmið sem allir dómarar fara eftir, en svo kunna auðvitað persónuleg viðhorf manna að hafa einhver áhrif á það hvernig þeir meta hvort að þetta sé hafið yfir skynsamlegan vafa. (Dómari)

Því miður þá er það bara þannig að [í Hæstarétti] hafa persónur alveg gríðarlega mikið vægi, þeir einstaklingar sem eru að baki dómurunum, þetta ræðst algjörlega af því hvernig menn meta sönnunarreglurnar, það er bara þannig. (Dómari)

Aðrir töldu að persónuleg viðhorf og afstaða dómara til nauðgunar- og kynferðisbrotamála hefðu áhrif á hvernig dómarar dæma í málunum, en hér ber þó að hafa í huga að dómar í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum eru iðulega fjölskipaðir:

... ef þú myndir setja mál fyrir tvo dómarapanela sko, þá gætir þú fengið sýknudóm öðrumegin og sakfellingu hinumegin og það er svona misræmi á milli dómaraanna svolítið og ég held að þeir þurfi að vinna svolítið betur í því að stundum, sumir eru örugglega með svona einhver gömul og úrelt sjónarmið og aðrir kannski alveg hinumegin og svona ég held að það mætti samræma dóma miklu meira, og dómaframkvæmd. (Rannsóknarlögreglumaður)

... ég held að upp til hópa þá náttúrulega reyna [dómarar] að vera og eru faglegir, þú veist. En ég held alveg að persónulega – ég ætla ekki að segja nein nöfn eða svoleiðis – að þá skín alveg í gegn hjá sumum ákveðið viðhorf, það hefur áhrif. (Ákærandi)

... ég held að það skipti máli hver er að einhverju leyti persónuleg afstaða dómara til þessara mála. Alveg klárlega. (Verjandi)

Persóna dómans skiptir mjög miklu máli. Það er alþekkt meðal málflytjenda: ‘heyrdú ohh gott það er þessi, jæja fínt, þá þarf ég nú ekki að hafa einhverjar áhyggjur’. Auðvitað, það er bara svoleiðis. (Ákærandi)

Ég held að hún skipti náttúrulega alltaf máli, ... svona viðhorf hans og sýn. Við náttúrulega höfum það bara einfaldlega úr fortíðinni, þar sem að dómara skrifuðu í niðurstöður sínar, sko hluti í rökstuðningi, sem að engan veginn sko var ásættanlegt þá eða væri það í dag. Viðhorf manna til sko kynhegðunar fólks og svo framvegis og svo framvegis. Þannig að ég held að það skipti alltaf máli, sko persónurnar að baki störfunum. (Dómari)

Viðmælendur úr hópi sálfræðinga töldu einnig að viðhorf dómara til málaflokksins skiptu máli og að hjá sumum þeirra gætti ákveðnar slagsíðu og fordóma í garð þolenda. Á sama tíma væri þó hægt að merkja jákvæða þróun í þá átt að dómara væru sífellt viljugri til að afla sér þekkingar á eðli og afleiðingum kynferðisbrota:

Ég held reyndar að langflestir sem eru að vinna í þessu séu að reyna bara að gera gott starf en oft vantar bara ákveðna vitneskju. En dómara eru margir rosalega áhugasamir og spyrja mikið og maður finnur það alveg hvernig þeir fara einhvern veginn að líta öðruvísi á málin og eru að afla sér þekkingar, mjög margir, mjög flottir. (Sálfræðingur)

Dómara eru bara eins misjafnir og þeir eru margir. En mér finnst ég hafa tekið eftir þekkingaraukningu, líka bara að sjá það í dómunum. Það eru alltaf svona tímamótadómara, já hann skilur hvað hann er að tala um þessi, eða þessir dómara, en svo kemur alltaf inn á milli að maður sér bara stutta pils-syndrómið og þetta 'blaming the victim' og allt þetta sem kemur fram. Maður heldur að viðkomandi dómari sé vel upplýstur og svo kemur bara í ljós að hann er bara því miður illa upplýstur og hans skekkjur og hans eigin stíflur eru að þvælast fyrir. (Sálfræðingur)

Einn ákærandi velti fyrir sér hvort umsækjendur um dómaraembætti ættu að svara spurningum um viðhorf sitt til málaflokksins á opinberum vettvangi áður en til skipunar kemur. Þannig myndi liggja fyrir hvert afstaða viðkomandi væri:

Kannski eigum við að láta fara fram opinberar umræður [þar sem manneskjan er spurð] sem er að sækja um embætti: hvert er þitt viðhorf? Skilurðu, þannig að við vitum hvað það er sem við erum að fá. Ég bara velti því hreinlega fyrir mér, hvort að það sé rétt að gera það bara svoliðis, ef þetta snýst svona rosalega um viðhorf. (Ákærandi)

Viðmælendur treystu sér ekki til að meta hvort viðhorf dómara færi eftir kyni, aldri eða öðrum þáttum en þess má geta að hlutfall kvenna og karla í dómaraastéttinni er nú nánast jafnt. Sú staða endurspeglar þó ekki í Hæstarétti en af níu hæstaréttardómurum er einungis ein kona. A-deild Hæstaréttar, sem samanstendur af fimm hæstaréttardómurum sem hafa hvað mesta reynslu í embætti, tekur kynferðisbrot venjulega til meðferðar. Sumir viðmælendur töluðu um að það væri mikilvægt að fjölskipaðir dómara endurspegluðu ákveðin fjölbreytileika, með tilliti til aldurs, kyns, menntunar og starfsreynslu. Einn ákærandi orðaði það svo:

Dómara valið þarf að endurspegla samfélagið algjörlega, skipun dóms í kynferðisbrotamálum er mjög mikilvæg, við getum ekki haft einsleitan dóm, viðhorf dómara skiptir máli. (Ákærandi).

Einn viðmælandi talaði einnig um aldur í þessu samhengi og sagði: „við erum með dómara á sextugs- og sjötugsaldri sem eru að dæma í málum hjá fólki sem er um tvítugt, við þurfum kannski líka aðeins að þæla í því“ (Ákærandi).

Sumir lögðu áherslu á að bæði konur og karlar ættu að eiga sæti í fjölskipuðum dómum þar sem kynferðisbrotamálin væru til meðferðar, og þá bæði í héraðsdómum og Hæstarétti. Viðmælandi úr hópi réttargæslumanna vísaði til þess að dómara væru afsprengi þess samfélags sem þeir tilheyra. Ef samfélagið er kynjað, þá hljóti það að hafa áhrif á dómara eins og aðrir þættir:

... ég held, og lærði það meðal annars í laganáminu, að auðvitað markerast dómara af samfélaginu sem þeir koma úr, þeir sem markerast af því kyni sem þeir eru, á meðan við erum með svona himinn og haf á milli þess hvernig stúlkur og drengir hafa það og þeim líður og samfélagið meðhöndlar þau. [...] Ég held að dómara geti ekki sloppið út úr því, en ég held að ef hann er góður dómari þá reynir hann auðvitað að láta ekki skoðanir sínar eða afstöðu rugla sig. (Réttargæslumaður)

Í þessu samhengi tók viðmælandi úr hópi ákæranda dæmi um hvernig reynt hefði á atriði fyrir dómi sem tengjast líkamlegri upplifun og reynsluheimi kvenna og hvernig hann hefði rekið sig á að erfitt geti verið að útskýra slíkt fyrir karlkyns dómurum. Viðmælandi úr hópi dómara taldi einnig eðlilegt að dómari í kynferðisbrotamálum væru bæði skipaðir karlkyns og kvenkyns dómurum þar sem reynsluheimur kynjanna væri að einhverju leyti ólíkur:

...manni finnst til dæmis, í svona kynferðisbrotamálum, þá er oft sko fjölskipaður dómur, eða yfirleitt sko, þá einhvern veginn finnst manni að hann þurfi að vera blandaður. Þannig að það sé bæði reynsluheimur karla og kvenna. Mér finnst það líka gagnvart bæði sem sagt gerandanum, sem er nú yfirleitt karlmaður, og brotþola. [...] En já, mér finnst eðlilegt að fjölskipaður dómur sé skipaður bæði konum og körlum. Auðvitað, reynsluheimurinn er ekki alveg sá sami. (Dómari).

Dómara voru spurðir hvaða þjálfun þeir fengju til að tryggja að sönnunarmat þeirra sé óháð félagslegri stöðu, aldri, kyni og framkomu brotþola og sakborninga. Einn dómari sagði: „Raun og veru enga ...“ og annar dómari sagði: „Nei, við höfum ekki fengið sérstaka þjálfun í því.“ Í þessu sambandi sagði einn dómari:

Ja, við náttúrulega bara byggjum á okkar lögfræðimenntun og þekkingu og reynslu. Það náttúrulega fæðist enginn fullkominn dómari, þú veist, þetta er náttúrulega bara áralöng reynsla. [...] þetta er náttúrulega bara þessi herna þekking á svona mannlegu eðli auðvitað sem að hver og einn verður að búa yfir, auðvitað er fólk misjafnt kannski bara af guði gert eða, já, misjafnlega næmt sko til þess að meta það ... (Dómari)

### *Samantekt*

Viðmælendur töldu að persóna dómara og mannleg reynsla þeirra skipti máli við meðferð þeirra á nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Ýmist töldu viðmælendur misjafnt hvernig dómara meta sönnunarreglurnar, þ.e. hversu sterk sönnunarkrafan eigi að vera, og/eða að persónuleg viðhorf dómara til málaflokksins hefðu þar einnig áhrif. Sumir viðmælenda lögðu áherslu á að dómara væri þurfi að



endurspegla samfélagið í auknum mæli. Sumir bentu á að í fjölskipuðum dómum í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum væri eðlilegt að sætu bæði kvenkyns- og karlkyns dómara þar sem reynsluheimar kynjanna væru að sumu leyti ólíkir. Einnig kom fram sú hugmynd að umsækjendur um embætti dómara yrðu beðnir að svara spurningum um viðhorf sín til málaflokksins á opinberum vettvangi áður en til skipunar kæmi. Fram kom að dómara fá ekki þjálfun til að tryggja að sönnunarmat þeirra sé óháð félagslegri stöðu, aldri, kyni og framkomu brotþola og sakborninga. Einn dómari sagði að í þessu sambandi treysti þeir á lögfræðimenntun sína, reynslu og persónulegt upplag.

### 2.6.2. Símenntun og fræðsla fyrir dómara

Í 23 gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 er tilgreint að dómurum beri að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum og þeim skuli, eftir föngum, gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar. Samkvæmt 14. gr. laganna fer dómstólaráð með skipulag á endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla. Á vegum dómstólaráðs starfar sérstakt fagráð sem skipuleggur endurmenntun fyrir dómara. Einnig hafa háskólarnir staðið fyrir námskeiðum, erindum og fræðslufundum.

Dómara voru spurðir hvort þeim væri gefinn kostur á að afla sér aukinnar sérþekkingar á sviði nauðgunar- og annarra kynferðisbrotamála og hvort það væri æskilegt að dómara hlytu slíka þjálfun eða fræðslu. Flestir dómara töldu að almennur skortur væri á framboði og tækifærum til símenntunar og þá einnig á sviði kynferðisbrotamála. Þeir sem töldu að þörf væri á að styðja betur við endurmenntun dómara vísuðu sumir til þess að víða erlendis, þar á meðal á Norðurlöndunum, væri lögð töluvert meiri áhersla á fræðslu og símenntun dómara:

... ég tel það nauðsynlegt að dómara fái mun, mun meiri og stöðuga fræðslu. Það vantar upp á það hér á Íslandi. Enda hefur það komið líka skýrt fram. Og alveg gildir það sama um allar stéttir. En í þessum málaflokki þyrftu dómara að fara að fá meiri endurmenntun. (Dómari).

Já, ég held að allir hafi nú bara gott af því, bara ekki spurning sko. Nákvæmlega, og við höfum reyndar verið að skammast í því við dómarafélagið og fleiri að það er nú farið að horfa á okkur svona einkennilegum augum erlendis frá: bíddu, hvar eru ykkar endurmenntunarnámskeið? Það bara vantar pening í það. Við fáum ekki peninga þó við biðjum um það sko. Það er náttúrulega ekki gæfulegt. (Dómari)

... endurmenntunin okkar hefur því miður verið í ... kannski ekki beinlínis í skötulíki en hún hefði mátt vera meiri og betri. Það er mikil áhersla lögð á þetta á öðrum Norðurlöndum, símenntun og endurmenntun dómara, og þetta er hlutur sem við erum að taka fastari tökum í dag heldur en við höfum gert áður. (Dómari)

Það var gert svolítið átak í þessu fyrir nokkrum árum síðan, í þessum málaflokki, aðallega gegn börnum þá, en þá voru haldin ágæt námskeið og allnokkur bara reglulega, á hverju ári, bæði með okkar bestu sálfræðingum, og vitnasálfræðin er nú mjög skemmtileg, í

Þessum dúr sko. Þannig að það var mjög gott. [...] menn tóku sér tak þá og mér finnst að núna þurfum við að fara að spýta í lófana aftur. Það held ég. (Dómari)

Einn viðmælandi úr hópi dómara taldi þó að það væri ekki vandamál fyrir dómara að sækja sér endurmenntun ef þeir legðu sig eftir því en þeir þyrftu að hafa tíma til þess:

Það má alltaf velta því fyrir sér hvort að það sé nægilega mikill tími ætlaður fyrir svona endurmenntun og rannsóknir hjá dómurum eins og öðrum starfsmönnum, en hérna, ég held að það væri ekki vandamál ef menn vildu leggja sig eftir því að kynna sér sko, hvort sem það er þessi flokkur mála eða einhver annar. (Dómari)

Þó svo að flestir dómarnir teldu þörf á frekari tækifærum til fræðslu og símenntunar, töldu þeir ekki endilega að dómarastarfið krefðist sérfræðiþekkingar á sviði kynferðisbrotamála, ekki frekar en í öðrum málum. Einn dómari sagði:

Þau eru ekkert sérstök svona að öðru leyti en því að það er kannski sérstök tegund af sérfræðigögnum sem eru í þessum málum sem að eru þá ekki í öðrum, en það eru annars konar sérfræðigögn þá í öðrum málum. (Dómari)

Annar dómari lagði áherslu á að reynslan væri hvað mikilvægust þegar kemur að alvarlegum málum eins og kynferðisbrotin eru:

Ég held að það sé ákjósanlegt að það séu svona þeir reynslumeiri sem að fari með mál af þessu tagi. Þetta er fjölskipaður dómur í héraði og þannig er hægt að tryggja að ... ja menn geta svona byrjað þá á að koma sem meðdómarar inn í slík mál og þjálfast þá með þeim hætti. (Dómari)

Þriðji dómarninn ítrekaði mikilvægi reynslunnar og að dómstólarnir væru „uppeldisstöð fyrir dómara“, hann sagði einnig: „En svo eru auðvitað aðrir sem koma bara beint inn í dómarastarfið, það gerist líka náttúrulega. En þá er það oft reynslumikið fólk annars staðar frá.“ Aðrir bentu á að við stærstu dómstólana væri nokkur sérhæfing, til að mynda við Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem ákveðnir dómarar fara með sakamál, þar á meðal kynferðisbrotamál, og aðrir með einkamál. Víða úti á landi eru aftur á móti einmenningsdómstólar þar sem dómarar hafa tæpast eins mikla reynslu af því að dæma kynferðisbrotamál en á móti kemur að dómar í kynferðisbrotamálum eru fjölskipaðir, eða eins og dómari sagði: „það sem að oft bjargar þeim þó er það að þá fá þeir meðdómendur frá öðrum dómstólum, oft dómarar sem eru búnir að sitja í þessum málum oft áður og fara í gegnum þá þekkingu með reynsluna“.

Í nokkrum viðtalanna voru viðmælendur spurðir hvort þeir teldu þörf á aukinni sérhæfingu í brotaflokknum og þá hvort jafnvel ætti að setja á stofn embætti sérstaks saksóknara í brotaflokknum eða sérstakan dómstól. Viðmælendur töldu að ekki væru forsendur fyrir sérstökum embættum eða dómstólum í brotaflokknum og nefndu helst þá ástæðu að fólksfæðin á Íslandi stæði ekki undir sérstökum embættum. Í því samhengi bætti einn viðmælandi úr hópi dómara við að sérstakur dómstóll í brotaflokknum „yrði vísast vanbúinn“. Annar viðmælandi taldi að varast bæri of mikla sérhæfingu:

... okkar réttarfar byggir á þessari svona generalísingu getum við talað um, þar sem að við viljum að dómarnir séu í raun og veru einstaklingar sem koma bara úr samfélaginu okkar. Og við kannski búum við það að við erum með minni stéttaskiptingu hér en í mörgum löndum þar sem að dómarnir koma kannski bara úr þessum æðri lögum, og það litar alveg klárlega niðurstöðu þeirra gagnvart sko málum sem að til að mynda koma úr neðri lögunum. Við erum kannski lánsöm að þessu leytnu til, að við erum með dómara sem að eru bara einfaldlega partur af þessu almenna samfélagi okkar. [...] það er alltaf ákveðin hættu fólgin í of mikilli sérhæfingu því að hún getur orðið svo mikil að menn svona hættu að sjá hlutina út frá svona almennum augum. (Dómari)

Annar viðmælandi taldi að ekki væri þörf á að búa til sérstaka dómstóla utan um ólíka brotaflokkana en að kanna mætti hvort forsendur væru fyrir því að ákærvaldið aðgreindi með skýrari hætti stærstu yfirflokkana, þ.e. ofbeldisbrotin og efnahagsbrotin:

Ég held að það eigi ekki að vera að búa til sér-dómstóla utan um einhverja málaflokka. Það held ég að myndi bara veikja dómskerfið í stað þess að efla það og ég held að það ætti ekki að búa til sérstakan saksóknara um þetta. Það gæti hins vegar vel komið til álitu að greina ákærvaldið upp, þannig að þú værir með auðgunar- og efnahagsbrotin sem eitt unit en svo værirðu með ofbeldisbrotin, líkamsárásir, manndráp, kynferðisbrot og annað slíkt sem annað unit. Þú getur greint þar á milli ef það á að vera einhverskonar aðgreining sko af því að þessi mál eru í grunninn mjög ólík sko. (Dómari)

Á svipaðan hátt taldi viðmælandi úr hópi ákæranda að það mætti auka sérhæfingu innan dómstóla:

... dómskerfið er gott, við þurfum ekki á svona sérdómstólum að halda, en við þurfum auðvitað sérhæfingu í dómstólunum. Það eru sumir dómara sem eru bara í sakamálum, það þarf að tryggja það að þeir þekki vel samfélagið sitt, þeir gera það flestir, en ég veit ekki um alla. (Ákærandi)

Í þessu samhengi taldi ákærandi að huga mætti betur að laganámi á Íslandi þannig að námið endurspeglaði betur félagslega og sálfræðilega þætti:

Við þurfum kannski aðeins að staldra við og við þurfum að læra meira um samfélagið okkar. Kannski þarf námið að fara að endurspeglu meira félagslega og sálfræðilega þætti, ég er svolítið hrædd um það, ég held að við þurfum eitthvað aðeins að hugleiða þetta betur. Af því að þessi málaflökkur, hann snýst um það. [...] ég held að þróunin verði sú að það verði meiri sérhæfing í þessum málaflökki. Refsirétturinn og sakamálaréttarferlið er stór hluti af okkar réttarkerfi, við sjáum það bara á fjölda sakamála sem er fyrir Hæstarétti, þetta er stór hluti og við lögfræðingarnir verðum kannski aðeins að fara að hugsa út í hvernig við erum að mennta fólk út í þessi störf, sérstaklega þegar við erum að tala um kynferðisbrotin. (Ákærandi)

Dómara voru einnig spurðir hver væri þeirra persónulega upplifun af því að starfa við meðferð málanna og sögðu sumir að þetta væri að mörgu leyti mjög erfiður málaflökkur: átakamikill og tilfinningaþrunginn.

Mikilvægt væri brynja sig ekki um of og gerast ónæmur, heldur að vanda vel til verka. Einn dómari sagði:

... mér finnst skipta miklu máli fyrir dómara, mína kollega, að menn átti sig á því að afgreiða ekki þennan málaflökk sem einhvern svona massamálaflökk þar sem að menn ætla einfaldlega að brynja þetta úti. Eins og skurðlæknir sem er búinn að skera sko 300 sjúklinga og þetta er bara svona vélræn vinna, að það má aldrei vera þannig af því að þetta er náttúrulega þannig að þarna er verið að takast á mjög mikla hagsmuni og

mikilsverða [...] mér finnst skipta miklu máli að réttlæti nái fram að ganga í þessum málum. (Dómari).

Annar dómari sagði að einhver umræða hafi átt sér stað á meðal dómara um það hvort ekki væri rétt að þeim yrði gefin kostur á sálfræðiaðstoð í kjölfar erfiðara mála eins og öðrum hópum sem koma að meðferð málanna:

En það hefur nú verið rætt, þó ekki fari það hátt, kannski með því að nú eru að koma ungar konur inn í þetta starf hjá okkur, tiltölulega ungar konur, með ágæta reynslu, skilurðu, að fólk hefði nú kannski gott af því að hafa tækifæri til að létta aðeins af sér eftir erfið mál, sko. Sjá myndir jafnvel og ... en það virðist ekkert skorta á það annars staðar, hjá lögreglunni, að fá alls konar aðstoð. Aldrei minnst á þetta við dómara. (Dómari)

### *Samantekt*

Niðurstöður sýna að flestir viðmælendur úr hópi dómara töldu að mun betur mætti standa að símenntun og fræðslu dómara en töldu þó ekki þörf á sérhæfingu í málaflokknum. Í viðtölunum kom fram að á Íslandi væru ekki forsendur fyrir embætti sérstaks saksóknara í málaflokknum eða sérstökum dómstól, einkum sökum fólksfæðar, en að mikilvægt væri að reynslumeiri dómarar sætu í fjölskipuðum dómum í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum. Bent var á að við stærri dómstóla væri nokkur sérhæfing þar sem dómarar fara ýmist með sakamál eða einkamál en svo væri ekki í minni dómstólum, allra síst í einmenningsdómstólum á landsbyggðinni. Á móti kæmi að dómar í nauðgunar- og kynferðisbrotum væru iðulega fjölskipaðir og því væru kallaðir til reyndir dómarar. Einn viðmælandi benti á að þörf væri á aukinni sérhæfingu innan dómstólanna. Annar taldi að hægt væri að skipta ákærvaldinu í tvær deildir þannig að ein deildin meðhöndlaði ofbeldisbrot, þar á meðal nauðgunar- og kynferðisbrot, og hin deildin meðhöndlaði efnahagsbrot. Einnig kom fram að ástæða væri til að kanna hvort dómarar, eins og aðrir hópar sem koma að meðferð kynferðisbrotamála, ættu kost á sálfræðiaðstoð í kjölfar erfiðra mála.

## **2.7. Viðhorf til löggjafarinnar**

Árið 2007 var kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga endurskoðaður í heild sinni (sjá lög nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum). Eitt af markmiðum lagabreytinganna var að jafna stöðu þolanda kynferðisbrota, þannig að brot þar sem samræði eða önnur kynferðismök eru höfð við þolanda gegn vilja hans yrðu skilgreind sem nauðgun óháð verknaðaraðferðinni. Þannig var efni 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun rýmkað verulega og nú fellur ólögmaet kynferðisnauðung (sem áður fannst í 195. gr. laganna) og misneyting (sem áður fannst í 196. gr. laganna) undir nauðgunarákvæðið, en tvær síðari verknaðaraðferðirnar vörðuðu lægri refsingu en nauðgun með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Nauðgunarákvæði (194. gr.) almennra hegningarlaga inniheldur nú lýsingu á öllum þessum verknaðaraðferðum og hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

Viðmælendur voru spurðir um viðhorf til löggjafarinnar og hvort þeir teldu breytingarnar árið 2007 hafa haft þýðingu fyrir meðferð málanna innan réttarvörslukerfisins. Í viðtölum við ákærendur við embætti ríkissaksóknara lýstu þeir því að þeir nýttu ólögmæta nauðung nú oft en áður og þá sérstaklega í málum sem einkennast af aðstöðumun brotþola og sakbornings, s.s. sökum aldurs- eða aflsmunar, eða aðstæðna:

Já, ég tel að það hafi verið mjög gott að taka inn í nauðgunarákvæðið þetta gamla úr 195 gr. um ólögmæta nauðung.<sup>6</sup> Og þó að þetta ákvæði hafi alltaf verið þarna inni, að þegar maður skoðar dómaframkvæmd þá einhvern veginn er ótrúlega lítið dómapraxis á þetta ákvæði og þetta er alveg klæðskerasniðið ákvæði í þessum jaðarmálum. Þegar maður er með einhverja svona atburðarás þar sem að það er orð gegn orði, það eru engir áverkar á brotþolanum, þetta er svona jaðarmál sem er tæpt í sönnun, en með því að vera með þessa ólögmætu nauðung inni í nauðgunarhugtakinu þá er maður meira meðvitaður um það að líta til aðstæðna, það er að segja maður hefur ákært menn með því að hafa verið fjarri öðrum, á afviknum stað, þar sem gerandi nýtti sér aflsmun og aldursmun. (Ákærandi).

Við erum farin að nota ólögmæta nauðung svolítið meira heldur en var gert [...] þá um leið minnkar vægið að þurfa að sanna ofbeldið því þá kemur aðstöðumunurinn inn, skilurðu, og aðstæðurnar – í hvaða aðstæður ertu komin? – og þannig hefur ólögmæt nauðung verið túlkuð. Þetta er dómaframkvæmd, þetta kemur ekki úr greinargerð með lögum eða fræðiskrifum, þetta er dómaframkvæmd [...] en með þessa ólögmætu nauðung, mér finnst hún létta róðurinn alveg gríðarlega í sönnunarfærslu. (Ákærandi)

Viðmælendur voru einnig spurðir hvort þeir teldu þörf á frekari breytingum á nauðgunarákvæðinu. Sumir töldu ekki þörf fyrir frekari breytingar, en aðrir, sérstaklega ákærendur, töldu að ástæða væri til að kanna grundvöll til frekari breytinga. Til að mynda ræddu viðmælendur um mögulega kosti þess að lögfesta ákvæði um nauðgun af gáleysi, eins og gert var í Noregi árið 2000:

Maður er stundum með einhver mál þar sem að þetta er orð gegn orði. Það eru engir áverkar, þetta er allt frekar skrýtið. Allar kringumstæður eru svo skrýtnar og maður skoðar þetta með gleraugum sönnunarreglnanna, að allur vafi skuli túlkaður sakborningi í hag og eitthvað svona, og stundum er niðurstaðan að maður verður bara að fella niður mál. En málsatvik eru samt þannig að menn hafa ekki gætt sín nægilega vel. Það er eitthvað sem fór úrskeiðis. Þetta eru ekki eðlileg mannleg samskipti. Brotþolin hefur augljóslega orðið fyrir áfalli og það er kannski ekki ágreiningur um það að það hafi átt sér

---

<sup>6</sup> Fyrir endurskoðun kynferðisbrotakaflans hljóðaði 195. gr. almennra hegningalaga svo: „Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum“.

stað kynferðisleg samskipti milli tveggja einstaklinga en það hefur eitthvað farið úrskeiðis í þeim samskiptum og þá veltir maður fyrir sér gáleysi, mér finnst að það eigi svolítið að skoða það hvort það eigi ekki hreinlega að fara að opna á það. (Ákærandi)

Ákærandi sagði einnig að ef löggjafinn setti gáleysisákvæði inn í kynferðisbrotakaflann væru það skilaboð um að „menn verða bara að gæta sín“. Ákærendur þyrftu þá ekki að sanna ásetning og gætu einblínt meira á aðstæður við brotið og spurt: „Hvernig hefði góður og gegn maður hagað sér?“ Það yrði þó að hafa í huga að gáleysisákvæði myndi að öllum líkindum kalla á hugtakið um eigin sök:

... í skaðabótaréttinum erum við með mjög ríka framkvæmd á gáleysi en þá erum við með mjög rík gagnstæð sjónarmið um eigin sök. Þannig að ef við förum í nauðgun af gáleysi að þá verðum við að vera tilbúin til að taka þessa umræðu líka, eigin sök. Það kallast á. En mér finnst að það eigi engu að síður að gefa þessu atriði gaum. (Ákærandi)

Í þessu samhengi er ástæða til að taka fram að gáleysisákvæði myndi vísa til annars konar háttsemi en þegar um ásetning er að ræða og samfara slíku ákvæði þyrfti væntanlega einnig að taka lækkun refsirammans til skoðunar.

Í greinargerð með frumvarpi um breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga sem varð að lögum nr. 61/2007, fjallar Ragnheiður Bragadóttir, lagaprófessor við Háskóla Íslands og höfundur frumvarpsins, um rökin með og á móti því að setja ákvæði um refsíabýrgð vegna nauðgunar af gáleysi í hegningarlögin í því skyni að bæta réttarvernd þolenda nauðgunar. Ragnheiður kemst að þeirri niðurstöðu að ekki ætti að leggja til að slíkt ákvæði yrði lögfest hér á landi og vísar meðal annars til reynslu Norðmanna á sviðinu. Þar kemur meðal annars fram að í Noregi hafi ákvæðið ekki haft eins mikil áhrif og vonir stóðu til og að fá tilvik falli undir ákvæðið. Helst séu það mál þar sem „ofbeldi og hótanirnar eru óverulegar og þolandi hefur vegna ölvunar eða ótta ekki getað spornað við verknaðinum“ (Ragnheiður Bragadóttir, 2006:110). Hér má þó benda á að á grundvelli lýsinga brotaþola í þeim nauðgunarmálum sem voru tilkynnt eða kærð til lögreglu á árunum 2008 og 2009 fellur töluverður fjöldi mála undir þá skilgreiningu. Um 15% brotaþola sögðust hafa veitt litla eða enga mótspyrnu sökum ölvunar eða rænuleysis og um 29% til viðbótar sögðust hafa neitað sakborningi, frosið og eða grátið. Mjög lítil hluti mála einkenndist af verulegu ofbeldi eða hótunum, eða einungis 18% mála. (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Í sumum viðtölunum kom upp umræða um hvort endurskilgreina ætti nauðgunarákvæðið þannig að hugtakið samþykki yrði þungamiðja ákvæðisins í stað ofbeldis og hótana:

... ég jafnvel velti fyrir mér að bara henda út öllum verknaðaraðferðunum og bara fara í samþykkið, við erum hvort eð er alltaf í því, og þá þurfum við ekkert að vera að sanna verknaðinn heldur förum bara beint í samþykkið og látum sönnunina snúast um það. Ég hef svona velt því fyrir mér hvort það væri bara ekki æskilegt. [...] Tökum slaginn þar. Þetta er fyrst og fremst brot gegn kynfrelsi. (Ákærandi)

Eins og Ragnheiður Bragadóttir rekur í fyrrnefndri greinargerð með frumvarpi um breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, þá eru það helst ríki sem byggja á engilsaxneskum rétti sem hafa skilgreint nauðgun út frá hugtakinu samþykki, á meðan ríki sem byggja á germönskum rétti, eins og Þýskaland og Norðurlöndin, tilgreina verknaðaraðferðir í lagaákvæðum um kynferðisbrot, þ.e. skilgreina nauðgun út frá ofbeldi, hótunum eða misneytingu. Ísland hefur undirritað samning Evrópráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Ístanbul-samningurinn), en þar er nauðgun skilgreind út frá skorti á samþykki. Jafnframt hafa samtök kvenna í Evrópu, *European Women's Lobby*, mælt til þess að nauðgunarákvæði séu skilgreind út frá skorti á samþykki (EWL Barometer on Rape, 2013). Fræðimenn hafa fjallað töluvert um kosti og galla við þessar ólíku nálganir og margir komist að þeirri niðurstöðu að skortur á samþykki sé æskilegasti útgangspunkturinn við skilgreiningu á nauðgunarákvæðinu (sjá til dæmis Munro, 2010 og Burman, 2010) þar sem það hugtak tekur mið af hugmyndum um kynfrelsi og kynferðislegt sjálfræði í stað þeirra aðferða sem gerendur beita við verknaðinn. En þótt nauðgun yrði endurskilgreind út frá skorti á samþykki, er alls óvíst að slíkt lagaákvæði myndi auðvelda sönnun í nauðgunarmálum.

Viðmælendur voru einnig spurðir hvort tilkoma laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hafi haft áhrif á meðferð nauðgunar- og kynferðisbrotamála, en þessi lög tóku gildi í byrjun árs 2009 og leystu af hólmi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Flestir viðmælendur töldu að nýju löggin hefðu ekki leitt til teljandi breytinga á meðferð málanna að þeirri breytingu undanskilinni að aldursmörk þolenda í kynferðisbrotamálum sem hafa rétt á að gefa skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi voru lækkuð. Dómstólum er yfirleitt ekki ætlað að koma að málum sem eru til meðferðar hjá lögreglu á rannsóknarstigi en árið 1999 voru gerðar breytingar lögum um meðferð opinberra mála og lögreglu gert skylt að leita til dómara með beiðni um að skýrsla verði tekin af brotþola ef hann er yngri en 18 ára þegar rannsókn málsins hefst. Börn undir 18 ára aldri gáfu því skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi þegar þau voru brotþolar í kynferðisbrotamálum til þess að hlífa þeim eins og kostur var við því að þurfa að gefa skýrslu oft en einu sinni (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006). Með nýju sakamálalögum var þessu fyrirkomulagi breytt þannig að það á nú einungis við um börn undir 15 ára aldri, samkvæmt 59. gr. laganna. Skýrslutaka af börnum fyrir dómi fer iðulega fram í sérútbúnu herbergi í Héraðsdómi Reykjavíkur eða í Barnahúsi. Ýmist er það sérþjálfaður sálfræðingur eða lögreglumaður sem situr inn í herberginu með barninu og tekur skýrsluna. Skýrslutakan er tekin upp í hljóði og mynd og geta þeir sem hafa rétt á að fylgjast með horft á skýrsluna í öðru herbergi. Skýrslutakan fer fram undir stjórn dómara og fylgjast eftirtaldir aðilar iðulega með skýrslutökunni á sjónvarpsskjá: fulltrúi ákærvalds, verjandi sakbornings, réttargæslumaður barnsins, fulltrúi barnaverndar og lögreglu. Sjá nánari upplýsingar um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi í reglum dómstólaráðs nr. 190/2009.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar með lagafrumvarpinu um meðferð sakamála kemur fram að talsverð umræða hafi spunnist um þetta atriði og að sumir umsagnaraðilar hafi talið að hverfa ætti frá því að taka

skýrslu fyrir dómi á þessu stigi rannsóknar kynferðisbrota gegn börnum. Þetta fyrirkomulag væri of þungt í vöfum þar sem oft þyrfti að boða marga aðila til skýrslutökunnar. Jafnframt gæti þetta leitt til skorts á milliliðalausri sönnunarfærslu ef annar dómari dæmdi í málinu en sá sem stýrði skýrslutökunni. Að lokum kemur fram að skýrslur sem teknar eru fyrir dómi hafi almennt ríkara sönnunargildi en lögregluskýrslur því þá sé réttaröryggis sakbornings betur gætt. Nefndin leggur svo til það sem hún kallar millileið, þ.e. að börnum yngri en 15 ára sé hlíft við því að þurfa að gefa skýrslu bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi, en að börn á aldrinum 15–17 ára gefi fyrst skýrslu hjá lögreglu og síðan fyrir dómi ef málið fer áfram. (Nefndarálit allsherjarnefndar, 26. maí, 2008). Nokkrir umsagnaraðilar lögðust gegn þessum breytingum, t.a.m. embætti ríkissaksóknara og Barnaverndarstofa, og einnig kallaði Landssamband lögreglumanna eftir frekari rökstuðningi fyrir þessum breytingum í ljósi þess að fyrra fyrirkomulag hefði gefist vel (Umsögn ríkissaksóknara, 2008; Umsögn Barnaverndarstofu, 2008 og Umsögn Landssambands lögreglumanna, 2008).

Í viðtölunum komu fram ólíkar skoðanir á þessum breytingum. Sumir viðmælenda lýstu óánægju sinni:

Reyndar alveg fáránleg breyting sem var þegar aldur var lækkaður niður í 15 ár varðandi það hvort brotaþoli eigi að koma fyrir dómara í dómsal. Áður var það 18 ár. Og maður sér það bara þegar þessi ungmenni eru á þessu aldursbili, 15 til 17, 18 ára, það er svo mikill munur á 16 ára og 19 ára eða 18 ára. Það getur verið mikill munur á því. [...] mér finnst einhvern veginn að það hafi verið gengið of langt þarna að hætta með þessa 18 ára reglu og færa þetta niður í 15 ára aldur. (Ákærandi)

... þetta eru lokuð þinghöld og barnið fær engan stuðning, fær ekki að fara með foreldrum sínum eða neinum. Barnið labbar þarna inn í réttarsalinn og þá situr réttargæslumaðurinn hér og saksóknari. Þrír dómara yfirleitt hér og lögfræðingur og oft gerandi hér. Og þarna labbar kannski 15 ára einstaklingur inn og þarf að segja frá ... öllu. Mjög erfitt. (Sálfræðingur)

Við erum rosalega óánægð með þetta því þetta er mjög mikið álag fyrir krakka. Við sjáum það mjög sterkt í meðferðinni. [...] þetta getur hreinlega verið annað áfall, við þurfum oft að byrja bara langt til baka í meðferðinni. Og svo náttúrulega alveg ofboðslega mikill kvíði áður, þannig að þetta tefur meðferðina mikið því við getum ekki einbeitt okkur að sjálfu meðferðarprógramminu heldur þurfum við að virkilega að styrkja barnið að meðtaka þetta og dila við það og svo framvegis, og það verður afturför mjög oft, aukning á kvíða og depurðareinkennum. (Sálfræðingur)

Jafnframt var bent á að meðferð mála innan réttarvörslukerfisins tæki oft afar langan tíma og að lagaleg staða barnsins gæti því tekið breytingum á meðan á ferlinu stendur:

En það sem hefur líka breyst, sem að okkur finnst svolítið sérstakt og skrítið, það er að segjum að barn verði fyrir kynferðisbroti og það sé tekin dómsskýrsla af því 14 ára gömlu. Svo vitum við að þessi mál velkjast í kerfinu lengi, og svo nær barnið að verða 15 ára á þessum tíma, að þá er það kallað inn sem vitni, sem er pínulítið erfitt að skilja, finnst mér, því að það er búið að taka dómsskýrslu af barninu. (Sálfræðingur)



Einnig komu fram áhyggjur af því að misbrestur væri á að þessi aldurshópur þolenda, þ.e. 15–17 ára, fengi þá sálfræðipjónustu sem hann á rétt á innan barnaverndarkerfisins, þar sem réttarvörslukerfið meðhöndlar þau á sama hátt og fullorðna:

... þau eru yfirheyrð bara á lögreglustöðinni og það er ekki dómsskýrsla, bara venjuleg lögreglu yfirheyrsla og það er svolítið hættulegt að því leytinu til að það er svolítill misbrestur á því hvort er kallað til barnaverndar og við vitum um fullt af málum sem hafa sko bara ekki komið til barnaverndarnefndar, ekki komið til okkar og svo framvegis, þannig að börnin hafa ekki fengið þessa þjónustu sem þau eiga að fá. Þessi aldurshópur, þau tynast. Svo sjáum við kannski bara í fréttunum, þú veist dóm. Þá vitum við að þarna var mál. (Sálfræðingur)

Sumir viðmælendur töldu aftur á móti á að þessi breyting hefði verið jákvæð í ljósi þess að þegar skýrsla er tekin fyrir dómi á rannsóknarstigi ættu sakborningar og verjendur rétt á að vera viðstaddir. Réttargæslumaður benti á að skýrslutökur af þolendum eru venjulega framkvæmdar á upphafsstigum lögreglurannsóknar og þá iðulega áður en skýrsla hefur verið tekin af hinum grunaða. Það væri því óheppilegt að sakborningar og verjendur hefðu upplýsingar um framburð brotþola strax á upphafsstigum lögreglurannsóknar. Réttargæslumaður sagði þó einnig að áður en nýju sakamálaögin tóku gildi hefðurannsóknarlögreglumenn í sumum tilvikum leyst þennan vanda með því að taka skýrslu af grunaða á grundvelli fyrstu upplýsinga sem lágu fyrir, þ.e. áður en skýrslutaka af barninu fyrir dómi hafði farið fram. Réttargæslumaður taldi að sú breyting að lækka aldurinn úr 18 ára niður í 15 ára hefði verið til bóta:

En mér finnst til bóta að lækka aldurinn um það sem fer fyrir dómi, það togast á þessi sjónarmið að það þurfi að bera vitni einu sinni eða þetta sem gerir rannsakendum erfiðara fyrir og ég held það sé alveg eðlilegt að 15 ára komi og gefi skýrslu hjá lögreglu. (Réttargæslumaður)

Einn ákærandi lýsti skilningi á því að það geti verið barni á aldrinum 15–17 ára erfitt að þurfa að segja frá atburðum aftur fyrir dómi en taldi þó til bóta fyrir saksóknina að fá að spyrja brotþola sjálfur fyrir dómi: „persónulega fyrir mig, mér finnst það oft bara til bóta að það eru teknar þá skýrslur af þeim og maður getur fengið þær aftur fyrir dóm og fengið að spyrja dálítið sjálfur.“ Í niðurstöðum rannsóknar um viðhorf dómara til fyrningar sakar (Svala Ísfield Ólafsdóttir, 2008) kom einnig fram að viðmælendur töldu réttarstöðu barna sterkari ef barnið kemur fyrir dóm undir dómsmeðferðinni. Komi barnið ekki fyrir dóm, rýri það gildi framburðar barnsins og auki líkur á sýknu. Skiptar skoðanir voru um þessa breytingu meðal viðmælenda úr hópi rannsóknarlögreglumanna. Sumir töldu að ekki hefði átt að lækka aldursmörk barna sem geta farið í skýrslutöku fyrir dómi, einn rannsóknarlögreglumaður taldi að það væri að ákveðinu leyti verið að mismuna börnum og gera ungum brotþolum erfitt fyrir: „þetta finnst mér vera svona ákveðin þröskuldar ef maður hugsar um brotþola“ (Rannsóknarlögreglumaður). Einn rannsóknarlögreglumaður taldi aftur á móti að betra væri að þeir tækju skýrslur af börnum á aldrinum 15–17 þar sem þeir væru með „svolítið öðruvísi nef heldur en sálfræðingar, við erum í sjálfu sér svolítið sækin sko“. Annar rannsóknarlögreglumaður taldi einnig

að betra væri að rannsóknarlögreglumenn tækju skýrslur af brotapolum á aldrinum 15–17 ára, að því gefnu að þeir fengju til þess sérstaka þjálfun og góða aðstöðu: „ég þekki lögguna og veit hvernig við erum að hugsa sko og hvar við þurfum að fara fram og eftir hverju við erum að leita og ég hefði kosið það að það væri sér aðstaða eins og Barnahús eða eitthvað svoleiðis en það væri löggá sem væri spyrill, sem hefði sérstaka þjálfun ...“. Viðmælandi úr hópi ákæranda sagði að þótt sér fyndust sálfræðingar í Barnahúsi standa sig vel sem spyrjar í skýrslutöku af börnum fyrir dómi, teldi hann þá stundum ekki vera nægilega markvissa. Hann lýsti því að í sumum tilvikum geti skipt mjög miklu máli að lýsingarnar á atburðinum séu mjög nákvæmar því það getur ráðið úrslitum um það undir hvaða lagaákvæði brotið er fellt. Ákærandinn sagði: „ég hef verið með mál þar sem að það skipti öllu máli og barnið lýsti, þú veist, þessu nákvæmlega, sagði 'hann gerði svona' og þá var fallist á það að þarna væri hún að lýsa öðrum kynferðismökum, og það munar rosalega miklu í refsirammaum“. Sálfræðingur sem hefur reynslu af því að vera í hlutverki spyrils við skýrslutöku af barni fyrir dómi sagði að sálfræðingar sem sinntu þessu hlutverki væru með sama markmið og lögreglan, þ.e. að fá sem gleggsta lýsingu á upplifun barnsins, en hann taldi að lögreglu „leyfist svoldið meira að spyrja beinna spurninga og leiðandi spurningar sem að okkur leyfist ekki.“ Sálfræðingur sagði jafnframt að í sumum tilvikum myndaðist ekki nægilega gott samband á milli barnanna og rannsóknarlögreglumannanna:

Maður sér það bara oft að þau eru allan tíman on the edge einhvern veginn, krakkarnir, og þeir ná ekki alltaf sambandi við þau sko og mörg þeirra segja líka í meðferð við okkur 'mér fannst bara óþægilegt að tala við einhvern karl' ... (Sálfræðingur)

Sálfræðingurinn sagði jafnframt:

... ég hef aldrei hitt barn, og ekkert af okkur sem hefur gert það, sem hefur sagt allt í skýrslutökunni. Og það er meiri reglan heldur en undantekningin að það versta sem kom fyrir, það kemur ekki fram. Af því að það er það sem ég skammast mín mest fyrir. Þannig að þegar barn fer undan í flæmingi þá er það ekki endilega að þau séu að fela eitthvað, sem sé ljúga, heldur eru þau að reyna að komast hjá því að segja [það versta]. (Sálfræðingur)

### *Samantekt*

Viðmælendur lýstu ánægju sinni með breytingar á nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga við heildarendurskoðun laganna árið 2007 og og töldu lagaumgjörð um brotaflokkinn almennt góða. Ákærendur bentu á að þeir láti í auknum mæli reyna á *ólögmæta nauðung* í málum sem einkennast af aðstöðumun brotþola og sakbornings sökum aldurs- eða aflsmunar, eða aðstæðna. Það voru helst ákærendur sem ræddu möguleikann á frekari þróun nauðgunarákvæðisins og töldu ástæðu til að kanna forsendur fyrir ákvæði um nauðgun af gáleysi og eins að endurskoða nauðgunarákvæðið þannig að í stað þess að gera kröfu um ofbeldi, hótanir eða ólögmæta nauðung, verði lögð áhersla á skort á samþykki. Árið 2008 tóku gildi ný lög um meðferð sakamála og töldu viðmælendur að sú breyting hefði ekki haft teljandi áhrif á meðferð málanna, nema að því leyti að aldursmörk þolenda í kynferðisbrotamálum sem höfðu rétt á að gefa skýrslu

einu sinni fyrir dómi á rannsóknarstigi var lækkaður úr 18 árum niður í 15 ár. Skiptar skoðanir voru um þessa breytingu og bent var á að börnum á aldrinum 15–17 ára reyndist erfitt að þurfa að gefa skýrslu á upphafsstigum rannsóknar og mæta svo einnig fyrir dóm, jafnvel löngu síðar. Aðrir bentu á að þetta nýja fyrirkomulag væri heppilegra, því þá hafa sakborningar ekki aðgang að framburði barnsins strax við upphaf rannsóknar og eins að ákærandi þyrfti ekki eingöngu að reiða sig á upphaflegan framburð barnsins heldur gæfist einnig tækifæri til að spyrja það spurninga þegar aðalmeðferð fer fram fyrir dómi. Sumir rannsóknarlögreglumenn töldu sig einnig betur í stakk búna til að stýra skýrslutökunni út frá forsendum lögreglurannsóknna í stað þess að láta starfsmönnum Barnahúss það eftir, en bent var á að æskilegt væri að rannsóknarlögreglumenn fengju þá til þess sérstaka þjálfun. Sálfræðingur taldi að rannsóknarlögreglumönnum leyfðist frekar að spyrja leiðandi spurninga sem sálfræðingunum leyfðist ekki. Eins taldi sálfræðingurinn að í sumum tilvikum tækist ekki nógu vel að mynda traust á milli rannsóknarlögreglumannsins og barnsins. Það væri áhyggjuefni, ekki síst ef raunin er sú að börn reyni iðulega að koma sér hjá því að segja frá því versta sem átti sér stað.

## 2.8. Einkamálaleiðin

Eins og áður hefur komið fram er ákæruhlutfall í nauðgunarmálum lágt. Rannsókn á afdrifum nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 leiddi í ljós að af þeim málum sem vísað var til ríkissaksóknara var gefin út ákæra í einungis 39% þeirra (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Eins og áður hefur verið rakið lýstu viðmælendur því að sönnunarstaðan væri erfið í kynferðisbrotamálum, einkum vegna þeirrar grundvallarreglu í opinberu réttarhari að sönnunarbyrðin hvílir alfarið á ákæruvaldinu. Ennfremur eru gerðar ríkari kröfur til sönnunar í sakamálum en einkamálum, ekki síst til að forðast að saklaus maður verði dæmdur sekur og honum gerð refsing sem hann hefur ekki unnið til (Eiríkur Tómasson, 2009). Viðmælendur úr hópi dómara töldu óhjákvæmilegt að stór hluti mála verði alltaf felldur niður.

En það er bara óhjákvæmilegt að einhver hluti þessara mála verði felldur niður. Sönnunarstaðan er erfið og sönnunarbyrðin er með þessu móti og hún verður ekkert öðruvísi. Þannig er það óhjákvæmilegt. En ég held kannski að þekking á þessum málum, rannsóknir og bætt vinnubrögð hafi minnkað þetta hlutfall að einhverju leyti en það verður samt alltaf þannig að stór hluti verður felldur niður, það er óhjákvæmilegt. (Dómari)

... þetta er alveg gríðarlega erfiður málaflokkur og ég hef oft velt því fyrir mér hvort að það sé einhver önnur leið til þess að nálgast það að rétta hlut brotabola í þessum kynferðisbrotamálum. En það er alveg ljóst að miðað við höfuðregluna um sekt sakbornings, að allan vafa skuli meta honum í hag, þá muni alltaf halla á brotabola, sé þetta sakamál. (Dómari)

Í ríkjum sem byggja á engilsaxneskum rétti hefur færst í aukana að þolendur kynferðisofbeldis fari í skaðabótamál gegn gerendum þótt þeir hafi ekki verið fundnir sekir á grundvelli refsiréttarins. Í Bandaríkjunum hefur slíkum málum fjölgað mikið á undanförunum árum (Bublick, 2006) og einnig eru þess allnokkur dæmi frá Bretlandi (Godden, 2013) og Kanada (Felthusen et al, 2000). Einnig hafa stofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna hvatt ríki til að tryggja að þessi möguleiki sé fyrir hendi (United Nations Department of Economic and Social Affairs / Division for the Advancement of Women, 2010).

Hér á landi er fáheyrt að þolendur kynferðisofbeldis fari í skaðabótamál. Þó er eitt dæmi þess í máli þar sem ríkissaksóknari felldi niður mál konu sem hafði kært hópnauðgun til lögreglu. Konan sótti um gjafsókn og krafði gerendurnar um miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fyrir að hafa brotið gegn kynfrelsi sínu með því að hafa haft við hana samfarir gegn vilja hennar. Stefnandi vann málið í Héraðsdómi Reykjavíkur og í Hæstarétti. Í dómsorðum Hæstaréttar segir: „Eins og málið lá fyrir var talið nægilega sannað að þeir hefðu með athöfnum sínum brotið gegn frelsi og persónu [stefnanda] á þann hátt að það varðaði þá bótaábyrgð samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.“ Stefnandi fékk dæmdar miskabætur að upphæð 1.100.000 krónur (Sjá hæstaréttardóm nr. 49/2005).

Samskonar mál virðast ekki algeng á Norðurlöndunum, en óformleg athugun á meðal stofnana, samtaka og fræðimanna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku leiddi engin slík mál í ljós.<sup>7</sup> Þó kom fram að í Noregi er ekki óalgengt að sakborningar í nauðgunarmálum séu sýknaðir vegna skorts á sönnunargögnum en samt gert að greiða brotþola bætur þar sem sönnunarkrafa er ekki eins há og öðruvísi háttað í einkarétti. Þessi framkvæmd í Noregi hefur verið kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) á grundvelli 6. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Kærandi í málinu hélt því meðal annars fram að með því að sýkna hann af ofbeldisbroti, kynferðisbroti og morði en jafnframt að gera honum að greiða bætur til foreldra hinnar látnu hafi verið brotið gegn honum á grundvelli 2. mgr. 6. gr. MSE. Samkvæmt þeirri grein MSE skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum. MDE komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur Noregs hefði brotið gegn kæranda á grundvelli 2. mgr. 6 gr. MSE þar sem orðalag í úrskurði um bótaábyrgð hafi byggt um of á vísunum í hinn refsiverða verknað sem ákærði hafi verið sýknaður af. Aftur á móti tók dómur MDE fram að á grundvelli norskra laga er ekkert því til fyrirstöðu að sakborningur sé sýknaður af refsiverðum verknaði en honum jafnframt gert að greiða bætur vegna skaða eða miska svo lengi sem dómurinn geri skýran greinarmun á einkaréttarþætti og refsiréttarþætti málsins (sjá MDE, Y gegn Noregi, 11. febrúar 2003 (56568/00)).

---

<sup>7</sup> Höfundur fékk svör við fyrirspurnum um tilvist sambærilegra mála frá eftirfarandi aðilum: Brottoffermyndigheten í Svíþjóð; Karl Dahlstrand, lektor í réttarfélagsfræði við Háskólann í Lundi; Mårten Schultz, prófessor í einkarétti við Háskólann í Stokkhólmi; Christian Diesen, prófessor emeritus við Háskólann í Stokkhólmi; Advokatforeningen í Noregi; Ragnhild Helene Hennem, prófessor við lagadeild Háskólans í Osló; Erstatningsnævnet í Danmörku; og Hjælp Voldsofre í Danmörku.

Erlendar rannsóknir sem byggja á viðtölum við þolendur kynferðisbrota hafa sýnt að hugmyndir þolenda um réttlæti lúta ekki endilega að kröfu um refsingu á borð við fangelsisvist. Þolendum virðist mikilvægara að ná fram viðurkenningu á að brotið hafi verið gegn þeim, uppreisn æru og að skömmin verði gerendanna en ekki þeirra (Herman, 2005). Fjallað hefur verið um kosti og galla þess að þolendur kynferðisbrota höfði einkamál á grundvelli skaðabótalaga og eru helstu kostir taldir eftirfarandi: þolendur hafi meiri stjórn á mikilvægum ákvarðanatökum er varða málaferlin þar sem þeir eru aðilar að málinu, ólíkt stöðu þeirra sem vitnis í opinberum málum; sönnunarbyrðin er ekki eins þung og öðruvísi háttáð en í opinberum málum; sumir gerendur séu frekar tilbúnir að viðurkenna að þeir hafi gert á hlut þolenda í einkamáli frekar en opinberu máli þar sem afleiðingarnar fela ekki í sér fangelsisdóm; ef þolandi vinnur málið og þó gerandi hljóti ekki fangelsisdóm, felst samt sem áður í því viðurkenning á því að hafa verið beitt ranglæti, sem stundum skiptir brotþola mestu máli (Perry, 2009; Godden, 2013; Swan, 2013). Helsti gallinn fyrir þolendur kynferðisofbeldis við að fara með málið í þennan farveg er fjárhagsleg áhætta, en hér ber þó að hafa í huga möguleikann á gjafsókn ef við á.

Viðmælendur voru spurðir hvort æskilegt væri að nýta einkamálaleiðina í auknum mæli. Margir viðmælenda höfðu ekki hugsað sérstaklega um þennan möguleika og höfðu því ekki skoðun á málinu á meðan aðrir töldu að þetta væri leið sem hægt væri að kanna frekar:

... það er alveg ljóst að út frá þessari grunnreglu þá er sko staðan ójöfn frá upphafi milli sakborningsins og brotþolans og brotþolinn á á brattann að sækja út frá þessari reglu. [...] er ástæða til þess að bjóða upp á fleiri úrræði í þessum málaflokki? Þannig að ef ákærvaldið er með svona mál sem það treystir sér ekkert til að fara með fyrir dóm í sakamáli, á að láta reyna á atburðarásina í einkamáli í staðinn. Þannig að hið opinbera myndi með einhverju móti koma að því eða styrkja og styðja brotþola í því að fara í einkamál við sakborninginn af því að þar er náttúrulega sönnunarstaðan orðin allt önnur, þar er það orðið 50/50. [...] af því þetta er oft svo mikil spurning um að ná fram þessari viðurkenningu á því að það hafi verið brotið gegn manni. Og sú viðurkenning getur allt eins komið í gegnum einkamál eins og sakamál. (Dómari)

Annar dómari taldi vissulega ástæðu til að láta reyna meira á bótaréttinn í kynferðisbrotamálum og ekki ljóst hvers vegna það hafi nánast aldrei verið gert: „Ég skal ekki segja hver ástæðan er, þetta hefur eiginlega aldrei verið gert í þessum kynferðisbrotamálum og það er sko löngu tímabært að láta reyna meira á bótaréttinn, og þá jafnvel bara að gera það í sérstöku máli, einkamáli ...“ Hann lýsti því hvernig lögmaður brotþola gæti rekið einkamál til hliðar við refsímál ákæranda og að sú staða gæti komið upp að sýknað væri í refsímálinu en bætur dæmdar í einkamálinu: „það er ekki útilokað að það verði sýknað í sakamálinu en dæmd bótaskylda í einkamálinu, af því að það eru vægari sönnunarkröfur í einkamálinu heldur en í sakamálinu. Það er ekki líklegt að svona staða komi upp, en hún er ekki óhugsandi af þessum ástæðum.“ (Dómari). Þriðji dómari benti á að þolendur geti sótt um gjafsókn ef það á við en að ef til vill þyrfti að upplýsa brotþola betur um þessa möguleika.

... það getur svo sem vel verið að þurfi að upplýsa fólk betur um að þetta sé möguleiki sem að það hafi, ef að ríkissaksóknari hefur fellt mál niður út af því að hann treystir sér ekki, telur ekki efni til að höfða mál, að þá sé þetta úrræði, en oft á tíðum má sem sagt gera ráð fyrir að niðurstaðan yrði nú sambærileg þar, þó að það sé ekki útilokað. [...] sá sem að krefst bóta á þessum grundvelli, hann verður að leiða það einhvern veginn í ljós, en sönnunarmatið er kannski ekki virkt með sama hætti og í refsímáli en það er hægt að svona horfa aðeins öðruvísi á allar aðstæður. (Dómari)

Einnig var bent á að skaðabótaleiðin gæti verið úrræði í fyrndum málum, til dæmis hafi gerandinn gengist við brotinu:

Þetta á kannski við þar sem eru fyrnd mál þar sem gerandinn hefur viðurkennt brotið. Það er alveg dálítið um það, held ég, að menn eigi játningar í fyrndum málum og þá er þetta náttúrulega einmitt eitthvað úrræði. (Réttargæslumaður).

Einn viðmælandi úr hópi ákæranda taldi að kanna mætti þessa leið betur. Til þess að brotþoli þyrfti ekki að bera kostnað af slíku einkamáli þá reifaði hann þann möguleika að hægt væri að rýmka reglur um gjafsókn og eins að hægt væri setja á laggirnar nefnd sem legði mat á það hvort að málið væri nægilega sterkt:

Mér fyndist þá koma til greina að það yrðu þá rýmkaðar reglur um gjafsókn þannig að brotþoli fengi þá gjafsókn í máli ef hann vildi fara í mál út af meintri nauðgun. Og það yrði þá einhvers konar stjórnvald, þá þessi nefnd sem fjallaði um það, hún myndi þá leggja mat á svona: er þetta eitthvað alvöru mál eða er þetta algjört nonsense? Svo yrði tekin einhver ákvörðun um það, bara stjórnvaldsákvörðun. Hún er eftir atvikum kæránleg eða þá til umboðsmanns Alþingis eða hvernig sem það er. (Ákærandi)

Í viðtölum við réttargæslumenn kom aftur á móti fram að brotþolar líti fjárhagslegar bætur ekki endilega jákvæðum augum. Oft vilji þeir til að mynda ekki að bótakrafa sé lögð fram fyrir en fyrir liggur að ákært verði í málinu vegna þess að: „þeir vilja ekki gefa gerandanum kost á að segja: 'hún er bara að sækja sér peninga'“ (Réttargæslumaður). Og eins og annar réttargæslumaður sagði, þá finnst sumum brotþolum þetta vera „ógeðslegir peningar“:

... það eru nefnilega ekkert allir tilbúnir til þess að fá peningana, sumir segja bara ég vil ekki bótakröfu inn í þetta mál, ég vil ekki einhverja peninga, og það er oft fólk sem hefur fengið áður bætur út af kynferðisbroti, það segir: þetta voru ógeðslegir peningar, ég bara vissi ekki að mér myndi líða svona og margir verða bara reiðir 'bótakrafa' þú veist, ég er ekkert hérna til þess að eltast við þessa peninga, ég vil bara fá réttlætningu, ég vil bara fá réttláta meðferð og að þetta mál verði dæmt og' ... en ég held að það þyrfti að skoða aðeins [...] þetta er fornt, þetta er ævagamalt að bæta fyrir tjón með peningum fyrir meingerð þá sem að þér hefur verið gerð eða þú veist fjölskyldur borguðu, og borguðu fyrir morð og árásir [...] ég reyni að útskýra þetta þannig og flestir fallast á það, bara já okei. Það þarf að skoða þetta svolítið betur, kannski hefur þetta orðið útundan. (Réttargæslumaður).

Það þarf því að hafa í huga hvaða merkingu fjárhagslegar bætur geta haft í hugum brotþola og að hætta er á að einkaréttarkröfur ýti undir staðalmyndir um konuna sem leggur fram falska nauðgunarkæru til að hagnast á því fjárhagslega. En einnig er mikilvægt að halda því til haga að það er réttur fólks að krefjast bóta

fyrir skaða og miska og því mikilvægt að vinna gegn staðalímyndum sem draga úr því að fólk ákveði að sækja rétt sinn.

Viðmælendur voru spurðir hvort æskilegt væri að leita annarra leiða við meðferð sumra nauðgunarmála. Sumir viðmælenda vísuðu til þess að á Norðurlöndunum, til að mynda í Danmörku og Noregi, væri verið að vinna með uppbyggilega réttvísi (*e. restorative justice*) í málaflokknum og töldu að það mætti kanna forsendur fyrir slíkri vinnu hér á landi. Uppbyggileg réttvísi vísar til þess að undirbúa og leiða saman geranda og þolanda, og í sumum tilvikum fleiri aðila úr samfélaginu, til að fjalla um hvaða áhrif brot gerandans hefur haft og hvernig hann getur bætt fyrir gjörðir sínar. Mikilvægt er að taka fram að hér er ekki verið að fjalla um sáttamiðlun sem notuð er þegar tveir eða fleiri deila með það að markmiði að ná sáttum. Forsendur fyrir að nota uppbyggilega réttvísi í kynferðisbrotamálum er að þolandi brotsins vilji taka þátt í slíku ferli og að gerandinn sé tilbúinn að gangast við broti sínu og vilji taka ábyrgð á gjörðum sínum (McGlynn et. al., 2011). Viðmælendur sáu fyrir sér að slíkt úrræði gæti einungis komið til í tilvikum þar sem sakborningar hafa verið dæmdir sekir. Viðmælandi úr hópi ákæranda sagði: „Fyrir suma kannski hjálpar það meira að hitta gerandann og fá hugsanlega einhverja afsökunarbeiðni eða einhverjar skýringar á af hverju eða eitthvað“. Einnig mætti kanna forsendur fyrir að nota uppbyggilega réttvísi í fyrndum brotum.

Viðmælandi úr hópi réttargæslumanna taldi einnig að skoða mætti félagsleg úrræði í þeim málum sem varða unglinga og þar sem lýsingin á atburðinum metin svo að hann varði tæplega við refsingu:

Mér finnst það mætti alveg setja þau í einhvern farveg fyrir báða aðila, þar sem að sko þessi vandamál með að stelpur standi oft ekki nógu vel með sér og kannski í raun og veru gat strákurinn haldið að hún væri bara til í allt sem að gerðist en svo finnst henni það ekki, finnst hún hafi látið plata sig, oft með því að þeir suða og suða og suða sem er kannski ekki beinlínis refsivert en óþolandi. (Réttargæslumaður)

Réttargæslumaður benti á að slíkt mál ættu ekki heima innan réttarvörslukerfisins en að æskilegt væri að kanna hvort að hægt væri að búa til einhvers konar ferli á vegum félagsmálayfirvalda eða barnaverndaryfirvalda ef að aðilar eru innan við 18 ára aldur.

#### *Samantekt:*

Þeir viðmælendur sem höfðu skoðun á því hvort að æskilegt væri að nýta einkamálaleiðina í auknum mæli töldu flestir að þann möguleika mætti kanna nánar, ekki síst þar sem sönnunarstöðunni væri öðruvísi háttað í einkamálum en í opinberu réttarfari. Aðeins eitt slíkt mál hefur verið sótt á Íslandi á síðustu árum en einn viðmælandi velti fyrir sér hvort þessi möguleiki væri nægilega vel kynntur fyrir brotþolum. Eins var þeim möguleika velt upp að rýmka mætti reglur um gjafsókn þannig að þolendur kynferðisbrota bæru ekki kostnað af slíkum málarekstri og að þá yrði sett upp nefnd á vegum hins opinbera sem mæti hvort mál væru þannig vaxin að ástæða væri til að veita gjafsókn. Þeir viðmælendur sem höfðu skoðun á því hvort leita ætti fleiri leiða við meðferð málanna töldu að kanna mætti frekar notkun á uppbyggilegri réttvísi í tilvikum þar sem sakborningur hefur verið dæmdur sekur. En einnig mætti kanna forsendur fyrir að nota uppbyggilega

réttvísi í fyrndum brotum. Eins mætti kanna hvort hægt væri að þróa úrræði á vegum félagsmálayfirvalda í tilvikum þar sem ekki er beinlínis um kynferðisbrot að ræða heldur þar sem mörk í kynlífi eru ekki virt og það hefur valdið einstaklingum vanlíðan.

## 2.9. Opinber umræða

Viðmælendur voru spurðir hvernig þeir upplifðu opinbera umræðu um nauðgunar- og kynferðisbrotamál. Flestir viðmælendur töldu umræðuna að miklu leyti einkennast af misskilningi, þekkingarleysi og óábyrgum frétttaflutningi, en töldu jafnframt að ábyrg umræða um málaflokkinn væri af hinu góða. Sumir viðmælendur bentu á að það væri sérstaklega slæmt þegar fjölmiðlar birta nöfn og myndir af sakborningum sem ekki hafa verið dæmdir sekir:

... menn vilja velta sér svolítið uppúr þessu og fjölmiðlarnir voða spenntir í að birta nöfn sakborninga, jafnvel áður en að þeir eru dæmdir sko, mér finnst þetta svona... mér finnst þetta mjög slæmt, vegna þess að í raun og veru, í kringum hvern sakborning eru aðstandendur og þetta bitnar oft gríðarlega á þeim og mér finnst að fjölmiðlar mættu passa sig meira, við nafna- og myndabirtingar, við sjáum iðulega dæmi þess að börn séu ofsótt eftir svona mál ... (Rannsóknarlögreglumaður)

Nokkrir höfðu orð á því að það væri mjög slæmt þegar fólk getur sett inn athugasemdir við fréttir á netinu þar sem fjallað væri um tiltekin nauðgunar- eða kynferðisbrotamál þar sem óvarleg ummæli geti verið afar skaðleg fyrir brotþola, sakborninga og aðstandendur þeirra.

... þetta blessaða kommentakerfi sem er náttúrulega neikvætt almennt. Það er ekkert voðalega gott fyrir til dæmis börn sem að eiga pabba eða stjúppabba sem misnotaði að heyra að menn ætli að kveikja í þeim eða henda þeim inn og henda lyklunum eða skera undan þeim eða eitthvað. Það hjálpar þeim ekkert held ég að fara að segja frá sko. Þú veist þá er það: 'ef ég segi frá þá hérna, þá verður hann bara hengdur maðurinn sem mér þykir líka vænt um'. Menn verða aðeins að gæta sín, ég held að það sé ekki mjög hjálplegt. (Réttargæslumaður)

Sumir viðmælendur lýstu því að erfitt geti verið að fóta sig í opinberri umræðu þar sem málaflokkurinn sé svo viðkvæmur:

Það mæðir mikið á manni þegar það koma dómar. Hvort sem það eru þungir sakfellingardómar eða sýknudómar eða hvað það nú er og maður þarf að passa sig gríðarlega hvað maður segir og maður gæti lent í því að styggja einhvern sko, þetta er allt svo viðkvæmt. Þannig að það hefur svona gefist bara stundum best að þegja bara, þótt maður hafi ýmislegt að segja. (Ákærandi)

Ákærandi sagðist líka óttast að þegar umræðan yrði neikvæð, hefði hún þau áhrif að þolendur kærðu ekki kynferðisbrot:

... mér finnst umræðan, ég óttast hana stundum af því að hún er svo heiftúðug og það hafa verið mínar áhyggjur fyrst og fremst að þær þora ekki, að brotþolar komi ekki til



lögreglu og kæri af því að þær hafa ekki trú á réttarkerfinu og mér finnst það svo agalegt. (Ákærandi)

Sumir viðmælendur vísuðu til atviks þegar ummæli þáverandi yfirmanns kynferðisbrotadeildar leiddu til mikillar gagnrýni og hann sagði af sér í kjölfarið, en tók svo aftur til starfa nokkru síðar (sjá nánari umfjöllun í kafla 2.3.1. *Forvarnarorðræða*). Í þessu samhengi lýstu sumir viðmælendur hræðslu við að tjá sig opinberlega þar sem þeir töldu að hætta væri á að snúið væri út úr orðum þeirra.

Mér finnst svona stundum eins og umræðan sé kannski ekki alveg nógu fagleg. Að það sé svolítið verið að leita að sökudólgum og það sé svolítið verið svona að sitja um að menn mismæli sig eða eitthvað í opinberum ummælum. Það eru svona einhverjar rangtúlkanir og fyrir mig, ég varla treysti mér til þess að taka þátt í opinberri umræðu, af því að ég vil ekki fá einhvern vitleysisspuna um eitthvað sem ég segi í kannski einhverri barnslegri einfaldni eða einhverri einlægni. Eða ég segi kannski eitthvað sem er ekki alveg nógu vel ígrundað eða það er kannski verið að misskilja eitthvað sem ég segi. Og maður er pínulítið hræddur um það að maður yrði kannski óstarfhæfur í kerfinu af því að eitthvað svoleiðis færi úr böndunum. (Ákærandi)

Ákærandi sagði einnig:

En mér finnst hins vegar umræðan alveg eiga rétt á sér af því að þetta er náttúrulega, ef maður fer að rýna í tölurnar [...] þá er þetta bara samt ótrúlega hátt hlutfall af málum sem að fer ekki áfram og það er ákveðið áhyggjuefni. (Ákærandi)

Nokkrir viðmælendur lýstu þó einnig ánægju sinni yfir því að fjallað væri um málaflokkinn á opinberum vettvangi: „Það er auðvitað gott hvað það er talað miklu meira um þetta og það er alveg ótrúlega gott“ (Réttargæslumaður). Annar viðmælandi úr hópi rannsóknarlögreglumanna sagði:

[Umræðan,] hún hefur náttúrulega verið mikil, og kynferðisbrot virðast selja blöðin, þannig að ... en á móti kemur sko að það kannski opnar fyrir umræðuna og hérna fólk kemur meira, leitar meira til lögreglu. (Rannsóknarlögreglumaður)

Sumir viðmælendur töldu að dómstólar þyrftu að hafa á sínum snærum upplýsingafulltrúa til að taka þátt í opinberri umræðu um málaflokkinn, og þótt viðkomandi gæti ekki tjáð sig um einstaka mál, gæti hann útskýrt og leiðrétt atriði sem snúa að lögfræðilegum þáttum sem almenningur hefur ekki endilega þekkingu á. Eins var bent á að kennarar við háskólana mættu taka virkari þátt í umræðunni:

„Mér hefur lengi fundist vanta einhvern svona blaðafulltrúa dómstóla, svona bara til þess að leiðrétta umræðuna. Stundum fer af stað bara einhver umræða sem að byggir á einhverjum algjörum misskilningi [...] það er ekki gott að dómarar séu að tjá sig sjálfir, skilurðu, þeir eiga ekki að taka þátt í umræðunni, því að það getur bara leitt út í einhverjar ógöngur sko. En ef það væri einhver svona lögfræðimenntaður blaðafulltrúi sem gæti leiðrétt svona misskilning sem fer af stað í fjölmiðlum.[...] Og komið með þessa sérfræðiþekkingu inn í umræðuna. Eins mættu náttúrulega auðvitað hérna kennararnir uppi í háskólanum vera duglegri að taka þátt í umræðunni.“ (Dómari)

### *Samantekt*

Flestir viðmælendur töldu opinbera umræðu oft einkennast af misskilningi og þekkingarleysi. Sumir viðmælendur bentu sérstaklega á að slæmt væri þegar athugasemdarkerfi væru opin fyrir neðan fréttir um einstök kynferðisbrotamál á netmiðlum því óvarleg ummæli gætu haft mjög slæm áhrif á líðan brotþola, sakborninga og aðstandendur þeirra. Sumir viðmælendur töldu að umræðan væri stundum heiftúðug, sem leiddi til þess að fagaðilar treystu sér ekki til að tjá sig opinberlega og óttuðust einnig að mikil neikvæð umræða drægi úr trausti brotþola á réttarvörslukerfinu og yrði til þess að þeir kærðu ekki brot. Viðmælendur bentu þó einnig á að ábyrg umfjöllun um málaflokkinn væri gagnleg og gæti meðal annars virkað sem hvatning fyrir þolendur að leita til lögreglunnar. Einnig var rædd sú hugmynd að dómstólar hefðu á sínum snærum upplýsingafulltrúa eða blaðafulltrúa sem gæti tekið þátt í umræðunni og þannig gætu dómstólar lagt sitt af mörkum til að stuðla að upplýstri umræðu.

### 3. SAMANTEKT OG ÁLYKTANIR

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar hefur átt sér stað jákvæð þróun innan réttarvörslukerfisins á síðustu árum og áratugum og betur er staðið að meðferð nauðgunar- og kynferðisbrotamála en áður. Viðmælendur höfðu margir orð á því að nauðgunarbrot séu nú tekin fastari tökum. Lögregla bregðist hraðar við þegar mál eru tilkynnt eða kærð og þvingunarráðstöfunum á borð við handtökur og gæsluvarðhald sé oftast beitt til að tryggja rannsóknarhagsmuni. Einnig kom fram að skýrslutökur hafi farið batnandi, en nú eru skýrslur af brotapolum og sakborningum teknar upp í hljóði og mynd og svo uppritaðar frá orði til orðs, sem gerir þær nákvæmari. Lög um kynferðisbrot hafa verið endurskoðuð, en með heildarendurskoðun kynferðisbrotakafans árið 2007 voru fleiri verknaðaraðferðir felldar undir nauðgunarákvæðið, þar á meðal *ólögmæt kynferðisnauðung*. Ákærendur við embætti ríkissaksóknara vísa nú í auknum mæli til ólögmætrar nauðungar í málum sem einkennast af aldursmun eða öðrum aðstöðumun brotþola og sakborninga. Saksókn hefur orðið markvissari og málflutningur ákærenda fyrir dómi er talinn góður. Vottorð sálfræðinga um afleiðingar brotsins fyrir brotþola eru ítarlegri en áður og margir viðmælenda voru sammála um að óbein sönnunargögn almennt, ásamt framburði brotþola, hafi öðlast aukið vægi við málsmeðferð fyrir dómi. Þetta hafi leitt til fleiri sakfellinga. Hins vegar komu fram skiptar skoðanir um ágæti þessarar þróunar. Flestir viðmælenda töldu hana jákvæða en einnig komu fram þau sjónarmið að það kunni að hafa verið slakað um of á sönnunarkröfum.

Í viðtölunum kom fram að viðhorf til nauðgunar- og kynferðisbrota hafi breyst hjá þeim faghópum sem starfa við meðferð málanna. Sumir viðmælendur tengdu þetta meðal annars við kynslóðaskipti hjá lykilembættum í lok síðustu aldar og að þekking og skilningur á eðli og afleiðingum brotanna hefði aukist. Til að mynda kom fram að nú tækju dómáramur almennt fyrir það að verjendur beindu vörn sinni að persónu brotþola en áður fyrr hafi það verið mun algengara. Talað var um að dómáramur væru betur rökstuddir en áður, sem mætti ef til vill rekja til þess að flestir dómáramur, bæði héraðsdómstóla og Hæstaréttar, eru nú aðgengilegir á netinu. Þannig virki opinber birting þeirra sem aðhald fyrir dómáramur til að rökstyðja ákvarðanir sínar betur en áður var.

Í viðtölunum kom fram að nauðgunar- og kynferðisbrot hafi ákveðna sérstöðu og séu að sumu leyti ólík öðrum brotaflokkum. Sakborningar séu í flestum tilvikum „venjulegir menn“ sem hafi ekki áður komist í kast við lög. Brotaflokkurinn einkennist einnig af mikilli tregðu brotþola til að kæra. Réttargæslumenn og sálfræðingar lýstu því að brotþolar væru oft hræddir um að þeim yrði ekki trúáð, þær ættu sjálfar bággt með að trúá því hvað hefði átt sér stað og upplifðu stundum fordæmingu af hálfu vina og kunningja. Þeim fallist oft hendur gagnvart réttarvörslukerfinu þar sem kærufærlíð getur verið bæði langt og strangt. Málsmeðferðin tekur langan tíma og lágt sakfellingarhlutfall kann að draga úr trú brotþola á réttarvörslukerfinu. Sönnunarstaða málanna er sérstök fyrir þær sakir að oft er lítið um bein sönnunargögn fyrir utan framburði brotþola og sakborninga og því skipta framburðirnir, ásamt trúverðugleika aðila,

sérlega miklu máli. En þar sem sönnunarbyrgðin hvílir alfarið á ákærvaldinu og ríkar kröfur eru gerðar til sönnunar í sakamálum eru mörg málanna felld niður. Að sama skapi lýstu viðmælendur því að brotin væru þess eðlis að þau ganga afar nálægt persónu fólks og að brotapolar í upplifi oft mikla vanlíðan og angist. Brotaflokkurinn hefur því sérstöðu að mörgu leyti, sem ætla má að kalli á sérstaka nálgun þegar kemur að meðferð þeirra innan réttarvörslukerfisins.

### **3.1. Ágallar og úrbætur**

Í viðtölunum komu fram vísbendingar um að þrátt fyrir framfarir mætti standa betur að meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins. Hér á eftir fara helstu niðurstöður rannsóknarinnar og þær útbótatillögur sem viðmælendur reifuðu í viðtölunum. Í þeim tilvikum þar sem höfundur þessarar skýrslu setur fram tillögur til úrbóta er það sérstaklega tekið fram. Einnig er ástæða til að benda á að ákveðinn samhljómur er á milli sumra tillagnanna sem reifaðar verða hér og þeirra sem finna má í skýrslu samráðshóps forsætisráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins um samhæfða framkvæmd stjórnvalda til þess að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi (Forsætisráðuneytið, apríl 2013).

#### **Ágalli 1: Of margir þolendur nauðgana kæra ekki brotin**

Stór hluti brotþola í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum ákveður að kæra ekki brotin. Í fjórðungi þeirra 189 mála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 var ekki lögð fram kæra og í nokkrum tilvikum var kæra dregin tilbaka (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Réttargæslumenn og heilbrigðisstarfsmenn töldu að helstu ástæður þess að brotapolar kæra ekki væru að þær upplifi skömm og sektarkennd í kjölfar brotsins og óttist fordæmingu að hálfu vina og kunningja, auk þess að hafa litla trú á réttarvörsluferfinu. Í þessu samhengi vekur það áhyggjur að viðtölin gefa vísbendingu um að innan réttarvörslukerfisins sé til staðar það viðhorf að brotapolar sem eru undir miklum áhrifum áfengis þegar brotið var gegn þeim beri að hluta til ábyrgð á brotinu. Hér má einnig benda á að í þeim nauðgunarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 felldi ríkissaksóknari marktækt oftari niður mál þar sem brotþoli sagðist hafa verið undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna ( $p < 0,005$ ) (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Í viðtölunum kom fram að ein skýringin væri sú að frásögn brotþola af atburðinum og aðdraganda hans sé oft ekki nægilega nákvæm, sem talið er veikja málið. Hins vegar virðist litlu máli skipta hve mikið áfengi brotþoli hafði drukkið þar sem mál eru einnig mun oftari felld niður þegar brotþoli var að eigin sögn ekki undir miklum áhrifum.

## Úrbótatillaga 1:

- 1) Mikilvægt er að réttargæslumenn komi að nauðgunarmálum eins fljótt og auðið er til að veita brotapolum upplýsingar um kærufarlið. Þetta á sérstaklega við um mál þar sem brotin eru nýafstaðin en þá skiptir miklu máli að lögregla geti hafið rannsókn máls og öflun sönnunargagna strax. Fram kom að það verklag sem þróað hefur verið á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota á Landspítalanum í Fossvogi, þ.e. þar sem heilbrigðisstarfsmenn kalla til réttargæslumenn fyrir brotþola, sé til fyrirmyndar. Ástæða er því til að kanna hvort þróa megi sambærilegt verklag á landsbyggðinni.
- 2) Finna þarf leiðir til að tryggja að brotþolar upplifi að þeir geti treyst réttarvörslukerfinu. Það er mat höfundar að fagaðilar sem koma að meðferð nauðgunarmála gegni þar lykilhlutverki. Hér er ekki vísað til útkomu sakamála heldur þess að brotapolum sé í hvívetna mætt af nærgætni og virðingu. Fagaðilar, bæði innan og utan réttarvörslukerfisins, þurfa að hafa hugfast hvaða áhrif viðhorf þeirra geta haft á upplifun brotþola og gæta þess að þau verði ekki til þess að draga úr tiltrú þolenda á réttarvörslukerfinu eða líkum á að þeir leiti réttar síns. Samhliða þarf að auka skilning almennings á málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins.
- 3) Að mati höfundar þarf að gæta að ábyrgum forvörnum er kemur að samspili áfengisneyslu og nauðgunarmála. Ástæða er til að rannsaka hvort og þá hvernig áfengis- og vímuefnaforvarnir auki á skömm og sjálfsásakanir brotþola og hvort slík forvarnarorðræða sé einn þeirra þátta sem stuðla að lágu kærulutfalli í brotaflokknum.

## Ágalli 2: Misvel er staðið að rannsókn nauðgunar- og kynferðisbrotamála

Þótt viðmælendur hafi almennt talið gæði lögreglurannsókna í brotaflokknum hafa aukist á síðustu árum, kom einnig fram að misvel væri staðið að rannsóknum. Einkum færi það eftir því hvaða rannsóknarlögreglumaður færi með málið. Í sumum tilvikum mætti lögregla hafa hraðari hendur til að tryggja að sönnunargögn fari ekki forgörðum og dæmi væru um að skýrslutökum væri ábótavant. Hins vegar verður ekki ráðið af þessari rannsókn að teljandi munur sé á gæðum rannsókna hjá kynferðisbrotadeild höfuðborgarsvæðisins annars vegar og rannsóknardeildum á landsbyggðinni hins vegar. Fullyrða má að að menntun og fræðslu rannsóknarlögreglumanna sé ábótavant í málaflokknum. Kom það ítrekað fram í viðtölunum að fagaðilar telja sig ekki fá nægileg tækifæri til að auka þekkingu sína og rannsóknarlögreglumenn töldu sig helst geta stólað á eigið hyggjuvit og reynslu við rannsókn nauðgunarmála. Nokkrir viðmælendur viðruðu áhyggjur sínar af því að eftir tilkomu sakamálagana nr. 88/2008 fer skýrslutaka af brotapolum á aldrinum 15–17 ára ekki lengur fram fyrir dómi heldur gefa börn á þessum aldri skýrslu hjá lögreglu og bera svo aftur vitni fyrir dómi eins og fullorðnir.

## Úrbótatillaga 2:

- 1) Bæta þarf menntun og þjálfun rannsóknarlögreglumanna í rannsóknum kynferðisbrota, þar á meðal þekkingu á sviði yfirheyrslutækni, ekki síst með tilliti til ólíkra hópa sakborninga og brotaþola. Þeir hópar sem voru sérstaklega nefndir í viðtölunum voru börn, unglingar og fólk með með ýmiss konar fatlanir. Einnig er ástæða til að styrkja menntun og þjálfun rannsóknarlögreglumanna hvað varðar félagslegar og sálfræðilegar hliðar brotaflokksins.
- 2) Þegar nýafstaðin brot eru tilkynnt til lögreglu þarf að tryggja að lögregla hefji strax rannsókn, þó svo að kæruskýrsla liggja ekki fyrir, til að tryggja að möguleg sönnunargögn fari ekki forgörðum.
- 3) Í þeim tilvikum þar sem misræmi er á milli framburðar brotaþola, sakborninga og vitna mætti bera slíkt ósamræmi undir aðila í auknum mæli til að upplýsa málið eins og hægt er.
- 4) Ástæða er til að kanna hvort og hvernig ætti að auka samstarf á milli rannsóknarlögreglumanna og ákæranda sem starfa við lögregluembættin á meðan á rannsókn mála stendur með það að markmiði að gera rannsóknina markvissari.
- 5) Ástæða er til að kanna hvort og hvernig betur megi standa að stjórnunarháttum innan lögreglunnar. Til að mynda var nefnt að tryggja þurfi að rannsóknarlögreglumenn, sérstaklega þeir sem nýkomnir eru til starfa, fái kynningu á þeim verkferlum sem liggja fyrir og að rannsóknarlögreglumenn fái aðkomu að því að þróa þá áfram.
- 6) Fram kom að þekkingu á brotaflokknum og rannsóknum nauðgunarbrotu væri ábótavant hjá sumum lögreglustjórum og að ástæða væri til að efla skilning þeirra á brotaflokknum til að tryggja að rannsóknarlögreglumenn njóti fulls stuðnings þeirra við rannsókn málanna.
- 7) Tryggja þarf nægilegan fjölda starfsgilda við kynferðisbrotadeild og rannsóknardeildir á landsbyggðinni og tryggja að þeir sem starfa við rannsóknir kynferðisbrotamála hafi skilning og þekkingu á málaflokknum og geti nálgast málin af nærgætni. Starfshættir og vaktaskipulag rannsóknarlögreglunnar þurfa einnig að taka mið af því að flest nauðgunarbrot eiga sér stað um helgar.
- 8) Ef ætlunin er að kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegni formlegu ráðgjafarhlutverki gagnvart rannsóknardeildum á landsbyggðinni, telur höfundur að ástæða sé til að skýra verksvið deildarinnar og gefa þeim rannsóknarlögreglumönnum sem þar starfa kost á að efla sérfræðiþekkingu sína.
- 9) Að mati höfundar er ástæða til að meta afleiðingar lagabreytinganna sem urðu með tilkomu sakamálalaganna nr. 88/2008 hvað varðar lækkun aldursmarka brotaþola sem fá að gefa skýrslu fyrir dómi. Einnig má ætla að hvort sem það er rannsóknarlögreglumaður eða sálfræðingur sem tekur skýrslu af brotaþolum á aldrinum 15–17 ára hlýtur að skipta mestu máli að viðkomandi aðili hafi sérþekkingu og þjálfun til að taka skýrslur af þessum hópi brotaþola. Hafa má í huga að þessi hópur

brotapola er nokkuð stór, en af nauðgunarmálum sem voru tilkynnt til lögreglu á árunum 2008 og 2009 var fjórðungur brotapola á aldrinum 15–17 ára, eða 24% brotapola.

### **Ágalli 3: Ríkissaksóknari hefur ekki tök á að sinna eftirlitsskyldum og fræðsluhlutverki sem skyldi**

Í viðtölum kom fram að sökum fjárskorts sé embætti ríkissaksóknara ekki kleift að sinna til fulls eftirlitsskyldum sínum og fræðsluhlutverki gagnvart ákærendum. Jafnframt var talið skorta á að ákærendur fengju næg tækifæri til fræðslu og símenntunar í málaflokknum. Langur málsmeðferðartími getur haft slæm áhrif bæði á líðan brotapola og sakborninga og stuðlað að neikvæðri upplifun á réttarvörslukerfinu. Málsmeðferðartími hjá lögreglu og ríkissaksóknara er of langur og sama gildir um málsmeðferðartíma fyrir dómstólum.

Einnig kom fram að þar sem brotapolar eru ekki aðilar að sakamálum hafa þeir fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fá litlar upplýsingar um meðferð málsins. Oft er það svo að þegar búið er að taka skýrslu af brotapola fær hann hvorki upplýsingar um rannsóknina né gang málsins fyrr en niðurfellingarbréf berst frá ríkissaksóknara. Þannig getur komið upp sú staða að brotapoli búi yfir upplýsingum sem gætu verið mikilvægar fyrir rannsóknina eða skipt máli fyrir ákvörðun ákæranda, án þess að vita af því fyrr en bréf ríkissaksóknara berst með rökstuðningi fyrir því að málið var látið niður falla.

### **Úrbótatillaga 3:**

- 1) Tryggja þarf embætti ríkissaksóknara fjármagn til að sinna eftirlitsskyldum sínum og fræðsluhlutverki gagnvart ákærendum.
- 2) Til að stytta málsmeðferðartíma innan réttarvörslukerfisins almennt þarf að tryggja aukið fjármagn til lögreglu, ríkissaksóknara og dómstóla.
- 3) Æskilegt er að nýir ákærendur fái kynningu á starfsemi lögreglunnar, sérstaklega tæknideildarinnar, og fræðslu um helstu samskiptamiðla sem ungt fólk notar og koma við sögu í kynferðismálum. Einnig er æskilegt að ákærendur fái fræðslu hjá Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota og hjá sérfræðingum í Barnahúsi, sérstaklega hvað varðar meðferðarstarf sálfræðinga, til að tryggja að ákærendur geti nýtt þá þekkingu þegar kemur að sönnunarfærslu í málunum fyrir dómi. Námskeið í yfirheyrslutækni fyrir málflytjendur myndi nýtast þeim við sönnunarfærslu fyrir dómi.
- 4) Æskilegt er að ákærendur sem fara með nauðgunar- og kynferðisbrotamál búi yfir sérþekkingu á því sviði og að lögfræðinámið taki meira mið af þeim félagslegu og sálfræðilegu þáttum sem viðkoma brotunum.
- 5) Í tilvikum þar sem ætlun ákæranda er að fella niður mál, er ástæða til að kanna hvort brotapolar geti fengið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin.

#### **Ágalli 4: Ákveðinir hópar sakborninga virðast vera í verri stöðu gagnvart réttarvörslukerfinu en aðrir**

Þótt allir sakborningar hafi tæknilega sömu stöðu gagnvart réttarvörslukerfinu, er það tilfinning sumra viðmælenda að svo sé ekki alltaf í raun. Ákveðinir hópar sakborninga virðast vera í verri stöðu gagnvart réttarvörslukerfinu en aðrir, til að mynda þeir sem eru erlendir, með sakaferil, glíma við geðrænan eða félagslegan vanda eða eiga við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða. Í rannsókn um einkenni og meðferð nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 kom í ljós að lögregla hættir marktækt oftari rannsókn í málum þar sem sakborningar eru íslenskir ( $p < 0,01$ ) og ríkissaksóknari gefur marktækt oftari út ákæru í málum þar sem sakborningar eiga við geðrænan eða félagslegan vanda að stríða eða misnota áfengi eða önnur vímuefni ( $p < 0,001$ ) (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

#### **Úrbótatillaga 4:**

Að mati höfundar er ástæða er til að rannsaka nánar hvað veldur þessum mun á meðferð mála eftir því hvort sakborningar eru erlendir, glíma við geðrænan eða félagslegan vanda eða eiga við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða. Kanna þyrfti hvort hinir „venjulegu menn“ njóti meiri trúverðugleika en ofantaldir hópar innan réttarvörslukerfisins.

#### **Ágalli 5: Misvel er staðið að réttargæslu í nauðgunarmálum**

Fram kom að þjónusta réttargæslumanna við brotþola væri iðulega góð en misgóð þó. Æskilegt væri að samræma þjónustu réttargæslumanna gagnvart brotþolum. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að réttarstaða brotþola víðast hvar annars staðar á Norðurlöndunum er mun sterkari en á Íslandi.

#### **Úrbótatillaga 5:**

- 1) Réttargæslumenn mega vera mun virkari í að fylgjast með gangi mála innan réttarvörslukerfisins fyrir hönd brotþolans.
- 2) Ástæða er til að réttargæslumenn tryggji að brotþoli sé vel undirbúinn fyrir aðalmeðferðina, til að mynda með því að vera búnir að sýna brotþola dómsalinn áður en aðalmeðferð hefst og undirbúa hann fyrir skýrslutöku fyrir dómi, en slíkar skýrslutökur geta reynst brotþolum erfiðar. Jafnframt kom fram að réttargæslumenn mættu vanda betur rökstuðning fyrir bótakröfum.
- 3) Ástæða er til að réttargæslumenn láti í auknum mæli reyna á bótarétt brotþola í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum og ástæða væri til að gera meira af því að fá dómkvadda matsmenn til að meta miska, varanlegan miska og varanlega örorku þegar það á við.
- 4) Kanna þarf hvort að ástæða sé til að réttargæslumenn myndi með sér formlegan vettvang til að þróa vinnureglur og hlutverk réttargæslumanna í því skyni að styrkja rétt brotþola.



### **Ágalli 6: Sálfræðingar eru misvel í stakk búnir til að leggja mat á afleiðingar nauðgunarbrotu fyrir dómi**

Fram kom að vottorð og vitnisburður sálfræðinga fái nú aukið vægi við meðferð kynferðisbrotamála. Misjafnt er þó hvort sálfræðingar hafi sérþekkingu á afleiðingum áfalla og hvort þeir hafi þekkingu og reynslu til að útbúa slík vottorð. Einnig kom fram að brotapolar á landsbyggðinni hafi ekki jafngóðan aðgang að sérhæfðum sálfræðingum og brotapolar á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Úrbótatillaga 6:**

- 1) Æskilegt er að sálfræðingar sem meðhöndla þolendur kynferðisbrota hafi sérþekkingu á afleiðingum áfalla á borð við nauðgunar- og kynferðisbrot og kunni að útbúa vottorð sem nýtast réttarkerfinu.
- 2) Tryggja þarf að brotapolar á landsbyggðinni hafi góðan aðgang að sálfræðingum með sérþekkingu á afleiðingum nauðgunar- og kynferðisbrota.
- 3) Innan réttarkerfisins er ástæða til að kanna hvort kalla ætti í auknum mæli eftir dómkvöddum matsmönnum, þ.e. utanaðkomandi áfallasérfræðingi, til að meta gögn mála og leggja mat á afleiðingar atburðarins fyrir brotapolu.

### **Ágalli 7: Skortur á tækifærum til símenntunar og lágmarks sérhæfingu á meðal dómara**

Almennt töldu viðmælendur að persóna dómarans skipti máli við meðferð þeirra á nauðgunar- og kynferðisbrotum. Viðmælendur töldu að misjafnt væri hvernig dómarar meta sönnunarreglurnar, þ.e. hvenær þeir telja að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að sakborningur sé sekur, en jafnframt að persónuleg viðhorf dómara til málaflokksins gætu haft þar áhrif. Dómarar töldu almennt þörf fyrir aukin tækifæri til símenntunar. Sökum fólksfæðar á Íslandi var ekki talin forsenda fyrir sérstökum embættum eða dómstól sem færi einungis með kynferðisbrotamál en að athugandi væri að leita leiða til að tryggja lágmarks sérhæfingu innan dómstólana.

#### **Úrbótatillaga 7:**

- 1) Æskilegt er að fjölskipaðir dómar í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum endurspegli ákveðinn fjölbreytileika. Til að mynda er mikilvægt að reynsluheimur beggja kynja nýtist við meðferð málanna fyrir dómi og því er ástæða til að tryggja að í fjölskipuðum dómum sitji bæði konur og karlar.
- 2) Ástæða er til að fjölga símenntunartækifærum fyrir dómara. Að mati höfundar er til að mynda athugandi til að bjóða upp á fræðslu um mat áfallasérfræðinga á afleiðingum nauðgana og kynferðisbrota, þar sem sumir viðmælendur töldu að vottorð sálfræðinga um afleiðingar brotanna hefðu hlotið aukið vægi fyrir dómi á undanförunum árum.
- 3) Ástæða er til að kanna hvort dómarar eigi, eins og aðrir hópar sem koma að meðferð málanna, að hafa rétt á sálfræðiaðstoð.

- 4) Ástæða er til að kanna hvort tryggja megi lágmarks sérhæfingu í dómstólum, en hér má vísa til héraðsdóms Reykjavíkur þar sem sumir dómara fara með sakamálin og aðrir með einkamálin.

#### **Ágalli 8: Lágt ákæruhlutfall í nauðgunarmálum**

Ákæruhlutfall í nauðgunarmálum er lágt. Af þeim nauðgunarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 og vísað til ríkissaksóknara var ákæra gefin út í einungis 35% þeirra. (Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Ákærendur skýrðu þó frá því að tilkoma hugtaksins *ólögmæt nauðung* í nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga árið 2007 hafi auðveldað sönnunarfærslu í málum sem einkennast af aldursmun eða öðrum aðstöðumun brotþola og sakborninga. Að mati ákæranda gætu frekari breytingar á nauðgunarákvæðinu létt róðurinn við sönnunarfærslu í nauðgunarmálum.

Einnig má skilja af viðtölunum að aukin klámneysla- og klámvæðing í samfélaginu geri það að verkum að mörkin á milli kynlífs og ofbeldis séu óskýr í hugum sakborninga og því geti reynst erfitt að sanna ásetning ákærða fyrir dómi.

#### **Úrbótatillaga 8:**

- 1) Ástæða er til að kanna forsendur fyrir frekari breytingum á nauðgunarákvæðinu. Í fyrsta lagi þarf að athuga hvort ekki eigi að breyta ákvæðinu þannig að í stað þess að ofbeldi og hótanir séu þungamiðja ákvæðisins, yrði útgangspunkturinn skortur á samþykki. Í öðru lagi er ástæða til að kanna forsendur fyrir ákvæði um nauðgun af gáleysi.
- 2) Að mati höfundar er ástæða til að rannsaka tengslin á milli klámneyslu og viðhorfa til kynlífs og kynferðisbrota og þá jafnframt í samhengi við hugtakið *ásetning* í sakamálaréttarhari.

#### **Ágalli 9: Erfið sönnunarstaða í nauðgunarmálum innan refsiréttar**

Sönnunarstaða í nauðgunarmálum innan refsiréttar er erfið. Viðmælendur ítrekuðu að sökum þess að iðulega er lítið um beinar sannanir í málunum, sönnunarbyrðin hvílir alfarið á ákæruvaldinu og sönnunarkrafa í sakamálum er mjög sterk, sé óhjákvæmilegt að stór hluti málanna verði felldur niður. Því er ástæða til að kanna fleiri leiðir til að meðhöndla brot gegn kynfrelsi en einungis í gegnum refsirétt.

#### **Úrbótatillaga 9:**

- 1) Ástæða er til að kynna fyrir brotþolum þann möguleika að höfða skaðabótamál gegn gerendum vegna skaða eða miska. Sönnunarkröfur í einkamálum eru vægari en í opinberum málum en á móti kemur að mönnum er ekki dæmd refsing í einkamálum. Útfæra má gjafsóknarreglur þannig að brotþolar í nauðgunar- og kynferðisbrotamálum geti sótt um og fengið gjafsókn til að sækja slík mál.

- 2) Fram komu hugmyndir um að kanna hvort nota mætti uppbyggilega réttvísi í málum þar sem sakborningar hafa verið dæmdir sekir eða í fyrndum brotum, ef brotþoli telur það myndi hjálpa sér við að glíma við afleiðingar brotsins.
- 3) Ástæða er til að kanna hvort þróa megi úrræði utan réttarkerfisins í tilvikum þar sem lýsing brotþola á atburðinum fellur ekki undir nauðgunarákvæði hegningarlagna en engu að síður megi ætla að kynfrelsi einstaklings hefur ekki verið virt.

### **Ágalli 10: Opinber umræða um brotaflokkinn oft á villigötum**

Margir viðmælenda töldu að opinber umræða um brotaflokkinn og réttarvörslukerfið væri oft á villigötum og einkenndist að sumu leyti af vanþekkingu. Einnig var bent á að fjölmiðlaumræða um nauðgunar- og kynferðisbrotamál væri stundum skaðleg fyrir brotþola, sakborninga og aðstandendur þeirra. Sérstaklega var tekið fram að afar óæskilegt væri að leyfa athugasemdir við fréttir af einstökum málum á netinu. Þó var jafnan tekið fram að ábyrg og vönduð umræða um brotaflokkinn og réttarvörslukerfið væri mikilvæg og af hinu góða.

### **Úrbótatillaga 10:**

Ástæða er til að hvetja fræðimenn með þekkingu á málaflokknum til að taka virkari þátt í opinberri umræðu um nauðgunar- og kynferðisbrot. Einnig kemur til álita að dómstólar fái til liðs við sig löglærðan upplýsingafulltrúa sem getur tekið þátt í að skýra umræðuna og þróa fyrir hönd dómstóla.

## **3.2. Lokaorð**

Markmið þessarar rannsóknar var að kortleggja viðhorf þeirra sem koma að meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og hvernig þeir telja að bæta megi meðferð málanna í ljósi þess að lágt ákæru- og sakfellingarhlutfall einkennir brotaflokkinn. Vonast er til niðurstöður og úrbótatillögur verði kannaðar gaumgæfilega og eftir atvikum þróaðar áfram og nýttar. Þær eru í stuttu máli eftirfarandi:

- 1) að auka líkur á að nauðgunarbrot séu kærð með því að tryggja aðkomu réttargæslumanna eins fljótt og hægt er, viðhafa ábyrgar áfengis- og vímuefnaförvarnir og efla traust brotþola og almennings á réttarvörslukerfinu;
- 2) að efla menntun og þjálfun lögreglumanna sem rannsaka nauðgunar- og kynferðisbrotamál, tryggja að rannsókn á nýafstöðnum brotum hefjist þegar í stað þótt kæruskýrsla liggja ekki fyrir, standa betur að kynningu og áframhaldandi þróun verkferla innan lögreglunnar og efla stefnumótun og stjórnun innan lögreglunnar eftir þörfum brotaflokksins;

- 3) að tryggja embætti ríkissaksóknara nægilegt fjármagn til að sinna eftirlitsskyldu sinni og fræðsluhlutverki, efla símenntunartækifæri ákæranda og stytta málsmeðferðartíma í réttarvörslukerfinu með auknu fjármagni til lögreglu, ríkissaksóknara og dómstóla;
- 4) að kanna nánar hvað veldur því að „venjulegir menn“ eru meirihluti sakborninga í málum sem tilkynnt eru til lögreglu en hlutfallslega fáir í hópi ákærðra;
- 5) að auka gæði og samræmi í þjónustu réttargæslumanna við brotaþola og tryggja að bótaréttur brotaþola sé að fullu sóttur;
- 6) að tryggja að sálfræðivottorð um afleiðingar brots fyrir brotaþola séu vönduð og að brotaþolar á landsbyggðinni hafi aðgang að sálfræðingum með þekkingu á áföllum á borð við nauðgunar- og kynferðisbrot;
- 7) að auka símenntunartækifæri dómara, tryggja að reynsluheimur kynjanna endurspeglar í fjölskipuðum dómum og kanna möguleika á að tryggja ákveðna sérhæfingu innan dómstóla;
- 8) að kanna betur hvort breytt löggjöf gæti létt róðurinn við sönnunarfærslu í málunum;
- 9) að kynna einkamálaleiðina í auknum mæli fyrir brotaþolum og rýmka gjafsóknarreglur fyrir brotaþola sem vilja sækja rétt sinn innan skaðabótaréttar;
- 10) að bæta opinbera umræðu um málaflokkinn með aukinni þátttöku aðila með þekkingu á réttarvörslukerfinu og brotaflokknum.

Rannsókn þessi er nokkuð yfirgripsmikil. Styrkleiki hennar felst einkum í því að hún nær til meðferðar nauðgunarmála í heild sinni innan réttarvörslukerfisins, en hér er bæði vísað til fyrri hluta rannsóknarinnar sem lýtur að einkennum og meðferð málanna og seinni hluta hennar sem er til umfjöllunar í þessari skýrslu. Í rannsókninni gafst þó ekki alltaf kostur á að fara ítarlega ofan í alla þá fjölmörgu þætti sem voru til umfjöllunar og því er vonast til að hún verði hvati til frekari rannsókna á einstaka þáttum, en í umfjöllun um ágalla og úrbótatillögur bendir höfundur á nokkra þá þætti sem ástæða er til að rannsaka frekar.

## HEIMILDASKRÁ

*Amnesty International (2010). Case Closed: Rape and Human Rights in the Nordic Countries. Útgefandi Amnesty International. Sótt 14. maí. 2013 af:*  
<http://www.amnesty.org/en/library/info/ACT77/001/2010>

*Ársskýrsla Hæstaréttar Íslands 2013 (2014). Hæstiréttur Íslands. Sótt 30.10.2014 af:*  
[http://www.haestirettur.is/MultimediaServlet/haestirettur\\_arsskyrsla\\_2013.pdf?object=110&name=haestirettur\\_arsskyrsla\\_2013.pdf](http://www.haestirettur.is/MultimediaServlet/haestirettur_arsskyrsla_2013.pdf?object=110&name=haestirettur_arsskyrsla_2013.pdf)

*Ársskýrsla Stígamóta 2013. Stígamót. Sótt 30.10.2014 af:*  
[http://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla\\_2013-netid.pdf](http://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla_2013-netid.pdf)

*Ársskýrsla Stígamóta 2012. Stígamót. Sótt 30.10.2014 af:*  
<http://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla2012.pdf>

„Björgvin hættir sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar“ (2010, 17. ágúst). *Mbl.is*. Sótt 30.10.2014 af:  
[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/08/17/bjorgvin\\_haettir\\_sem\\_yfirmadur\\_kynferdisbrotadeilda/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/08/17/bjorgvin_haettir_sem_yfirmadur_kynferdisbrotadeilda/)

„Björgvin tekur aftur við kynferðisbrotadeild lögreglunnar – Vék vegna umdeilda ummæla“ (2010, 11 nóvember). *Pressan.is*. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/bjorgvin-tekur-aftur-vid-kynferdisbrotadeild-logreglunnar--vek-vegna-umdeilda-ummaela>

Bublick, E. M. (2006). „Tort Suits Filed by Rape and Sexual Assault Victims in Civil Courts: Lessons for Courts, Classrooms and Constituencies“. *Arizona Legal Studies*, Discussion Paper nr. 06–16.

Burman, M. (2010). „Rethinking rape law in Sweden: coercion, consent or non-volunarity?“ *Rethinking rape law, international and comparative perspectives* (McGlynn, C. and Munro, V. E. ritstj.). Bandaríkin og Kanada: Routledge.

Brynhildur Björnsdóttir o.fl. (2012). *Fáðu já, Leiðarvísir fyrir starfsfólk grunnskóla*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Innanríkisráðuneyti og Velferðarráðuneyti. Sótt 30.10.2014 af:  
<http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/lokautgafa-leidarvisir.pdf>

Eiríkur Jónsson (2012). „Skaðabætur vegna kynferðisbrota – er réttur brotþola ekki að fullu sóttur?“ *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti 2012.

Eiríkur Tómasson (2009). „Réttarfar“. *Um lög og rétt, helstu greinar íslenskrar lögfræði*, 2. útgáfa (Róbert R. Spanó ritstj.). Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.

Eiríkur Tómasson (2007). „Sitt er hvað, sönnunarbyrði og sönnunarmat: umfjöllun um dóm Hæstaréttar 20. október 2005 í máli nr. 148/2005“. *Úlfjótur, tímarit laganema*, 60 (3) 2007.

*EWL Barometer on Rape in the EU* (2013). European Women's Lobby. Sótt 30.10.2014 af:  
<http://www.womenlobby.org/publications/reports/article/2013-ewl-barometer-on-rape-report?lang=de>

Elva Björk Sverrisdóttir (2008, 14. júlí). „Parf meiri sérhæfingu?“. *Mbl.is*. Sótt 30.10.2014 af:  
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1228806/>

- Felthusen, B. o.fl. (2000). „Therapeutic Consequences of Civil Actions for Damages and Compensation Claims by Victims of Sexual Assault“. *Canadian Journal of Women and the Law*, 12, 66–116.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2013). *Vinumening og kynjatengsl lögreglunnar: Af hverju eru konur svo fámennar meðal lögreglumanna?* Skýrsla unnin við námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra. Sótt 30.10.2014 af: [http://www.logreglan.is/upload/files/Vinumening\\_logreglu\\_LOKA\(1\).pdf](http://www.logreglan.is/upload/files/Vinumening_logreglu_LOKA(1).pdf)
- „Fórnarlömb ofbeldis bera aldrei ábyrgð“ (2009, 17. apríl). *Visir.is*. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.visir.is/fornarlomb-ofbeldis-bera-aldrei-abyrgd/article/2009627059>
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum, þskj. 660, 430. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Sótt 12.24.2014 af: <http://www.althingi.is/altxt/144/s/0660.html>
- Fyrirmæli ríkissaksóknara RS: 5/2009. Hámarkstími meðferðar líkamsárásarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota hjá lögreglu og ákærendum. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.ríkissaksoknari.is/media/frettir/RS%205%20-2009-Malsmedferdartimi-likamsarasarmala,-naudgunarmala-og-efnahagsbrota.pdf>
- Gunnar Helgi Kristinsson (2011). *Stjórnsýsla dómstólanna*. Skýrsla unnin fyrir dómstólaráð. Reykjavík: Háskólaprent ehf. Sótt 30.10.2014 af: [http://www.domstolar.is/files/Stj%C3%B3rns%C3%BDsla%20d%C3%B3mst%C3%B3lanna\\_38319180.pdf](http://www.domstolar.is/files/Stj%C3%B3rns%C3%BDsla%20d%C3%B3mst%C3%B3lanna_38319180.pdf)
- Godden, N. (2013). *Seeking Justice for Victim-survivors: Unconventional Legal Responses to Rape* (Doctoral Dissertation). Durham University, United Kingdom.
- „Grunnámskeið RLM, námskeiðslýsing“ (2014). Lögregluskóli ríkisins, framhaldsdeild.
- Herman, J. L. (2005). „Justice From the Victim’s Perspective“. *Violence Against Women*, Vol. 11 No. 5.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (2013). *Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotaþola og málsmeðferð* [Skýrsla]. Reykjavík: EDDA – Öndvegissetur við Háskóla Íslands. Sótt 30.10.2014 af: <https://edda.hi.is/wp-content/uploads/2014/04/Einkenni-og-me%C3%B0fer%C3%B0-nau%C3%B0gunarm%C3%A1la-okt%C3%B3ber-2013.pdf>
- Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir (2010, 16. ágúst). „Lögreglan: „Fólk ætti að líta oftari í eigin barm.““ *DV.is*. Sótt 31.08.2012, af: [http://www.dv.is/frettir/2010/8/16/logreglan\\_aetti\\_ad\\_lita\\_oftar\\_i\\_eigin\\_barm/](http://www.dv.is/frettir/2010/8/16/logreglan_aetti_ad_lita_oftar_i_eigin_barm/)
- Jón Steinar Gunnlaugsson (2010). „Guðlegt vald?“ *Tímarit lögfræðinga*, 2. hefti.
- Jón Steinar Gunnlaugsson (2008). „Mál af þessu tagi.“ *Tímarit Lögréttu*, 2. hefti, 2008.
- „Krefjast skýringa á ummælum lögreglu.“ (2010, 17. ágúst). *Vísir.is*. Sótt 31.8.2012, af: <http://www.visir.is/krefjast-skyringa-a-ummaelum-logreglu/article/201084905043>
- Kvale, S. & Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*. Thousand Oaks CA: SAGE Publications, Inc.

- „Lögregluskóli ríkisins, almennar upplýsingar“ (2014). Lögregluvefurinn. Sótt 30.10.2014 af: [http://www.logreglan.is/display.asp?cat\\_id=297](http://www.logreglan.is/display.asp?cat_id=297)
- McGlynn, C., Westmarland, N. And Godden, N. (2011). *Is restorative justice possible in cases of sexual violence?* Durham University: School of Applied Social Sciences (SASS) Research Briefing no. 5 – Law School Research Briefing no. 1. Sótt 15.12.2014 af: <https://www.dur.ac.uk/resources/glad/ResearchBriefing1-Isrestorativejusticepossibleincasesofsexualviolence.pdf>
- Munro, Vanessa E. (2010). „From consent to coercion: evaluating international and domestic frameworks for the criminalization of rape“. *Rethinking rape law, international and comparative perspectives* (McGlynn, Clare and Munro, Vanessa E. ritstj.). Bandaríkin og Kanada: Routledge.
- Nefndarálit allsherjarnefndar (2008, 26. maí). Um frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 1153, 233 mál. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.althingi.is/altext/135/s/1153.html>
- Perry, R. (2009). “Empowerment and Tort Law”. *Tennessee Law Review*, Vol. 76.
- Ragnheiður Bragadóttir (2006). *Kynferðisbrot*. Ritróð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 3. Reykjavík 2006.
- „Rangur texti í auglýsingu Lýðheilsustöðvar“ (2009). Embætti landlæknis. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item17038/Rangur-texti-i-auglyssingu-Lydheilsustodvar>
- „Rannsóknir kynferðisbrota, sérnámskeið“ (2013). Lögregluskóli ríkisins, framhaldsdeild.
- „Rannsókn kynferðisbrota, námskeiðslýsing“ (2006). Lögregluskóli ríkisins, framhaldsdeild.
- Reglur um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni skv. 123. Gr. Laga um meðferð sakamála, einkum ef vitnið er yngra en 15 ára, nr. 190/2009. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.domstolar.is/domstolarad/tilkynningar/nr/417/>
- Robberstad, A. (2014). *Bistandsadvokaten*, 3ja útgáfa. Osló: Universitetsforlaget.
- Róbert R. Spanó (2009). „Refsiréttur“. *Um lög og rétt, helstu greinar íslenskrar lögfræði*, 2. útgáfa (Róbert R. Spanó ritstj.). Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.
- Sigríður Ingvarsdóttir (2006) „Skýrslutökur af börnum fyrir dómi“. *Vefur héraðsdómstólanna – Greinar*. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.domstolar.is/greinar/nr/237/>
- Sigríður Ingvarsdóttir (2004). „Um dómsvaldið, faglegt mat á hæfni dómara og hlutverk dómstóla í réttarríkinu“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti, 54. árgangur, desember 2004. Sótt 30.10.2014 af: [http://www.domstolar.is/files/T%C3%ADmar.%20L%C3%B6gr%204.%20tbl.%202004\\_1985147560.pdf](http://www.domstolar.is/files/T%C3%ADmar.%20L%C3%B6gr%204.%20tbl.%202004_1985147560.pdf)
- Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi (2007). Sótt 30.10.2014 af: <http://www.rikissaksoknari.is/media/frettir/skyrsla-kynferdisbrot-2007.pdf>
- Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi (2002). Sótt 30.10.2014 af: [http://www.rikissaksoknari.is/media/frettir/Skyrsla\\_kynferdisbrot\\_2002.pdf](http://www.rikissaksoknari.is/media/frettir/Skyrsla_kynferdisbrot_2002.pdf)

- Svala Ísfeld Ólafsdóttir (2008). „Viðhorf dómara til fyrningar sakar í kynferðisbrotum gegn börnum“. *Stjórnsmál og stjórnslá, veftímarit*, 2. tbl. 4. árg. 2008. Sótt 30.10.2014 af: <http://skemman.is/stream/get/1946/8979/23948/1/a.2008.4.2.3.pdf>
- Swan, S. (2013). “Triangulating Rape”. *New York University Review of Law & Social Change*, Vol. 37, bls. 403.
- Taylor, S. J. & Bogdan, R. (1997). *Introduction to Qualitative Research Methods. A Guidebook and Resource*. New York: John Wiley and Sons, Inc.
- United Nations Department of Economic and Social Affairs / Division for the Advancement of Women (2010). *Handbook for Legislation on Violence Against Women*. United Nations Publication ST/ESA/329.
- Umsögn Barnaverndarstofu (2008, 22. janúar). Um frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 1153, 233 mál. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1241>
- Umsögn ríkissaksóknara (2008, 29. janúar). Um frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 1153, 233 mál. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1239>
- Umsögn Landssambands lögreglumanna (2008, 31. Janúar). Um frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 1153, 233 mál. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1310>
- „Vill efla kynferðisbrotadeildina“ (2011, 1. júlí). *Visir.is*. Sótt 30.10.2014 af: <http://www.visir.is/vill-efla-kynferdisbrotadeildina/article/2011707019955>

## **Dómar**

Hæstaréttardómur nr. 49/2005

Mannréttindadómstóll Evrópu, Y gegn Noregi, 11. febrúar 2003 (56568/00)

## **Lagaskrá:**

Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

Lög um dómstóla nr. 15/1998

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940



## **VIÐAUKI A:**

Kynningarbréf og yfirlýsing um upplýst  
samþykki





Ágæti viðtakandi,

Tilfni þessa bréfs er að óska eftir þátttöku þinni í **rannsókn um viðhorf og reynslu fagaðila af meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins**. Rannsóknin er unnin hjá EDDU – öndvegissetri við Háskóla Íslands í framhaldi af rannsókn um einkenni og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins sem unnin var í samstarfi við innanríkisráðuneytið. Samantekt á niðurstöðum þeirrar rannsóknar hefur verið birt á vef ráðuneytisins: <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28522>.

Undanfari rannsóknarinnar er sá að árin 2010-2011 stóð innanríkisráðuneytið fyrir víðtæku samráðsferli með þátttöku fagaðila sem starfa innan réttarkerfisins um meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu. Ein af niðurstöðum þess samráðs var almennur vilji til að rannsaka frekar meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu. Rannsóknin er unnin í samvinnu við innanríkisráðuneytið.

Markmið þessa hluta rannsóknarinnar er að taka viðtöl við 20-25 sérfræðinga innan réttarkerfisins til að kanna viðhorf þeirra til meðferðar nauðgunarmála og hvort, og þá hvernig, breytinga sé þörf. Þátttakendur rannsóknarinnar verða því sérfræðingar sem hafa reynslu af því að vinna við málaflokkinn, þar með taldir rannsóknarlögglumenn; saksóknarar ríkissaksóknaraembættisins, verjendur og réttargæslumenn, héraðsdóms- og hæstaréttardómarar, og sérfræðingar er gefa álit fyrir dómi. Leitast verður við að velja þátttakendur af báðum kynjum, bæði af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Gætt er að trúnaði og nafnleynd er heitið en við birtingu niðurstaðna verður unnið með starfstitla þátttakenda (sbr. rannsóknarlögglumaður, saksóknari, dómari og sálfræðingur). En hér ber jafnframt að taka fram að spurningarnar lúta hvorki að persónu sérfræðingana né einstaka málum sem þeir hafa haft til meðferðar. Persónuauðkennanlegar upplýsingar verða fjarlægðar við vinnslu á gögnunum.

Ætlunin er að taka eitt viðtal við hvern þátttakanda sem áætlað er að taki eina til eina og hálf klukkustund. Staðsetning viðtala fer fram þar sem sérfræðingur óskar. Viðtölin verða tekin upp á hljóðrita svo rannsakanda sé unnt að vinna úr þeim. Hljóðupptökum verður eytt að afritun lokinni og afritum eytt þegar rannsókninni lýkur. Þátttakendur geta hætt þátttöku á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er fram að birtingu niðurstaðna, án nokkurra útskýringa eða afleiðinga. Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Nánari upplýsingar veita ábyrgðarmenn rannsóknarinnar: Hildur Fjóra Antonsdóttir, rannsakandi við EDDU – öndvegissetur, í síma 525-4579, netfang: [hildurfa@hi.is](mailto:hildurfa@hi.is). Aðrir ábyrgðarmenn eru Dr. Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður EDDU, sími 525-5405, netfang: [irma@hi.is](mailto:irma@hi.is); og Dr. Annadís G. Rúdólfsdóttir, félagssálfræðingur, meðlimur í ráðgjafahóp rannsóknarinnar og rannsakandi við EDDU, í síma 525-4278, netfang: [annadis@hi.is](mailto:annadis@hi.is).

Virðingarfyllst,

Hildur Fjóra Antonsdóttir

Verkefnisstjóri og rannsakandi hjá EDDU – öndvegissetri við Háskóla Íslands

## Upplýst samþykki

Ég undirrituð/undirritaður samþykki hér með að taka þátt í viðtali vegna rannsóknar um viðhorf og reynslu fagaðila af meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins. Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála og hvort, og þá, hvernig breytinga sé þörf. Ég samþykki að viðtalið sé hljóðritað og hef verið upplýst/ur um að hljóðskrár verði eytt eftir greiningu þeirra upplýsinga sem fram koma. Gætt er að trúnaði og nafnleynd er heitið en við birtingu niðurstaðna verður unnið með starfstitla þátttakenda (sbr. rannsóknarlögreglumaður, saksóknari, dómari og sálfræðingur). Spurningarnar lúta hvorki að persónu sérfræðingana né einstaka málum sem þeir hafa haft til meðferðar. Persónuauðkennanlegar upplýsingar verða fjarlægðar við vinnslu á gögnunum. Ég hef verið upplýst/ur um að mér sé heimilt að hætta þátttöku í verkefninu hvenær sem er og án frekari útskýringa á þeirri ákvörðun minni fram að birtingu niðurstaðna.

Reykjavík XX.XX.2013

---

Viðmælandi

**VIÐAUKI B:**

Viðtalsvísar



## VIÐTALSVÍSIR FYRIR SÉRFRÆÐINGA Á SVIÐI HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁLA

1. Hvað hefurðu starfað lengi við meðferð nauðgunarmála (kynferðisbrotamála)? Hvaða þjónustu veitir þú þolendum kynferðisofbeldis?
2. Hafa brotin tekið breytingum á síðustu árum? Hver er þín upplifun? Dæmi
3. Hvaða máli skiptir sú vinna sem fram fer innan [stofnun/deild] á meðferð málanna innan réttarkerfisins?
4. Veitir [stofnun/deild] aðstoð eða ráðgjöf til minni eininga á landsbyggðinni? Ef svo, hvers konar?
5. Hefur þú gefið álit um áhrif nauðgunar á brotþola, eða borið vitni fyrir dómi? Hvernig upplifðir þú það?
6. Hafði tilkoma kynferðisbrotadeildar/rannsóknadeildar áhrif á viðhorf og verklag við rannsóknir nauðgunarmála (kynferðisbrotamála)? Með hvaða hætti?
7. Í málum þar sem brotþolar eru 14 ára og yngri ákveður dómari hvar skýrslutaka af barni fari fram, þ.e. ýmist í Barnahúsi eða fyrir dómi. Í málum þar sem brotþolar eru á aldrinum 15-17 ræður lögregla hvar skýrslutaka fari fram. Er tekið tillit til mismunandi þroskastiga barna við skýrslutöku og rannsókn málanna?
8. Hvað einkennir góða réttargæslu í nauðgunarmálum?
9. Hvernig er samstarfi [stofnun/deild] háttað við aðra fagaðila sem koma að málaflokknum, t.a.m. Neyðarmóttöku, lögreglu, réttargæslumenn, verjendur, Barnahús, embætti ríkissaksóknara, barnaverndaryfirvöld, frjáls félagasamtök?
10. Nú er vitað að aðeins hluti þolenda nauðgana leitar til lögreglu vegna slíkra brota, hvers vegna telur þú að fleiri þolendur leiti ekki til lögreglu?
11. Sinnir þú eða þinn vinnustaður forvarnarstarfi? Með hvaða hætti?
12. Hefur orðið breyting á meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins á undanförunum árum?
13. Nú er ljóst að lítil hluti nauðgunarmála ratar alla leið í gegnum dómskerfið, er það eðlilegt að þínu mati? Er hægt að standa betur að þessum málaflokki innan réttarkerfisins? Með hvaða hætti?
14. Hvernig hefur þú upplifað opinbera umræðu um nauðgunarmál (kynferðisbrotamál) sem átt hefur sér stað með reglulegu millibili á síðustu árum?
15. Hver er þín persónulega upplifun að starfa við meðferð nauðgunarmála?

## VIÐTALSVÍSIR FYRIR RANNSÓKNARLÖGREGLUMENN

1. Hvað hefurðu starfað lengi við rannsóknir á nauðgunarmálum (kynferðisbrotamálum)? Hvað, ef eitthvað, hefur breyst á þeim tíma? Dæmi.
2. Hafa brotin tekið breytingum á undanförunum árum? Dæmi.
3. Hvaða þýðingu hefur tilkoma kynferðisbrotadeildar/rannsóknardeildarinnar haft á rannsókn nauðgunarmála (kynferðisbrotamála)?
4. Hefur þú hlotið sérstaka þjálfun í rannsóknum á kynferðisbrotamálum? Hvaða þjálfun? Er þjálfunin fullnægjandi?
5. Kynferðisbrotadeild veitir rannsóknadeildum lögregluembættanna á landsbyggðinni í sumum tilvikum ráðgjöf. Í hvaða tilvikum er helst leitað eftir slíkri aðstoð? Dæmi.
6. Er fjöldi kynferðisbrotamála slíkur að málunum er forgangsraðað? Hvernig?
7. Í málum þar sem brotapolar eru 14 ára og yngri ákveður dómari hvar skýrslutaka af barni fari fram, þ.e. ýmist í Barnahúsi eða fyrir dómi. Í málum þar sem brotapolar eru á aldrinum 15-17 ræður lögregla hvar skýrslutaka fari fram. Hvaða viðmið notar lögregla við þá ákvörðun?
8. eru mál þar sem erlendir sakborningar eiga í hlut á einhvern hátt ólík málum þar sem íslenskir sakborningar eiga í hlut?
9. Hvernig er samstarfi lögreglu háttað við aðra fagaðila sem koma að málaflokknum, t.a.m. Neyðarmóttöku, Barnahús, embætti ríkissaksóknara, barnaverndaryfirvöld, frjáls félagasamtök?
10. Nú er vitað að aðeins hluti þolenda nauðgana leitar til lögreglu vegna slíkra brota, hvers vegna telur þú að fleiri þolendur leiti ekki til lögreglu?
11. Staðfesta ákvarðanir ríkissaksóknara, um hvort ákært skuli í málum eða þau felld niður, iðulega þína tilfinningu fyrir málunum eða koma ákvarðanirnar þér oft á óvart? Dæmi.
12. Staðfesta dómur, hvort sem um sé að ræða sýknu eða sakfellingu, iðulega þína tilfinningu fyrir málunum eða koma dómarnir þér oft á óvart? Dæmi.
13. Hvernig er staðið að réttargæslu og vörn í nauðgunarmálum?
14. Er hægt að standa betur að þessum málaflokki innan réttarkerfisins? Ef svo er, með hvaða hætti?
15. Hvernig hefur þú upplifað þá fjölmiðlaumræðu um nauðgunarmál (kynferðisbrotamál) sem átt hefur sér stað með reglulegu millibili á síðustu árum?
16. Hver er þín persónulega upplifun að starfa við meðferð nauðgunarmála?



## VIÐTALSVÍSIR FYRIR RÉTTARGÆSLUMENN

1. Hvað hefurðu starfað lengi við meðferð nauðgunarmála (kynferðisbrotamála). Hvað, ef eitthvað, hefur breyst á þeim tíma? Dæmi.
2. Af hverju ákvaðstu að verða réttargæslumaður?
3. Hvað einkennir nauðgunarbrotin að þínu mati? Bæði í samanburði við önnur kynferðisbrot og í samanburði við aðra brotaflokk. Dæmi.
4. Hafa brotin tekið breytingum á síðustu árum? Hver er þín upplifun? Dæmi
5. Er vel staðið að rannsókn nauðgunarmála hjá lögreglu að þínu mati?
6. Er vel staðið að meðferð nauðgunarmála hjá ríkissaksóknara að þínu mati?
7. Hvað einkennir „veik“ mál og hvað einkennir „sterk“ mál að þínu mati?
8. Þurfa brotaþolar í nauðgunarmálum (kynferðisbrotamálum) annars konar eða meiri þjónustu en brotaþolar í öðrum brotaflokkum?
9. Er vel staðið að vörn í nauðgunarmálum?
10. Hefur breytingin á nauðgunarákvæðinu árið 2007 haft þýðingu á meðferð málanna innan réttarkerfisins að þínu mati?
11. Hefur tilkoma sakamálalaganna (nr. 88/2008) haft einhver áhrif á meðferð nauðgunarmála?
12. Hafa orðið breytingar á sönnunarmati í nauðgunarmálum (eða öðrum kynferðisbrotamálum) á undanförunum árum?
13. Hefur mat á ásetningi í nauðgunarmálum (eða öðrum kynferðisbrotamálum) breyst á undanförunum árum? Ef svo, þá hvernig?
14. Hvernig myndir þú lýsa dómaþróun í nauðgunarbrotamálum (og öðrum kynferðisbrotamálum) á undanförunum árum og í hvaða átt erum við að stefna?
15. Nú notar dómari sína „heilbrigðu skynsemi“ og „mannlegu reynslu“ til að dæma í málum. Að hve miklu leyti skiptir þar af leiðandi persóna dómarans og hans mannlega reynsla máli í ólíkum brotaflokkum?
16. Nú er ljóst að lítill hluti nauðgunarmála ratar alla leið í gegnum réttarkerfið, er það eðlilegt að þínu mati? Er hægt að standa betur að þessum málaflokki innan réttarkerfisins? Með hvaða hætti?
17. Væri æskilegt að leita annarra leiða við meðferð sumra nauðgunarmála, innan réttarkerfisins eða utan? (t.d. uppbyggileg réttvísi og/eða einkamál - miskabætur)
18. Hvernig hefur þú upplifað opinbera umræðu um nauðgunarmál (kynferðisbrotamál) sem átt hefur sér stað með reglulegu millibili á síðustu árum?
19. Hver er þín persónulega upplifun á að vinna með þessi mál? Dæmi.

## VIÐTALSVÍSIR FYRIR ÁKÆRENDUR

1. Hvað hefurðu starfað lengi við meðferð nauðgunarmála (kynferðisbrotamála). Hvað, ef eitthvað, hefur breyst á þeim tíma? Dæmi.
2. Hvað einkennir kynferðisbrotin að þínu mati? Bæði í samanburði við aðra brotaflokkka. Dæmi.
3. Hafa brotin tekið breytingum á síðustu árum? Hver er þín upplifun? Dæmi
4. Eru málin sem berast frá lögregluembættunum alla jafna nægilega vel rannsökuð?
5. Hafði tilkoma kynferðisbrotadeildar/rannsóknardeilda áhrif á verklag við rannsóknir nauðgunarmála (kynferðisbrotamála)? Með hvaða hætti?
6. Eru mál þar sem erlendir sakborningar eiga í hlut á einhvern hátt ólík málum þar sem íslenskir sakborningar eiga í hlut?
7. Með hvaða hætti er ákvarðað hvaða saksóknari fær hvaða mál?
8. Hvaða þættir auka líkur á að ákæra sé gefin út? Dæmi.
9. Er vel staðið að réttargæslu í nauðgunarmálum?
10. Er vel staðið að vörn í nauðgunarmálum? Telur þú að halli á rétt sakborninga í nauðgunarmálum?
11. Hefur breytingin á nauðgunarákvæðinu árið 2007 haft þýðingu á meðferð málanna?
12. Hefur tilkoma sakamálaganna (nr. 88/2008) haft einhver áhrif á meðferð nauðgunarmála?
13. Hafa orðið breytingar á sönnunarmati í nauðgunarmálum á undanförunum árum?
14. Hefur mat á ásetningi í nauðgunarmálum breyst á undanförunum árum? Ef svo, þá hvernig?
15. Hvernig myndir þú lýsa dómaþróun í nauðgunarbrotamálum á undanförunum árum og í hvaða átt erum við að stefna?
16. Nú notar dómari sína „heilbrigðu skynsemi“ og „mannlegu reynslu“ til að dæma í málum. Að hve miklu leyti skiptir þar af leiðandi persóna dómarans og hans mannlega reynsla máli?
17. Nú er ljóst að lítil hluti nauðgunarmála ratar alla leið í gegnum réttarkerfið, er það eðlilegt að þínu mati? Er hægt að standa betur að þessum málaflokki innan réttarkerfisins? Með hvaða hætti?
18. Væri æskilegt að leita annara leiða við meðferð sumra nauðgunarmála, innan réttarkerfisins eða utan? (t.d. uppbyggileg réttvísi og/eða einkamál - miskabætur)
19. Hvernig er samstarfi ríkissaksóknara háttað við aðra fagaðila sem koma að málaflokknum, t.a.m. Neyðarmóttöku, Barnahús, lögreglu, barnaverndaryfirvöld, frjáls félagasamtök?
20. Hvernig hefur þú upplifað opinbera umræðu um nauðgunarmál sem átt hefur sér stað með reglulegu millibili á síðustu árum?
21. Hver er þín persónulega upplifun á að vinna með þessi mál? Dæmi.

## VIÐTALSVÍSIR FYRIR VERJENDUR

1. Hvað hefurðu starfað lengi sem verjandi í nauðgunarmálum (kynferðisbrotamálum)?
2. Er það að einhverju leyti ólíkt að verja sakborninga í nauðgunarmálum eða í annars konar sakamálum? Dæmi.
3. Hafa orðið breytingar á nauðgunarbrotum, eða meintum nauðgunarbrotum, á síðustu árum?
4. Er vel staðið að rannsókn nauðgunarmála hjá lögreglu að þínu mati?
5. Er vel staðið að meðferð og saksókn nauðgunarmála hjá ríkissaksóknara að þínu mati?
6. Telur þú að það halli á rétt sakborninga í nauðgunarmálum? Að hvaða leyti?
7. Er vel staðið að réttargæslu í nauðgunarmálum?
8. Að hvaða þáttum beinir þú helst vörn þinni í nauðgunarmálum?
9. Hefur breytingin á nauðgunarákvæðinu árið 2007 haft þýðingu á meðferð málanna innan réttarkerfisins?
10. Hefur tilkoma sakamálalaganna (nr. 88/2008) haft einhver áhrif á meðferð nauðgunarmála?
11. Hafa orðið breytingar á sönnunarmati í nauðgunarmálum (eða öðrum kynferðisbrotamálum) á undanförunum árum?
12. Hefur mat á ásetningi í nauðgunarmálum (eða öðrum kynferðisbrotamálum) breyst á undanförunum árum? Ef svo, þá hvernig?
13. Hvernig myndir þú lýsa dómaframkvæmd í nauðgunarbrotamálum (og öðrum kynferðisbrotamálum) á undanförunum árum og í hvaða átt erum við að stefna?
14. Nú notar dómari sína „heilbrigðu skynsemi“ og „mannlegu reynslu“ til að dæma í málum. Að hve miklu leyti skiptir þar af leiðandi persóna dómarans og hans mannlega reynsla máli í ólíkum brotaflokkum?
15. Nú er ljóst að lítill hluti nauðgunarmála ratar alla leið í gegnum réttarkerfið, er það eðlilegt að þínu mati?
16. Er hægt að standa betur að þessum málaflokki innan réttarkerfisins? Með hvaða hætti?
17. Væri æskilegt að leita annara leiða við meðferð sumra nauðgunarmála, innan réttarkerfisins eða utan? (t.d. uppbyggileg réttvísi og/eða einkamál - miskabætur)
18. Hvernig hefur þú upplifað opinbera umræðu um nauðgunarmál (kynferðisbrotamál) sem átt hefur sér stað með reglulegu millibili á síðustu árum?
19. Hver er þín persónulega upplifun á að vinna með þessi mál? Dæmi.

## VIÐTALSVÍSIR FYRIR DÓMARA

1. Hvað hefurðu starfað lengi við meðferð nauðgunarmála (kynferðisbrotamála)?
2. Hvað einkennir nauðgunarbrotin að þínu mati? Bæði í samanburði við önnur kynferðisbrot og í samanburði við aðra brotaflokk. Dæmi.
3. Hafa brotin tekið breytingum á síðustu árum? Hver er þín upplifun? Dæmi.
4. Eru nauðgunarmál sem fara fyrir dóm alla jafna nægjanlega vel rannsökuð? Ef ekki, á hvaða sviðum mætti helst styrkja rannsóknir mála? Dæmi.
5. Í málum þar sem brotþolar eru 14 ára og yngri ákveður dómari hvar skýrslutaka af barni fer fram, þ.e. ýmist í Barnahúsi eða fyrir dómi. Hvaða viðmið notar þú við þá ákvörðun?
6. Er vel staðið að saksókn í nauðgunarmálum?
7. Er vel staðið að réttargæslu í nauðgunarmálum?
8. Er vel staðið að vörn í nauðgunarmálum?
9. Hafa orðið breytingar á sönnunarmati í nauðgunarmálum á undanförnum árum?
10. Hefur mat á ásetningi í nauðgunarmálum (eða öðrum kynferðisbrotamálum) breyst á undanförnum árum? Ef svo, þá hvernig?
11. Hvernig myndir þú lýsa dómaþróun í nauðgunarbrotamálum á undanförnum árum og í hvaða átt erum við að stefna?
12. Hefur breytingin á nauðgunarákvæðinu árið 2007 haft þýðingu á meðferð málanna innan réttarkerfisins?
13. Hefur tilkoma sakamálaganna (nr. 88/2008) haft einhver áhrif á meðferð nauðgunarmála?
14. Nú notar dómari sína „heilbrigðu skynsemi“ og „mannlegu reynslu“ til að dæma í málum. Að hve miklu leyti skiptir þar af leiðandi persóna dómars og hans mannlega reynsla máli?
15. Sönnunarmat dómara á að vera óháð félagslegri stöðu, aldri, kyni og framkomu brotþola og sakborninga. Hvaða þjálfun hljóta dómarar til að tryggja að svo sé?
16. Er dómurum gefinn kostur á aflu sér aukinnar sérþekkingar þegar kemur að nauðgunarmálum?
17. Nú er ljóst að lítil hluti nauðgunarmála ratar alla leið í gegnum réttarkerfið, er það eðlilegt að þínu mati? Er hægt að standa betur að þessum málaflokki innan réttarkerfisins? Með hvaða hætti?
18. Væri æskilegt að leita annara leiða við meðferð sumra nauðgunarmála, innan réttarkerfisins eða utan? (t.d. uppbyggileg réttvísi og/eða einkamál - miskabætur)
19. Hvernig hefur þú upplifað opinbera umræðu um nauðgunarmál (kynferðisbrotamál) sem átt hefur sér stað með reglulegu millibili á síðustu árum?
20. Hver er þín persónulega upplifun á að vinna með þessi mál? Dæmi.